

**SKOÐUN** 2007 er komið á færibandið og færist nær, skrifar Sighvatur Björgvinsson fv. ráðherra. 15



**MENNING** Hætt hefur verið við framleiðslu á kvikmyndinni Sveppi og Gói bjarga málunum. 30



**SPORT** Baldur Sigurðsson finnur sig einstaklega vel í appelsínugulum varabúningi KR-liðsins 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
15. maí 2013
113. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



### Skökk verðlagning

Gjaldeyrishöftin skekkja alla verðmyndun á hlutabréfum og öðrum eignum. Vegna skorts á fjárfestingarkostum er hætt við hækkunum umfram fyrirséðan arð af eignum.

## FRÉTTIR

**Bókasafn verður íbúðarhús** Regnbogabörn eru flutt úr gamla bókasafninu í Hafnarfirði. Breyta á húsinu í íbúðarhúsnæði. 2

**Ómetanlegar skemmdir** Búið er að valda óbætanlegum skaða á flestum merkustu hraunhellum landsins. 4

**Seðlalaust samfélag** Yfir 70% af daglegum útgjöldum íslenskra heimila eru greidd með greiðslukortum. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | NA | 5 |
| Akureyri | 2° | NA | 2 |
| Egilsstaðir | 1° | NNV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | A | 1 |
| Reykjavík | 9° | NV | 4 |

**Úrkomulítið** Í dag eru horfur á norð- og norðaustlægum áttum, víða 3-10 m/s. Skýjað N- og A-lands en öllu bjartara yfir syðra. Hlýjast inn til landsins SV-til. 4

## 4 SÉRBLÖÐ

Markaður | Sumarbústaðir | Stöð 2 | Fólk




# Gefa börnunum ofvirknilyf á daginn og svefnlyf á nóttunni

Borið hefur á að foreldrar barna með ADHD noti svefnlyf eða geðrofslyf fyrir börn sín vegna svefnvandamála sem stundum má rekja beint til aukaverkana ofvirknilyfja. Landlæknisembættið hefur áhyggjur af ofskömmtun.

**HEILBRIGÐISMÁL** Dæmi eru um að foreldrar barna með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD) noti geðrofslyf eða önnur svefnlyf til að vega á móti svefnvanda sem er algengur fylgifiskur sjúkdómsins. Oft má þó rekja vandann beint til ofvirknilyfja og aukaverkana þeirra.

„Við höfum áhyggjur af að verið sé að gefa börnum með svefnvanda svefnlyf og erum því að skoða þetta. Við erum líka að sjá notkun geðrofslyfja í sama tilgangi og teljum slíkt geta verið mjög alvarlegt. Slík notkun getur hæglega leitt til ofskömmtunar,“ segir Magnús Jóhannsson læknir, sem hefur eftirlit með lyfjaávísunum hjá Landlækni.

Svefntruflanir eru algengar hjá börnum með ADHD. Þau eru oft óróleg í svefni og hvílast því illa.

Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir á barna- og unglingageðdeild (BUGL), segir hefðbundin svefnlyf sjaldan notuð hjá börnum. Þess í stað sé notast við svokölluð andhistamínlyf eða ofnæmislyf með slævandi aukaverkunum eins og til dæmis Phenegan. Það slær á ofnæmisviðbrögð en hefur einnig umtalsverð róandi og svæfandi áhrif og er því oft ávísað sem svefnlyfi. Hann staðfestir aðspurður að einnig sé notast við geðrofslyfin Risperídón og Arípríprazol.

Geðrofslyfin eru eins og nafnið gefur til kynna notuð við alvarlegu geðrofi hjá fullorðnum. Verkun þeirra er mjög slævandi. Samkvæmt lyfjaskrá eru mögulegar aukaverkanir lyfjanna fjölmargar og langvarandi notkun þeirra getur haft alvarleg áhrif á taugakerfið.

maria@frettabladid.is

### AÐHALDSSAMIR Á SVEFNLYF



„Almennt eru læknar aðhaldssamir á svefnlyf til barna. Ef vandamál eru viðvarandi er hins vegar gripið til lyfjagjafar. Í sumum tilfellum er um aukaverkanir ofvirknilyfja að ræða og þá eru geðrofslyfin eða önnur lyf notuð á móti,“ segir **Ólafur Guðmundsson**.



**HROTIÐ Í GEGNUM HÁTALARA** Finnbogi Pétursson við gamlar hátalarabjöllur sem settar verða upp í Höggmyndagarðinum. „Þetta er aðallega þögn eða hægur andardráttur, brotinn upp með einstaka hrotu,“ segir Finnbogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýr hljóðskúlptúr:

## Hrotur borgarstjóra óma í miðborginni

**MENNING** Hljóðupptökur af nætursvefni Jóns Gnarr borgarstjóra eru meginuppistaðan í nýjum hljóðskúlptúr eftir Finnboga Pétursson myndlistarmann.



JÓN GNARR

Finnbogi fékk leyfi Jóns til að hljóðrita nætursvefn hans eina nótt. Afraksturinn verður leikinn á sýningu sem verður opnuð í Höggmyndagarðinum við Nýlendugötu á laugardag.

Upptakan er um átta stunda löng og verður leikin í sífellu fram í ágúst.

„Hugmyndin er að fólk komi í garðinn á hvaða tíma sem er, leggist og láti sig dreyma með borgarstjóranum,“ segir Finnbogi.

-bs / sjá síðu 22






Arnaldur Indriðason hefur selt bækur sínar í tveimur milljónum eintaka í Frakklandi:

# Svörtuloft slá í gegn hjá Frökkum

**MENNING** Arnaldur Indriðason rithöfundur hefur samanlagt selt bækur sínar í vel yfir tveimur milljónum eintaka í Frakklandi. Samkvæmt upplýsingum frá útgáfufélagi hans, Forlaginu, hafa bækur hans selst í langt yfir sjö milljónum eintaka um heim allan. Flestar bækur hefur glæpasagnahöfundurinn selt í Þýskalandi en ekki eru til tölur yfir fjölda seldra eintaka þar í landi sem stendur.

Svörtuloft eru mest selda glæpasaga Frakklands um þessar mundir en það sem er enn merkilegra er að bókin er næstmest selda skáldsaga Frakklands.

Svörtuloft kom út hjá Éditions Métailié fyrir ári, í þýðingu Erics Boury, og hjá vasabrotsforlaginu Points fyrir nokkrum dögum.




Þrjár aðrar bækur Arnaldar eru á glæpasagnalistanum, eða Bettý, Furðustrandir og Harðskafi. Næsta bók Arnaldar sem kemur út í Frakklandi er Konungsbók, sem verður gefin út í haust. Nýjasta bók hans, Reykjavíkurnætur, er nýkomin út í kilju hérlendis. Hún var mest selda bók síðustu jólavertíðar. -fb

### → 140.000 hillumetrar

Ef sjö milljón eintök af bókum Arnaldar væru sett á eina bókahillu, væri hún um 140 þúsund metrar og næði frá Reykjavík austur að Skógum undir Eyjafjöllum.




## SPURNING DAGSINS



Ármann, eru þessi áform að sigla í strand?

**Við leggjum ekki árar í bát og mætumst á miðri leið.**

Bæjarstóri Kópavogs um gagnrýni siglingafélaganna á fyrirhugaða göngubrú yfir Fossvog.

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP sendi frá sér nýjan ókeypis skotleik í gær:

# Skotleikurinn Dust 514 kominn á markað

**TÆKNI** Tölvuleikjaframleiðandinn CCP sendi frá sér nýjan skotleik, Dust 514, í gær. Leikurinn er gerður fyrir PlayStation 3 leikjavélar og gerist í sama sýndarheimi og fjölspilunarleikurinn Eve Online.

Dust 514 verður fáanlegur án endurgjalds í gegnum PSN-dreifikerfi Sony, og er þar með fyrsti leikur sinnar tegundar til að styðjast við nýtt viðskiptamódel, svokallaða „free to play“ útgáfu. Leikurinn sjálfur er þá fáanlegur án greiðslu en tekna verður aflað með sölu á vopnum, farartækjum og ýmsum öðrum varningi í leiknum sjálfum.

Framleiðendur leikja fyrir borðtölvur og fartölvur hafa sumir hverjir náð góðum árangri með „free to play“ útgáfu og eru slíkir titlar meðal þeirra stærstu í tölvuleikjaiðnaðinum í dag.

Dust 514 er fjölspilunarskotleikur þar sem spilarar berjast um landsvæði, auðlindir og áhrif og nota til þess herkænsku, áræðni og samskipti við aðra spilara. **-hó**



**SAMI SÝNDARHEIMUR** Leikurinn gerist á plánetum í sama sýndarheimi og Eve Online, fjölspilunarleikur CCP.



**FÖGNUÐUR** Sýrlenskir hermenn fögnuðu þegar þeir höfðu náð þorpinu Haydariyah á sitt vald. Þorpið er sjö kílómetrum fyrir utan borgina Qusayr, sem uppreisnarmenn hafa á valdi sínu. NORDICPHOTOS/AFP

Hryllilegar myndir sem sýna stríðsglæpi dreift á internetinu:

## Sjást skera hjartað úr óvininum

**SÝRLAND Myndir af sýrlenskum uppreisnarmönnum sem teknar hafa verið á farsíma og birst víða um heim hafa vakið mikinn óhug. Á myndunum má meðal annars sjá uppreisnarmennina leggja sér hjarta óvinar til munns, skera höfuð af fanga, og afskræma kynfæri á líki. Með aðstoð nútímatækni og internetaðgengi hefur fjöldi stríðsglæpa komið fyrir augu almennings og um leið dreift hatri og grimmd.**

**Voðaverkin nást ekki lengur aðeins á mynd með leynd heldur eiga gerendur það til að taka þau upp sjálfir með stolti til að auglýsa grimmd sína. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch fordæma myndirnar og segja þær hryllilegar og ómannúðlegar.** **-hó**

Kannabisræktun stöðvuð:

## Ræktaði með barnið heima

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu framkvæmdi húsleit á fjórum stöðum í austurborg Reykjavíkur á föstudag og lagði hald á fíkniefni og fjármuni. Kannabisræktun var stöðvuð í íbúð fjölbýlishúss, en lagt var hald á tæplega 70 kannabisplöntur, auk tuga gramma af tilbúnum kannabisefnum. Ræktunin var í tveimur herbergjum íbúðarinnar, en samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni var barn á heimilinu. Karl á þrítugsaldri var handtekinn í tengslum við málið. **-hó**

Ísraelar rústa byggðarlag:

## Nýr vegur ógnar lífsviðurværi

**ÍSRAEL** Sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna hvetur Ísraelsmenn til að stöðva þegar lagningu hraðbrautar sem þvera myndi samfélag Palestínumanna í Beit Safafa og ógna lífsviðurværi um 9.300 manns.

„Fyrirætlanirnar gera ráð fyrir 1,5 kílómetra langri sex akreina hraðbraut sem veldur óbætanlegum skaða á samfélaginu, lokar staðarvegum og útilokar aðgang að leikskólum, skólum, heilsugæslustöðvum, skrifstofum og tilbeiðslustöðum,“ segir Richard Falk, eftirlitsmaður með mannréttindum á svæðum Palestínumanna sem hernumin hafa verið síðan 1967. **-óká**

# Breyta gamla bókasafninu í íbúðarhús

Vífilfell hefur selt bókasafnið í Hafnarfirði sem Regnbogabörn notuðu undir starfsemi sína. Til stendur að breyta húsinu í íbúðarhúsnæði en til þess þarf að breyta aðalskipulagi. Húsið var komið til ára sinna en því verður komið í upprunalegt horf.

**HAFNARFJÖRÐUR** Til stendur að breyta gamla bókasafninu í Hafnarfirði, sem stendur við Mjósund 10, í íbúðarhúsnæði. Húsið hýsti áður samtökin Regnbogabörn og félagsmiðstöð fyrir unglinga 16 ára og eldri.

Eignarhaldsfélagið Mjósund 10 ehf. hefur sótt um heimild til skipulags- og byggingaráðs um breytinga á aðalskipulagi en samkvæmt núgildandi skipulagi er aðeins gert ráð fyrir að stofnanir séu í húsinu. Samkvæmt fundargerð ráðsins er tekið vel í hugmyndina og lagt til að bæjarstjórn vinni að málinu. Húsið er inni í miðju íbúðahverfi.

Mjósund 10 er sögufrægt hús. Það var vígt sem bókhlaða þann 31. maí árið 1956 en arkitekt þess var Sigurður J. Ólafsson bæjarverkfræðingur. Bókasafn Hafnarfjarðar hafði aðsetur í húsinu en flutti í nýtt húsnæði við Strandgötu árið 2002.

Vífilfell keypti húsið sama ár og afhenti það samtökunum Regnbogabörnum til afnota. Kaupverðið var þá 26 milljónir króna. Regnborgabörn höfðu aðsetur á efri hæð hússins en félagsmiðstöð fyrir unglinga 16 ára og eldri var rekin í húsinu þar til um síðustu áramót.



**STEFÁN KARL STEFÁNSSON**

Að sögn Stefáns Karls Stefánssonar, formanns Regnbogabarna, rann þjónustusamningur samtakanna við Hafnarfjarðarbæ út. Þar með hafi grundvöllurinn fyrir samtökin að halda úti tæplega 600 fermetra húsi brostið og því hafi þau flutt í nýtt húsnæði við Stapahraun. Húsið hafi auk þess verið komið verulega til ára sinna og viðhaldið verið kostnaðarsamt fyrir samtökin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur til að koma gamla bókasafninu í upprunalegt horf og ekki stendur til að selja það áfram.

kristjan@frettabladid.is



**GAMLA BÓKASAFNIÐ** Til stendur að koma gamla bókasafninu í upprunalegt horf. Eignarhaldsfélagið Mjósund 10 keypti húsið en að baki því standa Kristín Reynisdóttir og sonur hennar Ástþór Reynir Guðmundsson, fasteignasali hjá Remax. MYND/BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR

**44 ár** Bókasafn Hafnarfjarðar var með aðsetur í húsinu í 44 ár en flutti í nýtt húsnæði árið 2002.






Sigmundur Davíð segir grunnvinnu í viðræðum við Sjálfstæðisflokk lokið:

# Segir ríkið verr statt en sagt var

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, heldur því fram að fjárhagsstaða ríkisins sé fjarri því að vera jafn góð og fráfarandi ríkisstjórn hélt fram í aðdraganda kosninga. Tekjur ríkisins verði fyrirsjáanlega minni en haldið var fram og fyrirhuguð verkefni fjárfrekari.

Þetta kom fram í viðtölum við fjölmiðla eftir fund með þingflokki Framsóknar í gærdag.

Í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 sagði hann grunnvinnu í stjórnarmyndunarviðræðum við Sjálfstæðisflokkinn lokið en ekkert lægi þó fyrir um skiptingu ráðuneyta á milli flokkanna. Eins og komið hefur fram hefur verið rætt um fjölgun ráðuneyta, meðal annars með því að skipta upp atvinnuvega- og velferðarráðuneytinu. Útfærsla slíkra breytinga liggur þó ekki fyrir.

Í frétt Stöðvar 2 er haft eftir Sigmundi að hann meti stöðuna sem svo að fráfarandi ríkisstjórn hafi beitt blekkingum er varða fjárhagsstöðu ríkisins. Aðspurður hvort ekki væri um opinberar upplýsingar að ræða sem mönnum hefðu átt að vera kunnugt um svaraði Sigmundur að sumt hefðu menn þegar séð, annað ekki. Spurður um upphæðir telur Sigmundur að um tugi milljarða misræmi sé að ræða. **-shá**



**FUNDAÐ** Þingflokkur Framsóknar kom saman í gær og fór yfir stöðu stjórnarmyndunarviðræðna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

www.peugeot.is

# PEUGEOT 208

# 3,4 L/100KM




Myndin sýnir **Peugeot 208** í Allure útfærslu.

## PEUGEOT 208

KOSTAR FRÁ KR.

## 2.490.000



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## GENGIÐ 13.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,01 | 120,59 |
| Sterlingspund | 184,45 | 185,35 |
| Evra | 155,76 | 156,64 |
| Dönsk króna | 20,896 | 21,018 |
| Norsk króna | 20,662 | 20,784 |
| Sænsk króna | 18,184 | 18,29 |
| Japanskt jen | 1,181 | 1,188 |
| SDR | 179,79 | 180,87 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 212,8443

Steingrímur J. Sigfússon, fráfarandi ráðherra, skrifar í Financial Times:

# Segist gáttaður á kosningunum

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, fráfarandi atvinnuvegaráðherra, skrifaði grein sem birtist á vefsíðu Financial Times í gærkvöldi þar sem hann veltir upp þeirri spurningu hvort stjórnmálamenn geti mætt óraunhæfum væntingum kjósenda í Evrópu á tímum niðurskurðar.

Hann bendir á að jafnvel þótt stjórnvöld á Íslandi hafi verið gerð að fyrirmynd um hvernig takast ætti á við efnahagshrun hafi flokkarnir tveir sem margir vilja kenna um hrunið aftur verið kosnir til valda. Hann segir þetta vekja upp grundvallarspurningar og spyr hvort einhver stjórnmálamaður geti uppfyllt óraunhæfar væntingar kjósenda í Evrópu.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur segir að þrátt fyrir að hagvöxtur hafi vænkast, verðbólga minnkað, gjaldmiðillinn komist í betra jafnvægi og atvinnuleysi minnkað um helming hafi þáverandi ríkisstjórn beðið afhroð í nýliðnum kosningum. Erfitt sé að svara hvers vegna en sumir vilji meina að hún hafi ekki auglýst árangur sinn nægilega vel. Steingrímur segir að stjórnmálamenn í Evrópu eigi mikið verk fyrir höndum. Þær ákvarðanir sem þeir þurfi að takast á við séu ekki líklegar til vinsælda því kjósendur vilji árangur strax. **- hó**

Uppgötvun vísindamanna:

# Baktería lausn við ofþyngd

**VÍSINDI** Of þungar mýs léttust þegar þær fengu viðbótarskammt af bakteríunni Akkermansia muciniphila sem er í meltingarfærunum. Ónæmi músanna gagnvart insúlíni minnkaði jafnframt en það er eitt helsta einkenni sykursýki 2, að því er segir í frétt á vef BBC.

Vísindamennirnir sem gerðu rannsóknina hafa hug á að kanna hvort bakterían hafi sömu áhrif á menn. Engar breytingar voru gerðar á mataræði músanna. **- ibs**



**FRÁ UNDIRRITUN** Páll Á. Jónsson, frá Mílu og Jörundur Valtýsson frá utanríkisráðuneytinu skrifa undir. MYND/MÍLA

Lengt í þjónustusamningi:

## Ljósleiðari umhverfis landið

**FJARSKIPTI** Míla og utanríkisráðuneytið hafa undirritað samning um eignarhald og rekstur á ljósleiðara sem liggur umhverfis landið, en ljósleiðarinn var lagður á vegum Atlantshafsbandalagsins. Í samningnum er skýrt kveðið á um eignarhald á þeim átta þráðum sem eru í ljósleiðaranum og réttindi og skyldur sem þeim fylgja. Míla fer með eignarhald á fimm þessara þráða en utanríkisráðuneytið hefur umsjá með þremur fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins.

Einnig er samið við Mílu um áframhaldandi þjónustu við umrædda þrjá þræði í umsjá ríkisins. Um er að ræða endurnýjun á fyrri samningi. **-ósk**

**UMFERÐ**

### Rúta lokaði vegi

Þjóðvegur 1 milli Breiðdalsvíkur og Egilsstaða lokaðist um tíma í gær þegar 50 manna rúta fór þversum á veginum innst í Breiðdal við Breiðdalsheiði. Björgunarsveit frá Breiðdalsvík kom til aðstoðar.

**LEIÐRÉTT:**

Rangt var farið með ártal í frétt blaðsins í gær um hrun aðsóknar til kennaranáms. 156 var hafnað um skólavist árið 2006. Beðist er velvirðingar á villunni.

# Ómetanlegir hraunhellar þegar verið stórskemmdir

Frjáls umferð almennings og ferðaþjónustufyrirtækja hefur valdið óbætanlegum skaða á flestum merkustu hraunhellum landsins. Grípa þarf til heildarfriðlýsingar að mati samráðsnefndar og loka tugum hella án tafar.

**NÁTTÚRA** Óbætanlegur skaði hefur verið unninn á flestum merkustu hraunhellum landsins. Frjáls umferð almennings og ferðaþjónustufyrirtækja í flesta þekkta hella landsins hefur haft þetta í för með sér.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu samráðsnefndar umhverfis- og auðlindaráðherra um verndun hella. Megintillaga nefndarinnar er að allir hraunhellar í landinu verði friðlýstir með heildarfriðun.



**ÁRNI B. STEFÁNSSON**

Árni B. Stefánsson, augnlæknir og hellakönnuður, segir að á síðustu árum hafi ágangur í þekktum hellum stóraukist ár frá ári. Því hafi fylgt hraðari og meiri hrörnun þessara einstöku náttúrufyrirbæra en nokkru sinni fyrr. Hann segir að fjöldi hraunhella á landinu sé á sjötta hundrað að minnsta kosti en ástandið í dag sé með þeim hætti að þorri allra hraunhella í landinu liggi undir skemmdum vegna mannaferða. Sem dæmi nefnir hann alla stóru hellana sem margir þekkja; Surtshelli, Stefánshelli, Raufarhólshelli, Víðgelmi og Borgarhelli.

„Þetta eru merkilegustu hellarnir og það er búið að brjóta og fjarlægja allar hraunmyndanir sem þar var að finna í hundraða vís. Þessar skemmdir hafa verið viðvarandi um árabil og ef heldur áfram sem horfir munu þeir hellar sem eftir eru smám saman verða rúnir þeim sérkennum sem þá prýða,“ segir Árni og vísar til sérkenna hellanna eins og dropasteina og hraunstráa.



**SURTSHELLIR** Einn þekktasti hraunhellir landsins sem hefur, eins og margir fleiri, tapað miklu af gildi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni segir að ástandið sé með hreinum ólíkindum hér á landi. Nú séu staðsetningarhnit flestra hraunhella landsins aðgengileg í bókum og á netinu, en erlendis er þessu þveröfugt farið og almennt er staðsetning þeirra einfaldlega ekki gefin upp. „Að gefa upp staðsetningu hellis með þessum hætti er ávísun á skaða og ekkert annað, því miður.“ Árni bætir því við að verndargildi íslenskra hraunhella sé mjög mikið á heimsvísu, enda sé meirihluta slíkra hella hér að finna.

Í skýrslunni segir að enn sé töluvert eftir af viðkvæmum og fallegum hellum á landinu en þeir séu jafnt og þétt að skemmast vegna óheftrar umferðar. Þess vegna eru tillögur nefndarinnar um allsherjarfriðun komnar til. Þá segir jafnframt að helsta og raunar eina ógnin við þau náttúruundur sem fólgin eru í íslenskum hellum er umferð manna. „Ástandið, sem einkennist af stöðugum og vaxandi skemmdum, er óviðunandi og kallar á róttæk viðbrögð sem hlýtur að miðast við að forða frekara tjóni jafnhliða því að fólk geti áfram notið þeirrar náttúru sem í hellunum býr.“

**svavar@frettabladid.is**

## Tillögur samráðsnefndar

Megintillaga nefndarinnar er að allir hraunhellar í landinu verði friðlýstir með heildarfriðun. Hellar verði greindir í þrjá flokka eftir stigi friðunar.

- **Lokaðir hellar:** Hellar sem eru lokaðir allri almennri umferð. Umgengni og rannsóknir eru háðar reglum sem setja þarf fyrir hvern helli. Lagt er til að 24 hellum verði lokað fyrir allri umferð svo fljótt sem auðið er.
- **Sýningarhellar:** Hellar sem eru opnir ferðafólki í fylgd leiðsögumanna. Umgengni og rannsóknir eru háðar reglum sem setja þarf fyrir hvern helli.
- **Opnir hellar:** Hellar sem eru öllum opnir án eftirlits. Umgengni og rannsóknir eru háðar reglum sem setja þarf fyrir hvern helli, en stýra og bæta þarf aðgengi að hellunum og umgengni innan þeirra.


# SÆVAR CIESIELSKI

## segir sögu sína






Bókin byggir á fangelsispappírum Sævars Ciesielskis.

Æska og unglingsár Sævars.

Aðdragandi Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Gæsluvarðhaldið.

Dramatísk frásögn af einu frægasta sakamáli Íslandssögunnar.

SKRUDDA


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGT HLÝNANDI** Í dag og á morgun ríkja norðlægar áttir með nokkuð björtu veðri um sunnanvert landið en á föstudaginn snýst vindur í suðaustanátt. Ekki verða ýkja miklar breytingar á hitastigi en það hlýnar þó lítillega á norðanverðu landinu.




**Á morgun**
Víða 3-8 m/s.




**Föstudagur**
Strekkingur V-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Berlín | 25° | Friedrichshafen | 23° | Las Palmas | 22° | New York | 18° | París | 16° |
| Aþena | 25° | Billund | 19° | Gautaborg | 16° | London | 12° | Orlando | 28° | San Francisco | 20° |
| Basel | 20° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 16° | Mallorca | 22° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 13° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

FLOGIÐ **2X Í VIKU** Í ALLT SUMAR!

# BARCELONA & COSTA BRAVA



## Lloret de Mar

**7 NÆTUR**

FRÁ: **114.900** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Hótel Anabel í fjórbýli með hálfu fæði. **Verð á mann:** 141.500 kr. m.v. 2 fullorðna. **Brottför:** 24. júní.

## Tossa de Mar

**7 NÆTUR**

FRÁ: **117.700** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði á Hótel Costa Brava. **Verð á mann:** 140.500 kr. m.v. 2 fullorðna. **Brottför:** 1. júlí.

## Barcelona

**7 NÆTUR**

FRÁ: **130.500** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunmat á Hótel San Agustin. **Brottför:** 12. júlí.

## Strönd & Borg

**10 NÆTUR**

FRÁ: **150.700** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna í 7 nætur í tvíbýli með hálfu fæði á Hótel Plaza Paris í Lloret de Mar og 3 nætur á Villarroel með morgunmat í Barcelona. **Brottför:** 28. júní.

**A.T.H. EINUNGIS HÆGT AÐ BÓKA Á SÖLUSKRIFSTOFU!**

**Sólarströnd og spennandi heimsborg í einni ferð!**

Við fljúgum tvisvar í viku til Barcelona í sumar og vegna nálægðar við Costa Brava svæðið (Llorte de Mar og Tossa de Mar) er spennandi tækifæri að blanda saman sólarlandaferð við spennandi heimsborg. Hafðu samband við söluskrifstofu okkar og við setjum upp ferðina eftir þínum hentugleika!

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

ÚRVAL·ÚTSÝN

## VEISTU SVARIÐ?



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1.** Hvað sóttu margir um að komast í kennaranám í fyrra?
**2.** Hversu margir vildu komast í kennaranám árið 2006?
**3.** Síðan hvenær eru elstu þúsund króna seðlarnir sem enn eru í umferð?

**SVÖRIN**

**1.** Tvö hundruð og þrír. **2.** Fjögur hundruð og nítján. **3.** Nítján hundruð áttatíu og fjögur.

Minnesota í Bandaríkjunum er tólfta ríkið til að bæta réttindi samkynhneigðra para:

# Samkynhneigðir fá að gifta sig í Minnesota

**BANDARÍKIN** Hjónabönd samkynhneigðra verða leyfð í Minnesota í Bandaríkjunum frá og með ágúst á þessu ári. Þetta var samþykkt á þinginu á mánudaginn, eftir atkvæðagreiðslu. Atkvæðin voru 37 á móti 30, að sögn fréttavefjar New York Times.

Minnesota verður þannig tólfta ríki Bandaríkjanna til að leyfa hjónabönd samkynhneigðra. Minnesota verður jafnframt fyrsta ríkið í Miðvesturríkjunum til að breyta lögunum án atbeina dómstóla. Iowa neyddist til að leyfa hjónabönd samkynhneigðra eftir úrskurð dómstóla árið 2009.

Þessar lagabreytingar verða að teljast mikill sigur fyrir fylgjendur hjónabanda samkynhneigðra því að árið 2012 voru uppi umræður í Minnesota um að takmarka hjónabönd við hjónaband karls og konu.

Ríkin á austurströnd Bandaríkjanna hafa verið iðnari en miðríkin við að breyta lögunum, en fylgjendur lagabreytinganna vona að með þessu sé leiðin greidd fyrir fleiri ríki.

Hundruð söfnuðust saman í þinghúsinu í Minnesota á mánudaginn, syngjandi, með skilti og frammíköll. Það var þannig tilfinningaþrungin stund þegar ljóst var að lögunum yrði breytt.

- ósk



**GLEÐISTUND** Þingið í Minnesota samþykkti ný lög sem leyfa hjónabönd samkynhneigðra.


## Aðalfundur

Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði



Fríkirkjan í Hafnarfirði 100 ára 1913-2013

**Aðalfundur Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði verður haldinn mánudagskvöldið 3. júní 2013 kl. 20 í kirkjunni.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

***Safnaðarstjórn***


# Ísland nánast orðið seðlalaust samfélag

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, segir yfir 70% af daglegum útgjöldum íslenskra heimila greidd með greiðslukortum á móti 25% að meðaltali annars staðar í Evrópu. Hann telur umbóta þörf á samkeppnisumhverfi á Íslandi.



**NÝTUR TRAUSTS** Dagleg útgjöld Íslendinga fara flest fram í gegnum greiðslukort.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**EFNAHAGSMÁL** „Kostirnir við það að nota greiðslukort frekar en seðla eru til að mynda aukið gegnsæi í viðskiptum, minna er skotið undan skatti, aukin þægindi sem felast í því að þurfa ekki að hafa með sér reiðufé, minni hætta á að glata verðmætum og minni líkur á innbrotum í verslanir,“ segir Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors. Yfir 70% af daglegum útgjöldum íslenskra heimila eru greidd með greiðslukortum samanborið við 25% að meðaltali annars staðar í Evrópu.



**VIÐAR ÞORKELSSON**

Viðar segir að íslenska greiðslumiðlunarkerfið hafi aðra merka sérstöðu. Kerfið hafi byggst á íslenskum hugbúnaðarlausnum frá upphafi og aðkomu kortafyrirtækja, banka og kaupmanna. „Kerfið nýtur trausts og góðrar samvinnu allra hagsmunaaðila, ekki síst neytenda og fyrirtækja,“ segir hann. Þessi þróun á ekki bara við um viðskipti við búðarborð. Netverslun verður sífellt algengari og greiðslukortanotkun meiri fyrir vikið. Viðar segir þessar staðreyndir og fleiri sýna hversu sterkum rótum innlenda greiðslumiðlunarkerfið hefur skotið meðal íslensku þjóðarinnar.

Viðar gengur svo langt að segja Ísland í fararbroddi í þessum efnum. Þannig hafi íslenska greiðslumiðlunarkerfið vakið athygli erlendis og sé samkeppnishæft við kerfi miklu stærri markaða í nágrannalöndum. Kerfið sé eitt það hagkvæmasta sinnar tegundar í Evrópu, bæði fyrir söluaðila og neytendur. „Kerfið hefur þá sérstöðu að tímabilaskiptingin og vaxtalaus greiðslufrestur hindrar óhóflega skuldsetningu neytenda og þá vaxtabyrði sem af því leiðir og telst víða neikvæður fylgifiskur kortanotkunar,“ bætir hann við.

Að undanförnu hefur verið unnið að nýju uppgjörskerfi Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn verður nýr miðlægur uppgjörsaðili í kortaviðskiptum á þessu ári. Þetta opnar markaðinn og auðveldar nýjum aðilum að koma inn á hann. Viðar segir þetta hlut í þeirri þróun sem hafi orðið á Íslandi síðustu ár, að markaðurinn sé opnari og samkeppni heilbrigð. Þannig sé neytendum boðin góð þjónusta á lágu verði.

> **Kerfið nýtur trausts og góðrar samvinnu allra hagsmunaaðila, ekki síst neytenda og fyrirtækja.**
>
> *Viðar Þorkelsson forstjóri Valitors*

Viðar segist vilja setja á fót samstarfsvettvang stjórnvalda og aðila kortamarkaðarins til að fara yfir mögulega framþróun og umbætur á samkeppnisumhverfinu. Hann óskar jafnframt eftir aðkomu og leiðbeinandi innleggi frá Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og fleirum, en Valitor var nú á dögunum gert að greiða 500 milljóna króna sekt fyrir alvarleg brot á samkeppnislögum. Valitor hafnaði þessum ásökunum Samkeppniseftirlitsins á þeim tíma.

olof@frettabladid.is






Samningur Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélagsins tekur gildi í dag:

# Börn fá ókeypis tannlækningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar barna tekur gildi í dag. Tannlækningar barna verða greiddar að fullu af SÍ fyrir utan 2.500 króna árlegt komugjald. Forsenda greiðsluþátttöku SÍ er skráning heimilistannlæknis. Hlutverk heimilistannlæknis er meðal annars að boða börn í reglulegt eftirlit, sjá um forvarnir og aðrar nauðsynlegar tannlækningar þeirra. SÍ munu gera foreldrum kleift að skrá barn hjá ákveðnum heimilistannlækni á rafrænan hátt í Réttindagátt SÍ.

Samningurinn gildir til 30. apríl 2019. Í upphafi tekur samningurinn til fimmtán til sautján ára barna. Þann 1. september næstkomandi munu þriggja, tólf, þrettán og fjórtán ára börn bætast við. Í áföngum munu öll börn síðan falla undir samninginn. Þau börn sem samningurinn nær ekki strax til eiga rétt á greiðsluþátttöku frá Sjúkratryggingum Íslands.

Samningurinn tekur einnig til barna í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður þótt þau falli ekki undir ofangreind aldursmörk. Markmiðið er að öll börn fái nauðsynlega tannlæknaþjónustu og að tannheilsa barna verði eins og best gerist á Norðurlöndunum.

-hó



**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR** Frá og með deginum í dag mun tannlæknaþjónusta barna verða greidd að fullu, þó í áföngum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Grillað með Jóa Fel

## Ný og stórglæsileg grillbók kemur í verslanir á morgun.

Í bókinni er fjöldi uppskrifta af ómótstæðilega góðum grillmat fyrir alla grillara.
Bókin er í stóru broti, ríkulega myndskreytt og á fjórðahundrað blaðsíður.





**LITRÍKAR ÓSKIR** Suður-Kóreskur verkamaður hengir hér upp eitt af fjölmörgum litaspjöldum sem búddistar skrifa óskir sínar á í Jogye-hofinu í Seúl. NORDICPHOTOS/AFP

Sjö menn í Bretlandi dæmdir fyrir mansal, nauðganir og vændi:

# Misnotuðu stúlkur í mörg ár

**BRETLAND, AP** Sjö menn voru dæmdir í fangelsi í London í gær fyrir kynferðisbrot gegn ólögráða stúlkum. Málaferlin hafa tekið fimm mánuði.

Mennirnir misnotuðu ungar stúlkur kerfisbundið. Þeir gáfu þeim áfengi og eiturlyf og neyddu þær til kynferðislegra athafna. Þeir voru dæmdir fyrir nauðganir, mansal og vændi.

Margar stúlknanna voru neyddar í vændi af mönnunum, sem starfræktu ofbeldishringinn á árunum 2004 til 2012 í Oxford. Þeir fluttu stúlkur um Bretland í þessum tilgangi.

„Enginn, síst af öllu börn, ætti nokkurn tímann að vera misnotaður á þann hátt sem þessi ungu fórnarlömb voru,“ sagði saksóknari málsins, Baljit Ubhey.

Hún sagði það sem stúlkurnar hafi verið látnar gera hafi verið „sannarlega hræðilegt“ kerfisbundið ofbeldi. Þeir hafi enga ábyrgð tekið á gjörðum sínum.

Mennirnir sem voru dæmdir eru á aldrinum 27 til 38 ára, en tveir menn til viðbótar voru ákærðir en sýknaðir. Lengd refsingarinnar verður ákveðin í júní en mennirnir verða í haldi þangað til. **- þeb**

> **Enginn, síst af öllu börn, ætti nokkurn tímann að vera misnotaður á þann hátt sem þessi ungu fórnarlömb voru.**
>
> *Baljit Ubhey saksóknari*

Hælisleitendur handteknir:

# Komust um borð í skip

**LÖGREGLUMÁL** Tveir hælisleitendur voru handteknir við Grundartanga eftir hádegi í gær en þeir höfðu komist um borð í skip sem þar var við bryggju. Þeir voru færðir í umsjá lögreglunnar á Suðurnesjum.

Samkvæmt frétt RÚV fannst þýfi á mönnunum en ekki er vitað hvort þeir hafi áður reynt að komast um borð í skip. Þá var leitað að tveimur mönnum til viðbótar í skipinu. Sú leit bar ekki árangur og var að lokum hætt. **- hó**

KPMG
cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI

IFRS

Á þremur fróðleiksfundum í maí verður farið yfir reglur, dæmi og álitamál er snúa að beitingu nýrra og mikilvægra **alþjóðlegra reikningsskilastaðla.**

**kpmg.is**

**FIMMTUDAGINN 16. MAÍ**
**IFRS 10 | Samstæðureikningar**
Yfirráð eru einn af hornsteinum reikningsskila sem gerð eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Staðallinn IFRS 10 endurskilgreinir hugtakið yfirráð og inniheldur nýjar reglur sem þarf að fara eftir.

**FIMMTUDAGINN 23. MAÍ**
**IFRS 12 | Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum félögum**
Markmið IFRS 12 er að skylda félög til að birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila þeirra kleift að leggja mat á eðli hagsmuna í öðrum félögum, áhættu sem fylgir þeim og áhrif hagsmunanna á fjárhagsstöðu, afkomu og sjóðstreymi.

**FIMMTUDAGINN 30. MAÍ**
**IFRS 13 | Mat á gangvirði**
IFRS 13 felur í sér heildstæðan ramma um mat á gangvirði sem ber að fara eftir þegar skylt er eða heimilt að meta gangvirði samkvæmt öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Fundirnir eru öllum opnir og eru haldnir á skrifstofu KPMG í Borgartúni 27 frá kl. 8:30 til 10:00. Léttur morgunverður er frá kl. 8:15.

Hver fundur veitir löggiltum endurskoðendum 1,5 endurmenntunareiningu í reikningsskilum og fjármálum.

**Skráning og nánari upplýsingar er að finna í KPMG appinu og á kpmg.is**

# Gunnar Smári býður sig ekki aftur fram

Formaður SÁÁ er ánægður með að ekki hafi þurft að skera niður þjónustu til sjúklinga á erfiðum tímum. Hann hyggst ekki bjóða sig aftur fram til formanns. Hann segir ákvörðunina persónulega en alltaf séu átök í stórum hópum.

**FÓLK** „Þetta er bara persónuleg ákvörðun hjá mér. Þetta tengist í raun engu sérstöku,“ segir Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ sem hefur ákveðið að bjóða sig ekki aftur fram til formannsembættis félagsins.

Gunnar Smári tilkynnti stjórnarmönnum og starfsfólki tíðindin á fundi síðastliðinn laugardag. Hann segir að sér hafi fundist rétt að tilkynna ákvörðun sína með góðum fyrirvara fyrir ársfund félagsins.

Aðspurður hvort að ákvörðun hans tengist að einhverju leyti átökum innan samtakanna segir hann svo ekki vera en bætir við: „Í stórum hópi er alltaf einhver ágreiningur um stefnur og strauma og stundum er ágætt að það komi bara fram. Það er ekki alltaf best að leysa allt í bakherbergjum. En mér fannst hins vegar rétt að ég drægi mig til hlés í þágu stefnunnar í stað þess að takast á við menn.“

Hann segist sáttur við sitt starf og stoltur af því að samtökin hafi ekki þurft að skerða þjónustuna við sinn sjúklingahóp þrátt fyrir niðurskurð og erfiða tíma. Að sögn Gunnars Smára hafa samtökin mætt niðurskurði með því að fjölga félögum og auka söfnunarfé frá almenningi.

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegt. Ég er búinn að vera hér í fimm ár, tvö ár sem formaður, og farið í gegnum tíma samdráttar og kreppu. Starfsmenn, félagar, stjórnarmenn geti verið stoltir af síðustu árum og hvernig samtökin hafa komist í gegnum erfiða tíma. Við höfum haldið úti svo til óbreyttri þjónustu og aukið hana ef eitthvað er. Við höfum reyndar þurft að ganga svolítið á eignir okkar, ekki sjóði, en við höfum ekki sinnt viðhaldi á fasteignum og öðru slíku.“



**HÆTTIR SEM FORMAÐUR** Gunnar Smári Egilsson segir ákvörðun sína um að bjóða sig ekki aftur fram til formanns SÁÁ persónulega. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Aðspurður hvað taki við að loknu formannsembætti segir Gunnar Smári ekki tímabært að ræða það opinberlega. „Ég er að skoða ákveðna hluti. Lífið hefur nú alltaf komið mér skemmtilega á óvart. Ég má því ekki hugsa of mikið um eitt ákveðið, það þarf að vera pláss fyrir það óvænta og skemmtilega.“

**hanna@frettabladid.is**

> **Í stórum hópi er alltaf einhver ágreiningur um stefnur og strauma og stundum er ágætt að það komi bara fram.**
>
> *Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ.*

Leyniþjónustumaður í dulargervi sagður hafa reynt að bera fé á kollega:

# Njósnari rekinn frá Rússlandi

**RÚSSLAND** Bandarískur njósnari í dulargervi var handsamaður í Moskvu fyrir skemmstu. Njósnarinn var að reyna að fá rússneskan njósnara til liðs við bandarísku leyniþjónustuna CIA með því að bera á hann fé, að því er rússnesk stjórnvöld greindu frá í gær. Maðurinn þarf að yfirgefa Rússland strax.

Ryan Fogle starfaði fyrir bandaríska sendiráðið í Moskvu og var með hárkollu, ýmsan tæknibúnað og mikið magn af peningaseðlum þegar hann var handtekinn. Leyniþjónustan í Rússlandi segir að njósnarinn sem reynt var að fá til liðs við Bandaríkjamenn sé sérfræðingur í Kákasus-svæðinu, en þaðan eru bræðurnir sem eru grunaðir um að hafa sprengt tvær sprengjur í Boston-maraþoninu í síðasta mánuði.

Bandaríkjamenn og Rússar hafa opinberlega unnið saman að því að komast til botns í því hvort Tamerlan Tsarnaev hefði verið í samskiptum við herskáa íslamista í Dagestan. Rússnesk yfirvöld lýstu því yfir vonbrigðum sínum með að Bandaríkjamenn skyldu leynilega vera að rannsaka málið.

Málið gæti haft alvarleg áhrif á samskipti ríkjanna tveggja, sem hafa verið viðkvæm undanfarin misseri. **- þeb**



**NJÓSNABÚNAÐURINN** Rússar segja þetta muni sem fundust í fórum Fogle. Þarna eru hárkollur, vopn, leiðbeiningar fyrir njósnara og persónulegir munir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


DEBENHAMS
SUMAR
sprengja
25% AFSL.
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA 20%AFSL.
AF SNYRTIVÖRUM
OPIÐ Í DAG FRÁ 11:00 - 19:00
OFURTILBOÐ*
AÐEINS Í DAG!
40% AFSLÁTTUR
af öllum íþróttafötum frá Pineapple
40% AFSLÁTTUR
af öllu skarti
40% AFSLÁTTUR
af öllum herra- og dömusokkum frá DEBENHAMS
40% AFSLÁTTUR
af öllum töskum
40% AFSLÁTTUR
af öllum skóm frá Principles og Julien Macdonald
40% AFSLÁTTUR
af öllum barnanáttfötum frá Mantaray og Esprit
40% AFSLÁTTUR
af öllum leikföngum
*Meðan birgðir endast
Finndu okkur á facebook
Gerðu lífið skemmtilegra
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## NORÐURLÖND




### Boðar skattabreytingar



1 **NOREGUR** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, boðar umfangsmiklar skattabreytingar á næstu tveimur til þremur árum.

Breytingarnar eru þegar hafnar, að því er segir í frétt á vef Aftenposten.

Þann 5. maí síðastliðinn lagði norska stjórnin fram tillögu um lækkun á skatti af hagnaði fyrirtækja úr 28 prósentum í 27 prósent. Í staðinn er lagt til að skattareglur um alþjóðleg fyrirtæki í Noregi verði hertar. Skattkerfið í Noregi hefur verið óbreytt að mestu frá 1992.

### Í fangelsi fyrir særingar

2 **SVÍÞJÓÐ** Stjúpmóðir og faðir 12 ára stúlku í Svíþjóð voru í gær dæmd í hofrétti í rúmlega tveggja ára fangelsi fyrir særingar. Foreldrarnir töldu að dóttirin væri haldin illum öndum og fengu hjálp tveggja presta til að reka þá út. Annar prestanna var dæmdur í rúmlega árs fangelsi fyrir misþyrmingar en hinn var sýknaður.

Hinum dæmdu var gert að greiða stúlkunni jafngildi um 2,5 milljóna íslenskra króna í bætur.

### Auðkennisþjófnaður upp á tugi milljarða

3 **SVÍÞJÓÐ** Auðkennum 65 þúsunda Svía var stolið í fyrra og nam þjófnaðurinn alls 2,7 milljörðum sænskra króna eða jafngildi tæpra 50 milljarða íslenskra króna.

Þjófarnir nota stolnu auðkennin til þess að panta vörur á netinu og sækja um lán, greiðslukort og áskrift að síma í nafni fórnarlambanna, að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter.

Þjófarnir sækjast eftir auðkennum íbúa í stórborgum á aldrinum 25 til 40 ára sem augljóslega eru ekki í greiðsluerfiðleikum.

Brotum af þessu tagi hefur fjölgað í Svíþjóð um 200 prósent á 10 árum.

### Sex ára fékk dvalarleyfi

4 **DANMÖRK** Vestri Landsréttur í Danmörku úrskurðaði í gær að sex ára taílenskur drengur fengi að búa hjá stjúpföður sínum í Danmörku en danska útlendingastofnunin hafði vísað honum og tíu ára eldri systur hans úr landi. Í kjölfar skilnaðar sömdu móðirin, sem flutti til Taílands, og stjúpfaðirinn um að börnin yrðu áfram hjá honum í Danmörku. Útlendingastofnun á að fjalla aftur um mál systurinnar.

## Á leið með góðgæti heim í hreiður



**Með orm í goggi** Þegar líður að sumri dafnar fuglalífið sem aldrei fyrr. Þessi svartþröstur, með orm í goggi, gaf umhverfi sínu góðan gaum í gær, mögulega til að gá hvort nokkuð sæist til katta á leið hans. Kettir verða á þessum árstíma mörgum smáfuglinum að bana. Rannsókn í Bandaríkjunum, sem kynnt var fyrr á árinu, bendir til þess að þar séu kettir ein helsta ógn sem að villtu dýralífi steðjar. MYND/ÁRNI ÞÓR SIGMUNDSSON

Bótagreiðslur úr ríkissjóði til að bæta stöðu þolenda ofbeldis:

# Ekki farið að reyna á breytt lög

**SAMFÉLAGSMÁL** Þótt breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda ofbeldis hafi tekið gildi 22. júní í fyrra hafa enn ekki borist umsóknir um bætur sem falla undir lögin, að sögn Halldórs Þormars Halldórssonar, lögfræðings hjá Sýslumanninum á Siglufirði sem hefur umsjón með bótagreiðslunum.



HALLDÓR ÞORMAR HALLDÓRSSON

„Lagabreytingin gildir bara um brot sem framin eru eftir gildistöku hennar. Samkvæmt almennu lagaskilareglunum er ekki gert ráð fyrir að lög geti verið afturvirk. Skaðabótakrafa stofnast auk þess ekki fyrr en skaðabótaskyldur verknaður er framinn og málin taka oft um það bil ár í dómskerfinu. En við bíðum spennt eftir að sjá hvernig þetta kemur út í nýjum dómum,“ greinir Halldór frá.

Greiðsla ríkissjóðs á miskabótum, sem átti venjulega við í kynferðisbrotamálum, var aðeins að hámarki 600 þúsund krónur og hafði verið óbreytt frá 1995. Með breytingu á lögunum voru hámarksbætur fyrir miska hækkaðar í 3 milljónir króna. Þolandi kynferðisbrots getur jafnframt krafist bóta vegna andlegs tjóns sem telst varanlegur miski.

Hámarksbætur fyrir líkamstjón, þ.m.t. fyrir varanlegar afleiðingar fyrir andlega og líkamlega heilsu tjónþola, voru hækkaðar í 5 milljónir króna en voru áður 2,5 milljónir króna. - ibs



## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás




**179.900** m/vsk
Okkar besta verð

IBTGAAI5801

## SKRÚFJÁRN OG BITASETT 58 STK.

Stjörnu og slétt.
Bitar, bitahaldarar
hosuklemmujárn og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.685

IBTGCAI094R

## TOPPA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**16.900** m/vsk
Fullt verð 25.230

IBTGCAI4601

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 46 STK.

1/4" 4 - 13mm
Bitar og toppar
Djúpir toppar
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**6.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGAAI5801

## TOPPA, OG BITASETT 41 STK.

1/4" toppar 4 - 14mm
Framlengingar
Skrall og bitar
Sterk plasttaska




**5.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.520

TILBOÐ

IBTDJAC0106

## 6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.

6" Opnun



**16.900** m/vsk
Fullt verð 29.299

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska



**24.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

IBTJGAI4001

## SNITTTAPPA OG BAKKASETT 40 STK.

Tappar og bakkar
Snitttappar M3 - M12
Snittbakkar M3 - M12
Gengjuteljari, snitttappasveif
og snittbakkasveif



**9.900** m/vsk
Frábært verð



**ÍSBRJÓTUR** Kínverski ísbrjóturinn Snædrekinn kom til Íslands fyrir nokkru. Sendiherrann segir Bandaríkin ekki hafa tekið afstöðu til áheyrnaraðildar Kínverja að heimskautaráðinu.

# Tækifæri til dýpra samstarfs ríkjanna

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi segir mikla samvinnu fram undan milli ríkjanna í málefnum norðurslóða. Stefna Bandaríkjanna var kynnt í síðustu viku.



LUIS E. ARREAGA

„Fyrst og fremst er markmiðið að huga að hagsmunum heimskautaríkjanna. Ég held að það séu mikil tækifæri fyrir hendi," segir Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Bandarísk stjórnvöld kynntu síðastliðinn föstudag stefnumörkun sína í málefnum norðurslóða.

„Við höfum farið yfir forgangsmálin og ákváðum að setja þrennt í forgang; öryggismál, umhverfismál og aukna samvinnu á svæðinu. Í hnotskurn erum við að finna það sem verður mikilvægast á næstu tíu árum og við munum vinna að. Nú höfum við grunninn en nákvæm atriði verða útfærð á næstu mánuðum. Hugmyndin er að nákvæm stefna verði tilbúin í sumar," segir Arreaga.

## Getum unnið saman

Hann segist telja að á ýmsum sviðum í málefnum norðurslóða muni Bandaríkjamenn og Íslendingar geta unnið saman. „Við erum nú þegar í mikilli samvinnu. Þar má nefna Norðurskautsráðið, þar sem Ísland og Bandaríkin hafa verið bandamenn í fjölda ára. Ríkin hafa lengi átt í nánu samstarfi og ég held að norðurskautið gefi okkur gott tækifæri til að dýpka þetta samstarf. Þetta á við í öllu tilliti, hvort sem það er samstarf í vísindum, í friðarmálum og stöðugleika eða í alþjóðlegri samvinnu, ríkin hafa alltaf unnið náið saman."

Arreaga segir mikla samvinnu nú þegar í gangi, meðal annars vinnu við áætlun um staðsetningarkerfi fyrir skip og flugvélar, sem eigi að geta nýst öllum heimskautaríkjum. „Það er líka lítt þekkt staðreynd til dæmis að bandaríski vísindasjóðurinn hefur varið yfir 800 milljónum hér síðustu tvo áratugi."

## Ekki meiri hernaðarumsvif

Meðal þess sem Bandaríkjamenn setja í forgang í stefnu sinni eru öryggismál á norðurslóðum. Í stefnunni kemur fram að auðvelda eigi bæði skipum og flugvélum hersins að fara um svæðið.

Arreaga segist ekki telja að bandaríski herinn muni auka umsvif sín á Íslandi af þessum sökum, nema í öryggismálum, gæslu og björgun, málum sem ekki tengjast hernaði beint. Öryggismálin séu sett á oddinn. „Fyrsta formlega samkomulagið í heimskautaráðinu var um þessi mál og þetta er svið sem ríkin tvö hafa unnið saman við áður. Þegar bandaríski herinn var með herstöð hér unnu okkar menn náið með Íslendingum í björgunarmálum. Íslendingar hafa lýst yfir áhuga á að koma upp einhvers konar öryggismiðstöð, það er enn verið að vinna að þeim málum," segir Arreaga og leggur áherslu á að ekki verði hernaðarumsvif. „Heimskautaráðið hefur passað upp á að viðhalda friði og stöðugleika."

## Bíður eftir myndun ríkisstjórnar hér

„Við bíðum eftir því að ný ríkisstjórn verði tilkynnt hér og þá erum við tilbúin að halda áfram. Nýjar ríkisstjórnir bera alltaf með sér breytingar. Þessir tveir flokkar sem eru að reyna að mynda ríkisstjórn hafa verið nánir bandamenn okkar í marga áratugi svo við hlökkum til að hefja samstarf við þá á ný og vinna við heilan helling af málum sem skipta bæði lönd máli," segir sendiherrann.

## Hafa ekki tekið afstöðu til Kína

Nokkur ríki hafa lýst yfir áhuga á því að fá áheyrnaraðild að heimskautaráðinu. Þeirra á meðal er Kína. „Bandaríkin hafa hugsað mikið um þessar umsóknir og við erum tilbúin til að ræða þessi mál en við höfum ekki tekið neina afstöðu. Við viljum byrja á að setjast niður með samstarfsríkjum okkar í ráðinu," segir Arreaga um málið.

Sendiherrann segist mjög ánægður með að stefnan sé komin fram. „Kollegar okkar á Norðurlöndunum og ekki síst Íslandi hafa sagt okkur að við höfum ekki veitt norðurskautinu nægilega athygli. Ég held að þetta sé ekki að við höfum ekki veitt þessu athygli en við höfðum ekki sest niður og rætt hvar við stöndum í þessum málum. Það er það sem hefur verið gert á undanförnum mánuðum."

thorunn@frettabladid.is


Nýtt!

2 í 1




Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli

Otrivin Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.-

Umfelgun á smájeppa 6490.-




Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.-

Umfelgun á smájeppa 5990.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is


HÚSASMIÐJAN
100% verðöryggi og
5 ára ábyrgð fyrir pallinn þinn
P5
ÁBYRGÐ
Húsasmiðjan býður sólpallinn
á lægra verði og 5 ára ábyrgð!
P5 ábyrgð veitir **100% verðöryggi*** á heildarkostnaði.
Það þýðir að ef þú finnur betra heildarverð fyrir sólpallinn
þinn – þá jöfnum við það. Við þetta bætist **5 ára ábyrgð***
á öllu pallaefni Húsasmiðjunnar.
Allt pallaefni frá Húsasmiðjunni er fyrsta flokks AB
gagnvarið timbur.
Innifalið í P5
100% verðöryggi*
5 ára ábyrgð á pallaefni*
P5 ábyrgðarskírteini
Kauplán með 0% vöxtum*
Að auki nái heildarverðmæti 100.000 kr.
10.000 kr. gjafakort í Húsasmiðjunni og Blómavali
DVD kennslumyndband
* sjá nánar skilmála á www.husa.is

# SKOÐUN

Róttæka uppstokkun þarf í skólakerfinu:

## Stokka upp eða láta það springa?

Aðsókn í kennaranám hefur minnkað um helming. Fréttablaðið sagði frá því í gær að árið 2006 hefðu 419 manns sótt um að hefja kennaranám við Háskóla Íslands, en 203 í fyrra. Árið 2012 var aðeins 13 umsækjendum hafnað, en 156 árið 2006.

Þetta segir okkur tvennt; annars vegar verður ekki næg endurnýjun í kennarastéttinni ef ástandið lagast ekki og hins vegar veljast væntanlega lakari nemendur í kennaranámið. Hvort tveggja mun koma niður á menntun barnanna okkar.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Stutt er síðan nám til kennsluréttinda var lengt úr þremur árum í fimm. Ólöf Rut Halldórsdóttir, kennaranemi og formaður nemendafélags kennaradeildar HÍ, bendir í samtali við Fréttablaðið á það augljósa: „… mín ágiskun er sú að þetta sé vegna lengingar námsins og lélegra kjara. Það er ekki boðið upp á laun í samræmi við lengd námsins.“ Anna Kristín Sigurðardóttir deildarforseti segir að brýnasta lausnin á vandanum sé að hækka laun kennara.

Ein rökin fyrir lengingu kennaranámsins á sínum tíma voru einmitt að hún myndi stuðla að því að kennarar bæru meira úr býtum. Svo kom hrunið og engir peningar eru til að hækka laun duglega að óbreyttu. Þess vegna sitjum við í þessari súpu; lengra nám sem skilar litlilli kjarabót er ekki eftirsóknarvert.

Það er brýnt að hækka laun kennara. En það gerist ekki nema róttæk uppstokkun verði í menntakerfinu, sem eykur framleiðni þess og losar um peninga sem ríkið og sveitarfélögin geta þá notað til að borga kennurum meira.

Ein leiðin til þess er að hrista upp í ósveigjanlegum og stöðnuðum kjarasamningum kennara og auka kennsluskylduna, þannig að færri kennara þurfi og þeir sem eftir eru geti fengið hærri laun. Þetta er ein þeirra leiða sem starfshópur á vegum samráðsvettvangs um aukna hagsæld lagði til fyrir skömmu.

Önnur leið sem hópurinn leggur til er að stytta bæði grunn- og framhaldsskóla um eitt ár. Þetta er vitlegri tillaga en ýmsar fyrri í sama tilgangi af því að með henni er loksins viðurkennt að mestu tækifærin til hagræðingar eru í grunnskólanum. Hann lengdist um ár, auk þess sem skólaárið lengdist, án þess að fólk kunni mikið meira þegar það kemur í framhaldsskóla.

Starfshópurinn leggur til að skólar verði sameinaðir og bekkir stækkaðir. Það væri skynsamlegt, en samhliða hlýtur meðal annars að þurfa að skoða hvaða áhrif stefnan um skóla án aðgreiningar hefur haft á starfsaðstæður kennara. Margt bendir til að hún henti ekki mörgum börnum með sérþarfir og því síður hinum sem betur standa. Þá valdi hún óhóflegu álagi hjá kennurum, sem ná ekki að sinna neinum vel.

Kennarar og samtök þeirra þurfa að skoða með opnum huga þessar tillögur og fleiri um uppstokkun sem gerir skólakerfið hagkvæmara og getur skilað þeim betri kjörum. Róttækar kerfisbreytingar geta verið erfiðar og sársaukafullar, en það er betra að stokka upp skólakerfið en að láta tifandi tímasprengju sem kennaraskortur er sprengja það í loft upp.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

SPENNUÞRUNGIN ÁSTARSAGA EFTIR METSÖLUHÖFUNDINN NORU ROBERTS

★★★★

„Þetta er vel skrifuð saga og persónulýsingarnar gera frásögnina sérlega lifandi.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON MORGUNBLAÐIÐ




„Enn ein sönnun þess að Roberts skarar fram úr, hún er meistarinn.“

PUBLISHERS WEEKLY

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Við tökum við slæmu búi**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, mögulega næsti forsætisráðherra Íslands, ræddi við Eyjuna.is á mánudag um gang stjórnarmyndunarviðræðna. Í viðtalinu var haft eftir Sigmundi að nýjustu upplýsingar um horfur í ríkisfjármálum væru áhyggjuefni og útlitið verra en haldið hefði verið fram fyrir kosningar. Gott og vel, það er kannski rétt hjá Sigmundi. Það má þó velta fyrir sér hvort þetta verði algengt viðkvæði af hálfu forystumanna næstu ríkisstjórnar, því ef nýju stjórnarflokkarnir hyggjast standa við loforð sín um miklar skuldaniðurfellingar og skattalækkanir verður að teljast líklegt að enn sé nokkuð langt í að ríkissjóður nái jöfnuði. Við megum ekki gleyma að hér varð hrun.



**Björn Jón gegn Gísla Marteini?**

Björn Jón Bragason sagnfræðingur hefur að undanförnu verið duglegur að tjá sig um málefni tengd Reykjavík en hann hefur verið orðaður við þátttöku í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Grein um Reykjavíkurflugvöll eftir Björn var birt á Vísi í gær en Björn vill hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni. Björn færir ýmis rök, flest kunnugleg, fyrir staðsetningu flugvallarins.



**Útgjöld ekki sama og fjárfesting**

Björn Jón nefnir að áætlað sé að bygging flugvallar á Hólmsheiði kosti 17,2 milljarða króna og bætir við að vandséð sé að þeim sé vel varið í flugvöll þegar annar sé til staðar. Þá bendir hann á að ekki hafi verið til fé til kaupa á nýrri þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Björn virðist hins vegar gleyma því að úttekt samgönguráðuneytis og borgarinnar leiddi í ljós að það er þjóðhagslega hagkvæmt að flytja flugvöllinn á Hólmsheiði. Það mætti með öðrum orðum fjármagna byggingu nýs flugvallar með skuldabréfaútgáfu og ábatinn af verkefninu myndi nægja fyrir kostnaði bréfsins, og meira til.

magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hindrum ranglæti

HÆLISLEITENDUR



**Toshiki Toma**
prestur innflytjenda

Þann 6. maí voru birtar fréttir af máli hælisleitanda frá Nígeríu, Martins. Hann flúði Nígeríu vegna þess að hann er samkynhneigður. Martin hafði sótt um hæli á Ítalíu og eytt níu árum í óvissu áður en hann kom til Íslands í leit að öðru tækifæri til mannlegs lífs. En Útlendingastofnun tók þá ákvörðun að senda hann aftur til Ítalíu vegna Dyflinnarreglugerðarinnar og innanríkisráðuneytið staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar.

Eins og margir Íslendingar varð ég fyrir vonbrigðum með þessa frétt. Ég tel að ástæða sé til að taka upp mál Martins á Íslandi, eins og hann hefur óskað eftir, fremur en að vísa honum úr landi. Helstu ástæðurnar eru að mínu mati: 1) Taka skuli tillit til níu ára biðar hans á Ítalíu. 2) Á Ítalíu dvelja fleiri en 30.000 hælisleitendur og aðstæður þeirra virðast vera mjög slæmar. 3) Betri skilningur á samkynhneigð er til staðar á Íslandi.

Eitthvað stakk hjarta mitt í þessu máli og vakti hjá mér sorg fremur en vonbrigði. Embættismenn hjá Útlendingastofnun eða í ráðuneytinu eru allir vel menntaðir í lögfræði, stjórnsýslufræði eða stjórnmálafræði. Þegar þeir hófu nám eða tóku við embætti hljóta þeir að hafa átt sér eigin draum eða eið, sem var líklega að vernda hið góða og hvetja til þess í samfélaginu, hindra ranglæti og losa okkur undan því. Þessi atriði má segja að séu sameiginleg ósk alls fólks og liggja til grundvallar í samfélagi okkar. Það er e.t.v. einfaldara að orða fyrrnefnd atriði en hugtakið mannréttindi, en án þeirrar óskar væri ekki hægt að stýra þróun samfélagsins til framtíðar.

**➜ Engu að síður er raunveruleikinn sá að þessir vel menntuðu sérfræðingar virðast vera ánægðir með að senda saklausan einstakling til baka í vonlausa óvissu þar sem hann hefur nú þegar eytt níu árum.**

Engu að síður er raunveruleikinn sá að þessir vel menntuðu sérfræðingar virðast vera ánægðir með að senda saklausan einstakling til baka í vonlausa óvissu þar sem hann hefur nú þegar eytt níu árum. Ætti þetta að vera svona?

Ég ætla alls ekki að fullyrða að starfsfólk Útlendingastofnunar eða ráðuneytisins sé vont fólk. En ef því finnst sjálfu að eitthvað eigi að vera leiðrétt hvað varðar ákvörðun um mál Martins, þá verður það að bera fram einhverja hugsun eða stefnutillögu fyrir samfélagið.

Ég óska þess innilega að yfirvöld veiti okkur áþreifanleg og jákvæð viðbrögð við málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# 2007 í augsýn!

FJÁRMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Krafan um að skuldugu fólki verði bætt áföllin sem urðu vegna afleiðinga hrunsins – vegna „forsendubrestsins“ svonefnda – er einfaldlega krafa um að staða skuldsettra heimila verði gerð sú hin sama og hún var fyrir hrun. Þessa sömu kröfu má eins orða þannig: „Við viljum fá 2007 aftur!“ Þá þegar voru samt 16 þúsund heimili komin á vanskilaskrá – höfðu sem sé lifað langt um efni fram og sáu fram á greiðsluþrot. Níu þúsund heimili bættust við skrána við hrunið. Er fólk þá sátt við að einungis þeim heimilum, sem bættust á vanskilaskrána í hruninu, verði hjálpað? Er krafan um að „forsendubresturinn“ sé bættur ekki einvörðungu sú? Að hin 16 þúsundin verði þá skilin eftir eins og þau voru á sig komin af eigin völdum fyrir hrun – án nokkurs „forsendubrests“? Eða er ætlast til þess að skuldlitlir lífeyrisþegar, skuldlitlir skattborgarar – nú eða erlendir lánveitendur, sem skuldunautar þeirra kalla „hrægamma“, taki þeirra vanda á sig líka? Vanda þessara 16 þúsunda sem komu sér á vanskilaskrá án nokkurrar utanaðkomandi „aðstoðar“? Af einhverjum orsökum hefur hin sjálfhverfa kynslóð aldrei gefið neitt svar við þessari einföldu spurningu? Þeir Bjarni og Sigmundur Davíð vita því ekki hvað skuldsetta fólkið vill nákvæmlega. Vill það „forsendubrestinn“ einan bættan – eða vill það að skuldir þess alls séu greiddar niður, hvernig svo sem skuldavandinn er til kominn?

**2007 á góðri leið**

Vill þetta fólk virkilega fá lífshættina eins og þeir voru fyrir hrun aftur – fá aftur ástandið sem sköp „forsendubrestinn“? Þegar draumurinn var að græða á daginn og grilla á kvöldin. Þegar íslensk heimili urðu á fjórum árum skuldsettustu heimili innan OECD. Ég fæ satt að segja ekki séð annað en að íslenska þjóðin sé á góðri leið áleiðis að því markmiði – án nokkurrar hjálpar annarra en sjálfrar sín. Árið 2007 námu yfirdráttarskuldir heimilanna, kreditkortaskuldir og neyslulán 77 milljörðum króna. Nú nálgast þessar skuldir 90 milljarða! Fyrir hrun hugðust fjölmargir Íslendingar hagnast á því að slá lán til hlutafjárkaupa, græða á því morð fjár og komast með tærnar á hæla gulldrengjanna, sem var æðsti óskadraumur fjölmargra heimilisfeðra. Nú eru menn aftur byrjaðir á sama athæfi. Slá lán til hlutafjárkaupa í von um margfalda uppskeru. 2007 er komið á færibandið og færist nær!

**Aftur hægt að grilla**

Heildarhagsmunir er orð sem virðist vera illskiljanlegt, a.m.k. er það ekki í hávegum haft. Góðkunnur rithöfundur og íslenskumaður sagði mér á dögunum, að nú skildu nemendur í íslenskunámi; framhaldsnámi; ekki lengur orðið „blæbrigði“. Hví ætti fólk þá að skilja orðið „heildarhagsmunir“?

**➔ Vill þetta fólk virkilega fá aftur lífshættina eins og þeir voru fyrir hrun…**

Samt er þó enn fullur skilningur á orðinu „eiginhagsmunir“. Þar er átt við budduna, hvað kemur mikið af aurum í hana og að aurarnir komi strax. Sama hvaðan „gott“ kemur; hvort heldur frá afa og ömmu, frá nágrönnunum nú eða „hrægömmunum“ – bara að það komi, komi strax og komi nóg. Þá getum við nefnilega aftur farið að grilla.

# Auðlindin fjöll… Auðlindin Bláfjöll!

ÍÞRÓTTIR



Hildur Jónsdóttir
skíðakona

Nú er liðinn síðasti opnunardagur á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Fjöllin bar við bláan himinn, sólin skellihló og hvítir topparnir toguðu til sín marga skíðamenn á öllum aldri bæði á miðvikudagskvöld og fimmtudag. Haldin var hátíð snjóbretta og skíðamanna miðvikudagskvöldið 7. maí í dulúðlegri kvöldstemningunni.

Af hverju er þetta merkilegt? Jú, maímánuður er nærri hálfnaður og enn þá er fullt af snjó á skíðasvæðinu. Þvílíkt færi, hart og vel troðið um morguninn, sólin mýkti svo snjóinn aðeins síðdegis.

**Mikil vinna á bak við hvern dag**

Í vetur hefur verið opið í Bláfjöllum í 74 daga. Þegar mest hefur verið voru um 5.000 gestir á svæðinu. Ef skoðað er meðaltal gesta í vetur hafa verið um 1.100 gestir hvern einasta dag í fjallinu. Það hefur verið ærin vinna að ná þetta mörgum dögum í fjallinu og eiga Einar Bjarnason og hans harðduglegu starfsmenn mikið hrós skilið. Ég held að enginn viti hvað mikil vinna liggur á bak við glæsilegan dag í Bláfjöllum. Eldsnemma þarf að byrja að berja ís af vírum, undirbúa lyftur, kalla til starfsmenn á hverja vinnustöð og halda svo öllu gangandi fram til kvölds. Þegar mest hefur verið að gera eru 50 starfsmenn að vinna á svæðinu. Þetta er atvinnuskapandi og ánægjuskapandi vinnustaður.

**➔ Þetta er atvinnuskapandi og ánægjuskapandi vinnustaður.**

Á degi eins og síðasta opnunardaginn voru fjölskyldur með fullt af börnum á öllum aldri á leið upp í Töfrateppinu, ein barnalyfta var opin og starfsmaður kallaði hvatningarorð til eins gutta sem datt aftur og aftur: „Þetta er alveg að koma hjá þér.“ Stöðug umferð var í fjögurra stóla lyftuna í Kóngsgili og alls staðar var líf og fjör í frábæru veðri. Að rekstrinum standa sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Ef forsvarsmenn þessara sveitarfélaga sæju hversu heilbrigt og gott starf fer þarna fram væru þeir stoltir af að vera með. Ég vil með orðum mínum beina þeirri ósk til sveitarfélaganna sem reka skíðasvæðið að líta á fjöllin sem auðlind og það starf sem þar fer fram. Ég sem skattgreiðandi í þessu samfélagi er stolt af því að leggja eitthvað af mörkum til að þessi frábæra íþrótt fái að vaxa og dafna.

„Hún var rétt rúmur metri á hæð þegar hún ákvað að hún ætlaði aldrei að verða heimavinnandi húsmóðir. Ástæðan var einföld og rökrétt, henni hundleiddust húsverk og þar með var það afgreitt“

*Úr viðtali við Margréti vegna FKA viðurkenningarinnar 2013*



Margrét Guðmundsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma er gestur MBA námsins við Háskóla Íslands, **fimmtudaginn 16. maí kl. 12:15-13:00 í stofu 101 á Háskólatorgi.**

Fundarefnið: Hvað ræður árangri íslenskra kvenstjórnenda?

Margrét hefur um árabil starfað sem stjórnandi bæði hér á landi og erlendis. Auk forstjórastarfsins er hún stjórnarformaður N1 og fékk hún nýlega FKA viðurkenninguna 2013 hjá Félagi kvenna í atvinnulífinu.

**Skráning hjá lena@hi.is**

**www.mba.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

ED DU MED DÍBBLAD NEB?




ÁN ROTVARNAREFNA

Þarftu að losa um stífluna?
Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

DYNAMO REYKJAVÍK

# Skemmdarverk á miðborg Reykjavíkur

SKIPULAGSMÁL



Björn Brynjúlfur Björnsson
kvikmyndagerðarmaður

Borgarstjórn Reykjavíkur heldur áfram á þeirri vondu braut að stuðla að byggingu risahótels í hjarta borgarinnar sem mun eyðileggja hið sögufræga Sjálfstæðishús (Nasa), þrengja mjög að almannarýmum og Alþingi Íslendinga, auka skuggavarp á Austurvöll og eyðileggja suðurhlið Ingólfstorgs.

Hagsmunir Reykvíkinga við uppbyggingu miðborgarinnar eru ekki leiðarljós þessarar tillögu og gallarnir á henni voru allir á svokallaðri „verðlaunatillögu“ að deiliskipulagi þessa reits sem nærri 20% kosningabærra manna í Reykjavík hafa mótmælt á síðunni ekkihotel.is.

Ekkert tillit er tekið til þeirra mótmæla í tillögu að deiliskipulagi sem nú hefur verið „auglýst“. Kynning tillögunnar hefur raunar farið mjög lágt miðað við hversu umdeilt málið hefur verið en frestur til að skila athugasemdum við þessa skipulagstillögu er aðeins til 23. maí.

Gallarnir við þessa tillögu eru þessir helstir:

**1. Ingólfstorg** Fyrirhugaðar nýbyggingar við sunnanvert Ingólfstorg eru ekki í stíl við þau gömlu hús sem þar eru fyrir þrátt fyrir að svo eigi að vera samkvæmt Þróunaráætlun miðborgarinnar. Nýbyggingum í allt öðrum stíl er troðið þannig á milli gömlu húsanna að ekki gengur hnífur á milli auk þess sem nýbyggingarnar eru hærri en götulína gömlu húsanna og gnæfa yfir þau.

**2. Nasasalurinn** Nasasalurinn verður rifinn en hann ætti að friða vegna sögu sinnar og einstæðrar hönnunar. Húsafriðunarnefnd var þeirrar skoðunar þangað til hún kúventi í afstöðu sinni vegna þrýstings frá eiganda hússins. Það er menningarlegt skemmdarverk að rífa þetta gamla góða samkomuhús okkar Reykvíkinga. Hótelsalur á sama stað kemur ekki í staðinn fyrir Nasasalinn.

**3. Austurvöllur** Ofan á Landsímahúsið við Austurvöll á að setja kvisti sem skemma þessa sögufrægu byggingu Guðjóns Samúelssonar og auka skuggavarp á Austurvöll. Einnig á að rísa ofan í og aftan við gamla Kvennaskólann (innganginn að Nasa) há bygging sem bera mun litla græna húsið ofurliði og auka enn skuggavarp inn á Austurvöll.

**4. Kirkjustræti** Tillagan gerir ráð fyrir nýbyggingu sem framlengir Landsímahúsið alveg að gangstéttinni við Kirkjustræti – með enn meira skuggavarpi inn á Austurvöll. Þessi stóra viðbygging mun loka þeirri fallegu sýn sem er milli Fógetagarðsins og Austurvallar. Í staðinn kæmi mjó gata sem þrengdi mjög að Alþingishúsunum við Kirkjustræti.

**5. Umferðarmál** Þessi tillaga lokar augunum vandlega fyrir þeim vandamálum sem eru í uppsiglingu á svæðinu þegar þar verður risið eitt stærsta hótel í Reykjavík. Vandamálin snúa ekki síst að umferð; rútubíla, leigubíla, jeppa og ferðaþjónustuaðila, svo ekki sé talað um sorp og aðra aðdrætti sem risastórt hótel þarf á að halda.

**6. Alþingi** Þessi tillaga þrengir mjög að Alþingisreitnum og er í algerri andstöðu við vilja Alþingis sem mótmælt hefur tillögunni harðlega. Er með ólíkindum að borgarstjórn Reykjavíkur ætli að knýja þetta vonda mál í gegn þrátt fyrir eindregin mótmæli Alþingis og stórs hluta borgarbúa.

Ég hvet Reykvíkinga til að mótmæla þessari tillögu með öllum ráðum og skila athugasemdum á netfangið *skipulag@reykjavik.is*.

# Heilsa fyrirtækja

FYRIRTÆKI



Hildur Jakobína Gísladóttir
ráðgjafi

Ímyndaðu þér að fyrirtæki eða opinber stofnun sé manneskja úr holdi og blóði. Manneskja sem hefur sinn eigin karakter og hefur mótað lífsskoðanir sínar og viðhorf út frá reynslu og uppeldi. Fyrirtækið getur veikst af bæði smávægilegum og alvarlegum sjúkdómum, verið í „dysfunctional“ samskiptum og þarf stundum á stuðningi og aðstoð að halda þegar á móti blæs. Það getur haft heilbrigð lífsviðhorf og sterka siðferðiskennd, getur glímt við „tilfinningalegan vanda“ eða verið haldið persónuleikaröskun.

Ábyrgð æðstu stjórnenda fyrirtækja á hegðun starfsmanna fyrirtækisins er mikil. Sá aðili eða sú stjórn sem þá ábyrgð ber þarf að hafa gott eftirlit með því að heilbrigð samskipti séu á milli starfsmanna. Stjórnendur bera ábyrgð á því að fyrirtækinu sé stjórnað með heilbrigðum og viðurkenndum stjórnunaraðferðum. Ef þessu er ekki sinnt eykur það líkurnar á að vinnuumhverfið verði það sem kallast „toxic“ eða óheilbrigt og hafi bein neikvæð áhrif á starfsmannaanda, þjónustu og afkomu fyrirtækisins. Menning sem er óheilbrigð getur fest í sessi og skaðað ímynd fyrirtækisins.

Stjórnendur sem taka ekki á vanda sem er erfiður og forðast nauðsynleg átök sitja uppi með vinnustað sem hægt er að líkja við fjölskyldu sem þjáist af einkennum alkóhólisma. Andrúmsloftið er þrungið, enginn tjáir sig um sýnilegan vanda og fólk fer að verða meðvirkt. Það er augljóst að þetta hefur lamandi áhrif á alla framgöngu innan fyrirtækisins. Auk þess getur ástandið haft neikvæð áhrif á þjónustu og afkomu fyrirtækja. Heilbrigt starfsfólk fær oftast nóg af ástandinu og hættir. Sá sem er spilltur situr hins vegar sem fastast. Þannig sitja fyrirtækin uppi með veikasta hlekkinn í veiku fyrirtæki.

Eins og mannfólkið geta fyrirtæki fengið „pestir“ sem hægt er að lækna með hæfilegum skammti af sýklalyfjum en kúnstin er að greina vandann og taka á honum áður en hann verður alvarlegri og jafnvel ólæknandi. Yfirsýnin er hér mjög mikilvæg. Yfirsýn æðsta stjórnanda og vissa hans um að millistjórnendur sinni fyrirtækinu út frá hagsmunum þess í stað eigin.

Fyrirtæki eru lifandi afl. Það er eins með fyrirtækin og manninn sem þarf að huga að heilsunni, borða hollt og hreyfa sig reglulega, það þarf að viðhalda, fylgjast með, taka púlsinn, greina og meðhöndla. Þetta snýst allt um menningu og þróun fyrirtækisins og að byggja góðan og heilbrigðan grunn. Hegðun fólks er hægt að breyta og það skiptir höfuðmáli að reka og geta unnið á heilbrigðum vinnustað. Því er mikilvægt að ráða inn stjórnendur og annað starfsfólk með heilbrigð viðhorf og sterka siðferðiskennd til að innleiða þau gildi til annarra starfsmanna og mynda þar með sterkan grunn.

**➔ Menning sem er óheilbrigð getur fest sig í sessi og skaðað ímynd fyrirtækisins.**

Þú sem berð þessa ábyrgð á þínum vinnustað, yfir til þín.




**Nýr Kia Carens – rúmgóður 7 sæta fjölskyldubíll**

Það er frábært að skutlast með börnin á íþróttaæfingar, í tónlistarskólann eða heim til leikfélaganna þegar bíllinn er rennilegur og góður í akstri eins og Kia Carens. Í honum finnur þú allt sem prýðir góðan og einstaklega vel búinn **7 sæta** fjölskyldubíl – og að sjálfsögðu er hann með **7 ára ábyrgð**.

**Komdu í Öskju og kynntu þér nýjan og einstaklega vel búinn Carens.**

**Nýr Carens** kostar frá **4.990.777 kr.**
Aðeins **47.677 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo *M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,84%.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.


OYSTER PERPETUAL DATEJUST
ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. maí 2013 | 20. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | Vísir www.visir.is



VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN





## Tekjur aukast af ferðamönnum

Nýjar tölur Seðlabankans um kortaveltu sýna að ekkert lát er á vexti tekna af erlendum ferðamönnum nú þegar helstu ferðamannamánuðirnir fara í hönd. „Heildarúttekt erlendra greiðslukorta hérlendis nam tæpum 5,3 milljörðum króna í aprílmánuði og jafngildir það 18,4 prósenta aukningu á milli ára í krónum talið,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Tölurnar eru sagðar í ágætu samræmi við tölur um brottfarir erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll, sem hafi hljóðað upp á ríflega fimmtungsaukningu milli ára í apríl. „Á sama tíma stóð kortavelta Íslendinga erlendis nánast í stað milli ára, en hún nam ríflega 6,0 milljörðum króna í apríl.“ - óká

## Dust 514 kemur formlega út

Íslenski tölvuleikjaframleiðandinn CCP gaf í gær formlega út nýjan tölvuleikinn sinn, skotleikinn Dust 514, sem gerður er fyrir Playstation 3 leikjatölvur. Með sama hætti og CCP hefur viðhaldið vexti fyrsta leiksins síns, EVE Online, mun fyrirtækið reglulega gefa út sérstakar viðbætur við Dust 514. Leikurinn hefur verið aðgengilegur í prufuútgáfu síðustu mánuði og hefur áhugi spilara verið nokkur. Leikurinn verður fáanlegur án endurgjalds en CCP hyggst afla tekna með sölu á vopnum, farartækjum og ýmsum öðrum varningi í leiknum sjálfum. Þá er leikurinn beintengdur við EVE Online og styrkir því upplifun spilara í EVE. - mþl

## Icelandic Group setur breska starfsemi sína undir einn hatt

Icelandic Group hefur sameinað dótturfélög sín þrjú á Bretlandi: Seachill, Coldwater Seafood og Icelandic UK. Malcolm Eley, sem verið hefur framkvæmdastjóri Seachill, verður við breytingarnar framkvæmdastjóri sameinaðs rekstrar. Anita Barker, framkvæmdastjóri Coldwater, lætur hins vegar af störfum. Þá verður Magni Þór Geirsson, sem stýrði Icelandic UK, framkvæmdastjóri hjá sameinuðu félagi. Starfsemi Icelandic Group í Bretlandi er mjög umfangsmikil en velta félagsins var 292 milljónir punda, jafngildi 55 milljarða íslenskra króna, í fyrra. Þá hagnaðist félagið um 35,5 milljónir punda sem jafngilda 6,7 milljörðum króna. - mþl


Fáðu réttu viðskiptalausnina hjá Advania

Við hjá Advania leggjum metnað okkar í að bjóða fjölbreyttar viðskiptalausnir sem henta mismunandi fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Viðskiptavinir okkar fá allt á einum stað:

- Viðskiptagreind
- Hýsingu og rekstrarþjónustu
- Afgreiðslukerfi
- Veflausnir
- Tölvubúnað
- Þjónustuver 24/7

Kynntu þér málið á www.advania.is/vidskiptalausnir




advania
Welcome to IT

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-1338

## Fróðleiksmolinn

DataMarket




Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands | Skoða nánar: http://data.is/13uOjn4

### Gengisþróun og verðlag

Myndin sýnir hlutfallsbreytingu á neysluverðsvísitölu, sem Hagstofa Íslands mælir, og gengisvísitölu krónunnar, sem Seðlabanki Íslands birtir, á mánaðarlegum grunni frá árinu 2000. Þegar gengisvísitala hækkar er gengi krónu að veikjast og öfugt. Eins og sést á myndinni fellur krónan árið 2008 (gengisvísitala hækkar) og vísitala neysluverðs hækkar. Frá janúar 2009 til og með apríl 2013 hefur gengi krónu sveiflast nokkuð. Gengisvístalan hefur styrkst á tímabilinu um 1,9% en verðlag innanlands almennt hækkað um tæp 23%.




Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands | Skoða nánar: http://data.is/13uNgU1

### Gengisþróun, verðbreytingar og laun

Sé prósentubreyting gengisvísitölunnar skoðuð nánar fyrir tímabilið janúar 2009 og til með apríl 2013 og borin saman við prósentubreytingar á ýmsum neysluflokkum sem mældir eru í vísitölu neysluverðs kemur eftirfarandi í ljós. Neysluflokkurinn „Ferðir og flutningar“ hefur hækkað um 48% frá janúar 2009, „Drykkjarvörur“ um 37%, „Símaþjónusta“ um 34%, „Húsgögn og heimilisbúnaður“ um 23% og „Matvara“ um 21%. Að meðaltali hefur vísitala neysluverðs hækkað um 23% á þessu tímabili og laun á almennum vinnumarkaði um 28%.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagurinn 15. maí**
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs
- Útboð ríkisbréfa
- Vaxtaákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans kynnt
- Peningamál Seðlabankans gefin út

**Fimmtudagurinn 16. maí**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Fiskafli í apríl
- Stjórnir og framkvæmdastjórar fyrirtækja

**Föstudagurinn 17. maí**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Samræmd vísitala neysluverðs í apríl

**Þriðjudagurinn 21. maí**
- Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum janúar til febrúar 2013
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júní 2013

**Miðvikudagurinn 22. maí**
- Vinnumarkaðsrannsókn apríl 2013
- Verðmæti sjávarafla janúar til febrúar 2013

**Fimmtudagurinn 23. maí**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í apríl

**Föstudagurinn 24. maí**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í apríl
- Vísitala kaupmáttar launa í apríl
- Greiðslujöfnunarvísitala í júní
- Mánaðarleg launavísitala í apríl

**Þriðjudagurinn 28. maí**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# N1 og Reitir næst í röðinni í Kauphöllina

***Búist er við því að allt að sjö ný félög verði skráð á hlutabréfamarkað á næstu tólf mánuðum. N1 og Reitir stefna að skráningu í haust og Advania og Sjóvá gætu komið inn á næsta ári. Mörg önnur félög að skoða málið.***

HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Fimm ný félög hafa verið skráð á hlutabréfamarkað Kauphallar Íslands síðastliðna tólf mánuði. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segist eiga von á öðrum eins fjölda skráninga næstu tólf mánuði. N1 og Reitir stefna að skráningu í haust og Advania og Sjóvá á næsta ári.

„Við vitum af þó nokkrum félögum sem eru að vinna að skráningu. Þetta lítur því ágætlega út og ég reikna með fjórum til sjö skráningum á næstu tólf mánuðum. Það eru allar aðstæður til þess en nákvæm tímasetning einstakra skráninga er óviss,“ segir Páll.

Mikill áhugi hefur verið á hlutafjárútboðum í tengslum við síðustu skráningar, svo sem skráningar VÍS og TM í apríl og maí. Páll segir að sá mikli áhugi á hlutabréfamarkaðnum sem komið hafi í ljós ætti að ýta undir fleiri og hraðari skráningar.

„Mér finnst líklegt að það verði ein af niðurstöðum þessa áhuga sem er jákvætt því fleiri skráningar eru auðvitað ein lausn á þeim vanda sem felst í skorti á fjárfestingartækifærum á Íslandi. Okkur vantar bæði stærri og smærri fyrirtæki á markað,“ segir Páll og bætir við: „Markaðurinn hefur sem stendur mjög fáa fulltrúa höfuðatvinnugreina þjóðarinnar; sjávarútvegsins, orkunnar, bankageirans og ferðamannaiðnaðarins. Þá höfum við verið að sjá stærri hóp fjárfesta en áður taka þátt í þessum síðustu útboðum sem gerir það að verkum að skráning á markað verður meira spennandi kostur fyrir smærri fyrirtæki.“

Frá bankahruni hafa sex félög verið skráð á hlutabréfamarkað hér á landi. Hagar riðu á vaðið í desember 2011 og þá hafa Reginn, Eimskip, Vodafone, VÍS og TM bæst í hópinn síðastliðna tólf mánuði.

Meðal þeirra félaga sem helst hafa verið orðuð við skráningu á næstu misserum má nefna N1, Reiti og Advania. Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, segir félagið stefna að skráningu í haust og að litið hafi verið til október eða nóvember. Þá segir hann skráningarvinnu farna af stað hjá félaginu.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segir að félagið stefni enn að skráningu seint á þessu ári. „Við stefnum að því en það eru ljón í veginum sem hafa svo sem áður verið til umfjöllunar opinberlega. Þau lúta að erlendri fjármögnun félagsins og skoðun Seðlabankans á því hvort ákveðnir lánaskilmálar hafi lagalegt gildi. En við erum að vinna að því á fleygiferð að slétta úr þeim hrukkum,“ segir Guðjón.

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, segir að hann telji að félagið geti verið tilbúið til skráningar á markað á næsta ári. Lokaákvörðun um skráningu liggi hins vegar hjá eigendum en ekki stjórnendum. Stærsti eigandi Advania er Framtakssjóður Íslands með 75% eignarhlut.

Þá hefur Sjóvá opinberað að félagið stefni að skráningu á næsta ári þótt ekki hafi verið tekin lokaákvörðun um dagsetningu. Meðal annarra félaga sem orðuð hafa verið við skráningu má nefna Prómens (sem Framtakssjóðurinn á 49,5% í), Skeljung, Marorku og MP banka.

Páll Harðarson segir að fyrir utan þau félög sem rætt hafi skráningu opinberlega hafi Kauphöllin átt í viðræðum við nokkur félög til viðbótar. „Ég á þó ekki von á því að þau fari alla leið á undan fyrstu félögunum sem líkleg eru til að ganga frá skráningu á næstunni. En í þessum hópi eru bæði stór og smá félög,“ segir Páll og bætir við að lokum að hann eigi ekki von á annarri nýskráningu fyrr en í haust.




**SKRÁNING HAGA** Það hefur verið álag á bjöllunni í Kauphöllinni frá því að Hagar voru skráðir á markað í desember 2011. Á síðustu tólf mánuðum hafa fimm ný félög bæst í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### SKRÁNINGAR Á HLUTABRÉFAMARKAÐ FRÁ HRUNI

| Þegar verið skráð á markað: | Félög sem orðuð hafa verið við skráningu: |
|---|---|
| Hagar (desember 2011) | Reitir (haust 2013) |
| Reginn (júní 2012) | N1 (haust 2013) |
| Eimskip (nóvember 2012) | Advania (2014) |
| Vodafone (desember 2012) | Sjóvá (2014) |
| VÍS (apríl 2013) | Skeljungur (?) |
| TM (maí 2013) | Prómens (?) |
| | Marorka (?) |
| | MP banki (?) |






Bíll á mynd Chevrolet Spark LTZ

Chevrolet Spark LS 1.0 • bensín • bsk • 5 dyra **Verð: 1.790 þús. kr.** (án vsk: 1.481 þús. kr.)
Chevrolet Spark LT 1.2 • bensín • bsk • 5 dyra **Verð: 1.990 þús. kr.** (án vsk: 1.641 þús. kr.)
**Bjóðum einnig rekstrarleigu til fyrirtækja**

Opið alla virka frá 9 til 18 (ath. lokað laugardaginn 18. maí)
Verið velkomin í reynsluakstur

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 • Akureyri • 461 3636 | www.benni.is

# Skökk verðlagning í gerviveröld

**Uppi eru áhyggjur af verðmyndun á mörkuðum í gjaldeyrishöftum. Vegna skorts á fjárfestingarkostum er hætt við hækkunum umfram fyrirséðan arð af eignunum. Óvíst er hvað verður ef lífeyrissjóður vill selja stóran hlut í skráðu fyrirtæki á hlutabréfamarkaði. Of snemmt er samt að tala um bólumerki, segir Gylfi Magnússon dósent.**

EFNAHAGSMÁL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Vegna gjaldeyrishafta og takmarkaðra fjárfestingakosta innanlands er hætt við eignaverðshækkunum umfram væntan arð af eignunum. Þetta er meðal þess sem lesa má úr nýlegri fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabanka Íslands. Innistæðulausar hækkanir ganga á endanum til baka og fer þá eftir því hvað ástandið hefur varað lengi hvort talað er um verðhjöðnun eða að eignabólan springi.





GYLFI MAGNÚSSON

„Lífeyrissjóðir taka þátt í útboðum á hlutabréfamarkaði og vegna þess að kostir eru fáir hækkar verð hratt á eftirmarkaði. Hvað gerist svo þegar einhver af stóru lífeyrissjóðunum þarf að losa aftur um stöðu?“ er spurt í umfjöllun um stöðu lífeyrissjóðanna í efnahagsritinu Vísbendingu. „Getur markaðurinn tekið við slíkum hlut? Þegar allt kemur til alls verður að opna hagkerfið aftur, því að ella er hætt við að hér skapist gerviveröld þar sem allt verðmat hverfur úr sambandi við raunheiminn.“

### EKKI SKRÍTIÐ ÞÓTT SLEGIST SÉ UM FJÁRFESTINGARKOSTI

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, segir tölurnar einfaldlega þannig að gríðarlegt framboð sé á sparifé. „Bæði eru lífeyrissjóðirnir með á annað hundrað milljarða af nýju fé á hverju ári, það er að segja iðgjöld umfram lífeyrisgreiðslur, og svo eiga þeir vel á annað hundrað milljarða í banka sem þeir hafa svo sem ekki fundið neina framtíðarfjárfestingu fyrir. Þegar líka er svo tekið í myndina allt það fé sem hér er fast vegna gjaldeyrishafta þá er svo sem ekki skrítið þótt slegist sé um þá fjárfestingarkosti sem í boði eru,“ segir Gylfi.

Staðan segir hann að endurspeglist meðal annars í lágum vöxtum á skuldabréfamarkaði og nær örugglega eitthvað hærra verði á hlutabréfamarkaði en væri ef hér væru ekki við lýði gjaldeyrishöft. „En það er nú samt of snemmt að fara að tala um einhverja bólu. Verð á hlutabréfum hefur ekki hækkað það mikið að skýr merki megi sjá um slíkt, en auðvitað er það hættan.“

### FLÆKJUSTIGIÐ EKKI MINNA EN VAR FYRIR HRUN

Gylfi bendir um leið á að víðar en á Íslandi séu uppi áhyggjur af óeðlilegri verðmyndun á hlutabréfamörkuðum. „Í hinu alþjóðlega fjármálakerfi eru vextir almennt lágir og hefur verið haldið lágum undanfarin ár sem viðbrögð við fjármálakrísunni. Það hefur að margra mati kýlt upp hlutabréfaverð, alls ekki bara á Íslandi, heldur bæði vestan hafs og austan.“ Enda segir Gylfi löngum þekkt að skýrt samhengi sé á milli vaxta og hlutabréfaverðs. „Ef vextir eru mjög lágir þá hefur hlutabréfaverð tilhneigingu til að hækka.“

Að mati Gylfa er því fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur af stöðunni, þótt ekki sé hægt að segja að hér séu komin augljós einkenni bólu. Um leið segir hann erfitt að tímasetja hversu lengi hagkerfið geti verið lokað áður en í óefni stefni. „Þetta er auðvitað óeðlilegt ástand, sérstaklega hversu mikið fé er fast á Íslandi. Ein hliðarverkun er að lífeyrissjóðir þurfa að fjárfesta fyrir allt sitt innanlands. Það hefur auðvitað áhrif á íslenskan eignamarkað, annað væri mjög skrítið.“

Um leið segist Gylfi gera ráð fyrir að þeir sem fjárfesta hér átti sig á því að þegar og ef höftin fara þá verði ekki bara fyrirsjáanlegur titringur á markaði með gengi gjaldmiðilsins, heldur sé líka fyrirsjáanlegt að raunvextir hækki eitthvað. Tekið sé tillit til þessa þegar skuldabréf eru verðlögð og væntanlega hlutabréf líka, þótt bein áhrif á verðlagningu þeirra séu minni.

„En það hefur bein áhrif á skuldabréfamarkaðinn ef menn telja líklegt að vextir hækki eftir einhver misseri. En nú veit auðvitað enginn nákvæmlega hvenær höftin fara, en menn verða að spá eitthvað fyrir um það til þess að verðleggja skuldabréf núna. Íslenski fjárfestingamarkaðurinn er náttúrlega flókinn og kannski ekki síður núna en fyrir hrun, þótt með öðrum hætti sé.“

## VARAÐ VIÐ MÖGULEGRI LÆKKUN HLUTABRÉFA

Nokkur umræða hefur átt sér stað síðustu daga um hættuna á bólumyndun á verðbréfamarkaði. Þannig sagðist Sigríður Benediktsdóttir, yfirmaður fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, í frétt Bloomberg-fréttaveitunnar hafa „verulegar áhyggjur“ af hækkun á hlutabréfamarkaðnum.



FRIÐRIK MÁR BALDURSSON

Í sömu umfjöllun er haft eftir Sigurði Viðarssyni, forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar (TM), að rekja mætti yfir 34 prósent hækkunar á bréfum TM eftir að þau voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni í síðustu viku til fárra fjárfestingarkosta bak við gjaldeyrishöft. Hann hvetur til þess að lífeyrissjóðum verði hleypt úr landi með nýfjárfestingar.

Í fréttum útvarps fyrir helgi varaði Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, líka við því að mikil verðhækkun á hlutabréfum að undanförnu gengi til baka þegar gjaldeyrishöftum verði aflétt. Hann varar líka sérstaklega við því að tekin séu lán til kaupa á hlutabréfum. „Þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt, og maður vonar nú að það gerist fyrr en síðar, mun það hafa áhrif til lækkunar á verðbréfum almennt bæði á skuldabréfum og hlutabréfum. Þeir sem eru að kaupa hlutabréf fyrir lánsfé fara út í skuldsett hlutabréfakaup, það ber að hafa það í huga að það er áhættusamt og þetta getur snúist við á skömmum tíma,“ sagði Friðrik í viðtali við Útvarpið.

## ÞRÓUN ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR OMXI6





## ENGIR MINI-BARIR

**Stöðugt fleiri hótel leggja niður mini-bari eða hætta að fylla á þá. Það þykir ekki borga sig að bjóða upp á slíka þjónustu. Miklu er stolið úr börunum. Nú hefur Hyatt-hótelkeðjan ákveðið að hætta með barina og fylgir þar í fótspor margra annarra.**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.




# MISJAFNAR ÞJÓÐIR

**FERÐIR** *Margrét Reynisdóttir og Örn Árnason halda reglulega námskeið um hvernig ferðamenn frá ólíkum löndum þurfa mismunandi þjónustu.*

Það er lykilatriði að skilja og þekkja hinar mismunandi þjóðir þegar unnið er í ferðaþjónustu. Þetta veit Margrét Reynisdóttir sem síðustu þrjú ár hefur safnað saman upplýsingum sem gefa innsýn í menningarheima og ólíkar þarfir ferðamanna. Margrét heldur námskeið fyrir fólk í ferðaþjónustu ásamt Erni Árnasyni leikara en námskeiðin eru haldin í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðaþjónustu bænda.

„Markmiðið er að gera aðila í ferðaþjónustunni betur í stakk búna til að taka á móti fólki,“ segir Margrét og telur að aukin þekking skili sér í ánægðari gestum og meiri hagnaði. Hún segir íslenskar ferðaþjónustur standa misjafnlega að vígi varðandi þekkingu og þjónustu. „Ég finn þó fyrir því að fólk þyrstir í fróðleik.“

En hvernig eru þjóðirnar misjafnar?

„Það er vissulega ekkert algilt í þessum efnum og það á ekki eitt við um alla. Hins vegar hef ég heyrt nokkra eiginleika sem almennt virðast eiga við. Til dæmis eru miklar líkur á að gestir frá Þýskalandi, Japan og Bandaríkjunum mæti á réttum tíma en Frakkar, Spánverjar og Ítalir eru líklegri til að mæta seint. Gæði matarins skipta svo Frakka og Japani sérstaklega miklu máli,“ upplýsir Margrét. Japanir þyki þannig afar þægilegir viðskiptavinir enda séu þeir hreinlegir og tímanlegir en þeim þurfi að þjóna af mikilli kurteisi og virðingu. Þá eru Þjóðverjar einnig vinsælir viðskiptavinir. „Þeir ganga afar vel um og búa jafnvel um rúmin á hótelherbergjunum,“ segir Margrét glettin. Hins vegar verði öll dagskrá að standast þegar þýskir ferðamenn séu annars vegar. „Þeir þola ekki óvissu en Frakkar og Ítalir taka dagskrána ekki alvarlega.“

**MARGRÉT OG ÖRN** Margrét sér um að miðla fræðinni en Örn fjallar um málið út frá tónlist, leiklist og menningu. MYND/GVA

**NÁMSKEIÐ**

Námskeiðin eru haldin eftir pöntun. Margrét og Örn verða til dæmis með námskeið í Mývatnssveit 6. júní sem er opið öllum.

**www.gerumbetur.is**


FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika

Innritun lýkur 31. maí



WWW.MK.IS
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020




**FRÁBÆRT VERÐ** Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr. MYND/GVA

# LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

*Texasborgarar kynna*

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaise-sósa. Nánar á **texasborgarar.is**, og á Facebook.

# GÆÐI LANDSINS Í NÚTÍMABÚNINGI

**MATUR Á FERÐALÖGUM** *Sífellt fleiri ferðamenn líta á mat sem mikilvægan þátt í upplifun ferðalags. Matartengd ferðaþjónusta vex hratt hér á landi.*

Matartengd ferðaþjónusta nýtur sívaxandi vinsælda hérlendis. Þótt hún hafi verið við lýði hér á landi í áratugi í einhverri mynd má segja að hún hafi tekið kipp upp úr síðustu aldamótum að sögn Laufeyjar Haraldsdóttur, lektors við Háskólann á Hólum. Skólinn býður upp á B.A. nám í ferðamálafræði og er matartengd ferðaþjónusta kennd í séráfanga í náminu. „Staða matartengdrar ferðaþjónustu er góð hér á landi og er alltaf að verða betri og betri. Ísland hefur á vissan hátt fjarlægst áhersluna á víkingana í norðri með sína grófu matarhefð og lagt meiri áherslu á náttúruna og grænu gildin. Þannig höfum við byggt upp ímynd af hraustri þjóð í norðri sem lifir af gæðum náttúrunnar og er stolt af arfleið sinni en kann samt að færa hana í nútímabúning.“

Hún segir mikil tækifæri felast í matartengdri ferðaþjónustu fyrir smá sem stór fyrirtæki hérlendis enda líti fleiri og fleiri ferðamenn á matinn sem mikilvægan hluta af upplifun á ferðalagi. „Yfirvöld, einstaka landshlutar og fyrirtækin hafa áttað sig á þessu og vilja nýta þau tækifæri sem skapast kringum þennan áhuga.“

Að sögn Laufeyjar er Ísland þekktast fyrir fiskinn og sjávarfangið. „Við eigum að halda áfram að leggja áherslu á fiskinn en lambakjötið okkar hefur einnig mikla sérstöðu og þessa tengingu við villta náttúru. Einnig má nefna grænmetið sem ræktað er með umhverfisvænum orkugjöfum og mjólkurvörurnar, til dæmis skyr og osta. Svo erum við að verða sífellt færari í því að nota jurtir sem bragðaukandi þátt í mat og sem krydd.“ Ferðamenn taka líka oft þátt í að veiða matinn eða tína hann og því verður upplifun þeirra enn meiri. „Þannig sjá þeir matinn í upprunalegu umhverfi sínu. Þeir taka líka stundum þátt í að elda matinn og svo borða þau hann auðvitað að lokum.“







**KRÆSINGAR**
Efst eru ýmsar kræsingar úr náttúrunni. Til hliðar er saltkjöt og baunir í nýstárlegum búningi. Neðst má sjá ís úr kaplamjólk.
MYND/ÚR EINKASAFNI



Laufey Haraldsdóttir, lektor við Háskólann á Hólum.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# ÖRRÁÐSTEFNA UM HÚÐKRABBAMEIN

*Krabbameinsfélag Reykjavíkur kynnir*

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins og Krabbameinsfélag Reykjavíkur standa að örráðstefnu um húðkrabbamein og sortuæxli fimmtudaginn 16. maí kl. 16.30. Ráðstefnan er í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8.

Frá árinu 1990 til 2000 fjórfaldaðist nýgengi sortuæxla hjá Íslendingum. Svipuð aukning var hjá körlum og konum. Hjá yngri en 50 ára var aukningin mun brattari, einkum hjá konum en þar féll nýgengið aftur. Líkleg skýring er breyting í sólbekkjanotkun og að þessi aldurshópur er duglegri að láta athuga grunsamlega bletti sem greindust því fyrr.

Hjá einstaklingum 50 ára og eldri er myndin önnur. Þar er nýgengið mun hærra og aukningin stöðug. Þetta bendir til þess að eldra fólk þurfi að gera átak í að láta skoða fæðingarbletti.

Guðlaug Birna Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur, setur ráðstefnuna. Erindi flytja dr. Bárður Sigurgeirsson húðsjúkdómalæknir, Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir, Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskrárinnar og Vala Smáradóttir aðstandandi.

Í lok ráðstefnunnar verða umræður og fyrirspurnir. Fundarstjóri er Helga Möller söngkona. Allir eru velkomnir.



**FYRIRLESTRAR** Laufey Tryggvadóttir er meðal þeirra sem halda fyrirlestra á ráðstefnunni.

# EKKI RAUÐAN VARALIT



**BANNAÐ**
Tyrkneska flugfélagið Turkish Airlines hefur bannað flugfreyjum félagsins að nota rauðan varalit í vinnunni. Þetta er gert þrátt fyrir að litur félagsins og búninga sé rauður.
Sömuleiðis hefur flugfélagið sett sig á móti því að flugfreyjurnar noti hárprjón til að setja upp hárið eða liti það í rauðum tónum. Það er því ljóst að ekki er auðvelt að starfa fyrir Turkish Airlines, enda hafa þær mótmælt þessum reglum meðal annars með því að setja eldrauðan lit á varirnar. Turkish Airlines hefur notið velgengni undanfarið og fengið mikið hrós fyrir þjónustu um borð. Það er news.com.au sem greinir frá þessu.


Vinnustaða-
skóla- og skjalaskápar



á hagstæðu verði.
Gerum tilboð í heildarlausnir fyrir t.d. skóla og íþróttahús



Skjala-hjólaskápar, þegar þú þarft að nýta plássið betur

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00



Minna að fletta
meira að frétta

visir.is




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“



**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is**, s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

# SUMARBÚSTAÐIR

MIÐVIKUDAGUR 15. MAÍ 2013

## Fáninn við hún

**Það er gaman að flagga við bústaðinn og fallegt að sjá íslenska fánann blakta við hún vítt og breitt um sveitir lands. Fylgja þarf ákveðnum reglum þegar fána er flaggað.** SÍÐA 2






Akstursshlið fyrir sumarhúsasvæði sem þú opnar með GSM-síma

Vönduð bómuhlið sem henta við íslenskar aðstæður, allt að 6 metrar á lengd. Stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar getur vaktað hliðið, tekið á móti viðvörunarboðum og stýrt aðgangi.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 120981

SUMARHÚS



Viðhald
Viðbyggingar
Pallasmíði

Vönduð
55m² og 65m² hús

Gagnheiði 34
Selfossi

Hús & Parket
893 0422
husogparket@gmail.com



Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi




## GRÓÐUR FYRIR SUMARBÚSTAÐARLANDIÐ

**Farskólinn –** Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra býður upp á námskeið um gróður og tré við sumarbústaði í apríl. Farið verður yfir ræktun skrautrunna, berjarunna, limgerðisplantna, lauftrjáa og sígræns gróðurs út frá gróðursetningu, jarðvegi, áburðargjöf og umhirðu.

Að námskeiðinu loknu ættu þátttakendur að þekkja sérkenni og harðgerði tegunda og ættu að geta valið fjölbreyttan trjágróður fyrir sumarbústaðarlandið. Gert er ráð fyrir tólf þátttakendum á hverju námskeiði en hægt er að óska eftir kennslu á öllu Norðurlandi vestra.

Nánari upplýsingar er að finna á farskolinn.is.


Námskeið fyrir byggingamenn 25. maí í Reykjavík

Ábyrgð byggingastjóra



Gerir þú þér grein fyrir ábyrgðinni?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur. Markmið þess er að upplýsa þá um ábyrgð sína og skyldur sem byggingarstjórar. Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingaryfirvöld. Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis, stöðu- og lokaúttektir.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í nýjum mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Þetta er jafnframt síðasta námskeiðið um ábyrgð byggingastjóra á vorönn 2013.

Námsmat: 100% mæting.
Kennari: Magnús Sædal byggingafulltrúi og Gunnar Pétursson lögfræðingur.
Staðsetning: Skúlatún 2, Reykjavík.
Tími: Laugardagur 25. maí kl. 9.00 - 17.00.
Lengd: 12 kennslustundir.
Fullt verð: 45.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.

Skráning á idan.is

Skráning á www.idan.is
og í síma 590 6400.

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is




Íslenski fáninn á Lögbergi.

# Hvenær má nota fánann?

**Það er skemmtilegt að flagga heima eða í sumarbústaðnum, enda margir sem gera það. Til að nota fánann þarf þó að kunna helstu reglur er varða hann.**

Á heimasíðu forsætisráðuneytisins má kynna sér lög og reglur þjóðfánans. Öllum er heimilt að nota fánann sé farið eftir settum reglum. Æskilegt er að almenningur dragi fána á stöng á fánadögum, þá daga sem ríkisfáninn er hafður uppi á opinberum byggingum. Fánann má nota við öll hátíðleg tækifæri, jafnt þau sem tengjast einkalífi sem önnur, eða á sorgarstundum, þá dreginn í hálfa stöng. Hér á eftir fara helstu reglur um þjóðfánann en ítarlegri reglur má finna á forsaetisraduneyti.is.

### Fánastöng og fánastærð

Fánastöng getur verið annaðhvort upp af húsi eða út frá hlið þess. Skal stönginni komið fyrir á smekklegan hátt. Einnig má reisa fánastöng á jörðu.

Á efri enda fánastangar er æskilegt að sé hnúður með skoruhjóli, sem fánalínan leikur liðlega í. Neðarlega á stönginni eða í beinu framhaldi af henni sé snerill til að festa fánasnúruna. Hentugt er að fánastöng sé þannig komið fyrir að auðvelt sé að losa hana eða fella. Fánastöng skal vera einlit.

### Fánatími

Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og skal hann að jafnaði eigi vera lengur uppi en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis. Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

### Fáni dreginn að húni

Þegar draga á fána að húni er rétt að halda honum samanbrotnum undir holhendi. Festingar viti fram (venjulega sigurnagli eða þverspýta að ofan, en lykkja að neðan). Þegar fánalínan hefur verið leyst er sá endi hennar sem vindur ber lengra frá stönginni hnýttur með fánahnút við efri festingu fánans, en hinn endinn við lykkjuna að neðan, einnig með fánahnút. Fáninn er dreginn með jöfnum hraða að húni og skal efra horn hans falla að húninum. Fánalínan skal vera strengd.

### Fáni dreginn niður

Þegar fáni er dreginn niður er það gert með jöfnum, hægum hraða. Fáninn er leystur af neðri festingu, tekinn saman undir holhendi og síðan leystur frá efri festingu. Fánasnúran er jöfnuð, snúruendar lagðir saman og hnýttur á þá lykkjuhnútur og snúran síðan vafin um snerilinn og fest traustlega.

### Fáni dreginn í hálfa stöng

Ef draga á fána í hálfa stöng er það gert með þeim hætti að fáninn er fyrst dreginn að húni og síðan felldur, svo að þriðjungur stangarinnar sé fyrir ofan efri jaðar fánans. Við jarðarför eða aðra sorgarathöfn skal fáninn dreginn að húni þegar henni er lokið og skal hann blakta þar uns fánatíma lýkur.

### Ýmsar reglur um fánann

Þegar fáni er dreginn á stöng eða dreginn niður skal gæta þess að hann snerti ekki jörð, vatnsyfirborð eða gólf.

Sé fáni á stöng við altari, ræðustól eða ræðuborð, leiksvið eða annan sambærilegan stað skal hann vera vinstra megin séð frá áhorfanda. Séu fánarnir tveir skulu þeir vera sinn til hvorrar handar.

Hvorki skal sveipa ræðustól þjóðfánanum né hafa hann framan á ræðustól.

Eigi má nota þjóðfánann til að sveipa með honum styttu eða annan hlut, sem á að afhjúpa, og aldrei skal nota hann sem borðdúk eða gólfábreiðu.

MIÐVIKUDAGUR 15. MAÍ 2013
1. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR



# GAME OF THRONES

**Spennan magnast** Leikarinn Kit Harington, sem túlkar Jon Snow í Game of Thrones, hefur mært land og þjóð um allan heim. Framleiðendur þáttanna hafa verið hér á ferð í leit að nýjum tökustöðum fyrir fjórðu þáttaröðina | 4



**Nýr matreiðsluþáttur** Hið blómlega bú hefst á Stöð 2 í kvöld. Þar eldar Árni Ólafur Jónsson úr íslensku hráefni | 2



**Sigur Rós í Simpsons** Frumsamin tónlist Sigur Rósar mun hljóma í lokaþætti Simpsons á mánudagskvöld | 3



**Óvænt endalok** Síðasti þáttur vetrarins af Spurningabombunni fer í loftið á föstudagskvöld | 6

Wallander | American Idol | Billboard-verðlaunahátíðin | Mr Selfridge

# Verðlaunamyndir um Wallander



**WALLANDER**
**Kl. 20.45 sunnudag**

Stöð 2 sýnir næstu þrjá sunnudaga vandaðar sjónvarpsmyndir frá BBC sem byggðar eru á metsölubókum sænska glæpasagnahöfundarins Hennings Mankell um rannsóknarlögreglumanninn Kurt Wallander. Bækurnar um Wallander hafa notið mikilla vinsælda hérlendis undanfarin ár og því eru þættirnir mikill hvalreki á fjörur áskrifenda stöðvarinnar. Það er leikarinn heimsfrægi Kenneth Branagh sem fer með hlutverk Wallanders í myndunum, sem hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Myndirnar þrjár sem sýndar verða gerast í suðurhluta Svíþjóðar, nánar tiltekið í bænum Ystad á Skáni. Þær eru byggðar á þremur samnefndum skáldsögum Mankells, Á villigötum, Eldveggur og Skrefi á eftir. Í fyrstu myndinni reynir Wallander að finna tengsl milli sjálfsmorðs ungrar konu og ráðherra í ríkisstjórn landsins. Í Eldveggi glímir hann við morðmál þar sem leigubílsstjóri er myrtur og hvernig morðið tengist látnum manni sem finnst við hraðbanka í bænum. Í lokamyndinni reynir Wallander að tengja saman morð á þremur unglingum og lögreglumanns sem er myrtur.

Sjónvarpsmyndirnar um Wallander hafa hlotið fjölda verðlauna, meðal annars fjölda BAFTA-verðlauna. Þær verða sýndar á Stöð 2 dagana 19. og 26. maí og 2. júní.



Árni Ólafur matreiðslumaður flytur í íslenska sveit og kynnir sér landbúnaðarstörf og eldar úr hráefni sem býðst í nágrenninu.

# ÚR SUÐUPOTTI Í NEW YORK Í ÍSLENSKA SVEIT

**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**
**Kl. 20.05 miðvikudaga**

Matreiðslumaðurinn Árni Ólafur Jónsson lætur draum sinn um líf í íslenskri sveitasælu rætast í nýrri matarþáttaröð, Hið blómlega bú, sem hefst á Stöð 2 í kvöld kl. 20.05.

Árni Ólafur hefur lengi búið á Manhattan í New York þar sem hann starfaði sem matreiðslumaður. Hann hafði lengi dreymt um að kynnast íslensku hráefni. Tekin var á leigu jörð í Borgarfirði þar sem þættirnir Hið blómlega bú eru teknir upp og spanna þeir hálft ár. Í eldhúsinu er afrakstur búsins og nærsveitarmanna meðhöndlaður og matreiddur.

„Ég bjó lengi í New York þar sem alltaf var ys og þys og mikill hamagangur. Ævintýraþrá og forvitni gerði það að verkum að ég sló til þegar mér bauðst að gerast bóndi í Árdal,“ segir Árni Ólafur. „Ég kynntist bændamörkuðum í New York og komst í tæri við bændur sem seldu framleiðslu sína þar. Þegar ég kom til Íslands náði ég ekki þessari sömu nálgun við hið góða íslenska hráefni. Þessi forvitni gerði það að verkum að mig langaði til að kynnast betur íslenskum landbúnaði, hráefninu, bændastarfinu og hvernig þessi framleiðsla fer fram,“ útskýrir Árni Ólafur.

## Borgarbarn í sveitinni

„Þegar ég hitti framleiðendurna og hugmyndasmiðina, Bryndísi Geirsdóttur og Guðna Pál Sæmundsson, stökk ég strax á þetta frábæra tækifæri að gerast örbóndi. Ég er borgarbarn í húð og hár og hef ekki haft nein tengsl við sveitina á Íslandi. Í eldhúsunum í New York er jafnmikill ys og á götunum. Þar er pressa, hiti og mikið stress en þetta er þó skemmtilegt starf sem ég kann vel við. Mér fannst skrítið að koma úr þessum suðupotti í New York í kyrrðina í Borgarfirðinum. Að heyra fuglana syngja og sjá dýrin á beit fyrir utan gluggann. Þetta eru tveir ólíkir heimar. Það er svo spennandi að geta keyrt í fimmtán mínútur og keypt hunang eða hveiti. Hér er fólk sem ræktar fíkjutré og vínber og það finnst mér mjög spennandi og langar til að prófa sjálfur. Þessi rólegheit henta mér mjög vel,“ segir hann.

> Mér fannst skrítið að koma úr þessum suðupotti í New York í kyrrðina í Borgarfirðinum.

## Mikill fjölbreytileiki

„Fjölbreytileiki í sveitum landsins var það sem við lögðum upp með fyrir þessa þætti. Ég var ókunnugur þessari framleiðslu en langaði til að kynna mér hana, fræðast um íslenskan landbúnað. Það hefur komið mér skemmtilega á óvart hversu margt er í gangi hér á landi. Það verður gaman að leyfa öðrum að kynnast því líka í gegnum þættina. Ég hef hvorki áður séð um bústofn né sett niður í matjurtagarð áður. Einnig fannst mér virkilega ánægjulegt að heimsækja allt þetta yndislega fólk í sveitinni og sjá hvað það er að gera og hvað þetta eru miklar toppvörur sem eru framleiddar hér á landi.“

## Úr viðskiptum í eldhúsið

Hvernig var þér tekið í sveitinni?

„Mér var tekið opnum örmum. Fólk var kannski svolítið hissa fyrst að ég, borgarbarnið, ætlaði að fara að stunda bændastörf. Allir voru tilbúnir að hjálpa og aðstoða. Ég þurfti til dæmis að læra á traktor,“ segir Árni Ólafur enn fremur og bætir því við að hann hafi alla tíð langað til að verða kokkur þótt hann hafi farið óvenjulega leið til þess.

„Ég kláraði fyrsta árið í matreiðslunámi í MK en skipti síðan um gír og fór í háskóla og er útskrifaður viðskiptafræðingur. Ég var að vinna við reikningshald og sat við tölvu allan daginn en fann fljótt að það hentaði mér ekki. Þegar ég flutti til New York fann ég þörf til að gera eitthvað annað. Ég skellti mér því í kokkaskóla, The French Culinary Institute, og það var virkilega skemmtilegt að upplifa þá ástríðu sem þar var. Þar störfuðu þekktir kennarar sem kenndu mér meðal annars að búa til pylsur og þurrka kjöt. Ég held að ég hafi ekki getað tekið betri ákvörðun en að fara í kokkaskóla.“



Stöðvar 2 blaðið er gefið út einu sinni í viku. Þar er að finna efni tengt dagskrá stöðvarinnar.



# SIGUR RÓS Í SIMPSONS



Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar.

MYND/GVA

**THE SIMPSONS**
**Kl. 19.45 mánudag**

Hljómsveitin Sigur Rós bætist í hóp heimsþekktra listamanna þegar meðlimum hennar bregður fyrir í næstsíðasta þætti 24. seríu Simpsons-þáttanna sem sýndur verður á Stöð 2 næsta mánudag. Tveir síðustu þættir seríunnar verða sýndir í Bandaríkjunum 19. maí og sólarhring síðar á Stöð 2. Hljómsveitin var einnig beðin um að semja tónlist fyrir þáttinn en engin hljómsveit hefur áður hlotið þann heiður. Georg Hólm, bassaleikari sveitarinnar, segir verkefnið hafa borið brátt að en það hafi verið skemmtileg áskorun. „Okkur skilst að Matt Groening, höfundur Simpsons-þáttanna, sé mikill aðdáandi hljómsveitarinnar og þannig hafi þetta upprunalega komið til. Við erum auðvitað allir aðdáendur þáttanna og fannst þetta vera skemmtilegt verkefni.“

Meðal frægra tónlistarmanna sem birst hafa í þáttunum vinsælu eru Aerosmith, Michael Jackson og bítlarnir Ringo Starr, George Harrison og Paul McCartney.

Georg segir tónlistina sem hljómar í þættinum hafa verið samda á tónleikaferðalagi sveitarinnar um Evrópu í febrúar og mars. „Við settum upp litlar vinnustofur á tónleikastöðunum og unnum í þessu verkefni eins og tími gafst til.“

Þátturinn ber heitið „The Saga of Carl Carlsson“ og fjallar um ferðalag Homers, Carls, Lennys og barþjónsins Moes til Íslands. Félagarnir kaupa lottómiða saman og vinna stóra vinninginn. Carl stelur miðanum og flýr til Íslands en hann á ættir að rekja þangað og dvaldi þar á sínum yngri árum. Hinir þrír leggja því í ferðalag á eftir honum og lenda í ýmsum ævintýrum.

Tveir þættir verða sýndir á mánudagskvöld og kemur Sigur Rós fram í fyrri þætti kvöldsins.

## BEINT



**Candice Rickelle Glover** er fædd 22. nóvember 1989. Hún kemur frá eyjunni St. Helena í Suður-Karólínu. Hún er elst sjö systkina. Hún hefur verið sögð besti flytjandi keppninnar frá upphafi og eru sigurlíkur hennar miklar.



**Kree Anette Harrison** er fædd 17. maí 1990 og á því afmæli daginn eftir úrslitakeppnina. Hún kemur frá Port Arthur í Texas. Sorgaratburðir höfðu áhrif á líf hennar. Hún missti föður sinn í flugslysi 11 ára og 19 ára missti hún móður sína.

# ÚRSLITASTUND AMERICAN IDOL

**AMERICAN IDOL**
**Kl. 23.15 fimmtudag**

Dómarar í American Idol segjast aldrei hafa haft jafn sterka keppendur og þennan veturinn. Sérstaklega voru þeir hrifnir af þeim þremur stúlkum sem kepptu í síðasta þætti.

Nú eru bara tvær eftir, þær Candice Glover og Kree Harrison, sem keppa um titilinn annað kvöld í beinni útsendingu á Stöð 2 og hefst fjörið klukkan 23.15 þegar sýndur verður fyrri þáttur vikunnar. Þar syngja stúlkurnar tvær sem keppa til úrslita þrjú lög hvor. Síðan verður skipt yfir í beina útsendingu á miðnætti þar sem úrslitin verða tilkynnt.

Í síðasta þætti datt hæfileikarík söngkona úr keppni, Angie Miller, en margir töldu að hún myndi keppa til úrslita. Það verður mikið um dýrðir þegar keppnin verður send út beint frá Hollywood og munu allir keppendur sem komust í úrslit koma fram í þættinum auk eldri keppenda.

Ákveðið hefur verið að American Idol verður aftur að ári og þá í þrettánda skiptið. Randy Jackson hefur tilkynnt að hann ætli að hætta sem dómari en hann hefur verið með frá upphafi.

## BEINT

billboard 2013 MUSIC AWARDS







# Billboard-verðlaunahátíðin

**BILLBOARD**
**Kl. 00.00 sunnudag**

**Billboard-tónlistarverðlaunahátíðin fer fram á hvítasunnudag og verður sýnd í beinni útsendingu á Popptíví. Á hátíðinni verður listamanninum Prince veitt sérstök heiðursviðurkenning auk þess sem hann mun taka lagið. Fjöldi vinsælla tónlistarmanna kemur fram á hátíðinni, þar á meðal Jennifer Lopez og Pitbull, Christina Aguilera, Justin Bieber og Bruno Mars. Flestar tilnefningar í ár fengu hljómsveitirnar Maroon 5 og fun., auk söngkonunnar Taylor Swift en þau fengu hvert ellefu tilnefningar.**

**Kynnir hátíðarinnar er grínistinn Tracey Morgan sem þekktur er úr grínþáttunum Saturday Night Live og 30 Rock.**






# ÍSLANDSVINUR

**GAME OF THRONES**
**Kl. 21.20 mánudag**

Leikarinn Kit Harington, sem túlkar Jon Snow í þáttunum Game of Thrones, er heillaður af Íslandi. Hann hefur mært bæði land og þjóð í fjölmörgum viðtölum sem birst hafa um allan heim.

Harington kom fyrst til Íslands fimmtán ára gamall og var þá strax áfjáður í að koma hingað aftur. Hann sneri síðan aftur til landsins nokkrum árum síðar með kvikmyndatökuliði Game of Thrones og barðist við kulda og trekk uppi á jökli. Hann segist hafa heillast samstundis af stórbrotinni náttúrunni. „Fegurðin er ótrúleg og við eyddum miklum tíma í að góna á landslagið,“ segir Harington í einu viðtalinu. Þá taldi hann það líkast því að lenda á tunglinu að koma til Íslands. „Ísland er land öfga, hér eru miklar sléttur og háir jöklar.“

Hari
get ger
segir h
verðun
Hari
tökum
honum
samma
Haring
sem ha
ir,“ seg
Í ein
sem ek
ins. „J

## HAFA GERT GARÐINN FRÆGA



Hinn 21 árs gamli **Jack Gleeson** leikur hinn ógeðfellda unglingskonung Joffrey Baratheon. Gleeson er írskur og þrátt fyrir ungan aldur enginn nýgræðingur þegar kemur að kvikmyndaleik. Hann fór með lítið hlutverk í Batman Begins og fékk afar góða dóma fyrir aðalhlutverkið í myndinni All Good Children. Hann hefur leikið Joffrey frá því að hann var sautján ára og þarf að gera sér upp breskan hreim enda talar hann sjálfur með þykkum írskum hreim.

**Gwe**
og kr
er bre
í minn
Imag
er he
engin
og va
Chris
verki
krafta
reiðtí



# RINN KIT HARINGTON

ington segist aldrei verða þreyttur á Íslandi. „Ég
rt fólk alveg vitlaust með því að tala um landið,“
hann og ætlar sér að snúa aftur hvort sem áfram
r kvikmyndað hér á landi eður ei.
ington nýtti þá fáu frídaga sem hann hafði frá
til að skemmta sér í Reykjavík. Fréttir bárust af
á tónleikum og skemmtistöðum og voru menn
ála um að þar færi kurteis og vinalegur maður.
gton er enda mjög ánægður með móttökurnar
nn hefur fengið. „Íslendingar eru mjög vinaleg-
ir hann.
u viðtalinu er hann beðinn um að benda á það
ki megi fara fram hjá þeim sem ferðast til lands-
öklarnir og Bláa lónið,“ var svarið. Þá var hann
spurður hvort hann hefði lært nokkra íslensku. Ekki sagðist hann hafa lært margt. Það eina sem hann kynni að segja væri: „Takk.“

### Leituðu að nýjum tökustöðum

Nýlega bárust fréttir af því að framleiðsluteymi HBO hefði verið á ferð um Ísland til að leita að nýjum tökustöðum fyrir fjórðu þáttaröð Game of Thrones. Snjór og kuldi spiluðu stórt hlutverk í sögusviði Næturvaktarinnar og veraldarinnar handan veggjarins en talið er að nú sé leitað eftir öðrum bakgrunni. Þannig eigi nú að taka upp að sumri til að fanga upplifun af hinni björtu íslensku sumarnótt.

## AN

*Game of Thrones hefur veitt mörgum áður óþekktum andlitum heimsfrægð. Þeirra á meðal eru Jack Gleeson, Gwendoline Christie og Emilia Clarke sem fáir vissu deili á fyrir nokkrum misserum.*



**ndoline Christie** leikur hina hávöxnu
raftalegu Brienne of Tarth. Christie
esk leikkona sem hefur komið fram
niháttar hlutverkum, til dæmis í The
inarium of Doctor Parnassus. Brienne
nnar fyrsta stóra rulla. Christie er
n smásmíði sjálf, 183 cm á hæð,
ar því kjörin í hlutverk Brienne.
stie lagði mikið á sig fyrir hlut-
ð, þjálfaði stíft til að verða sem
alegust og klippti hárið. Hún fór í
ma og þjálfaði skylmingartækni.



**Emilia Clarke** leikur hina íðilfögru Daenerys Targaryen drekamóður. Clarke er bresk leikkona sem hefur lítið verið í sviðsljósinu. Hún var í gestahlutverki í dramatísku þáttunum Doctors á BBC en hlutverk Daenerys hefur sannarlega komið þessari skeleggu leikkonu á kortið. Þess má geta að önnur leikkona, Tamzin Merchant, fór með hlutverk drekamóðurinnar í kynningarþætti Game of Thrones.

# MYND HELGARINNAR




**BROOKLYN'S FINEST**
**Kl. 22.00 laugardag**

Hörkufín spennumynd með stórleikurunum Richard Gere og Ethan Hawke í aðalhlutverkum. Með önnur helstu hlutverkin fara Don Cheadle, Wesley Snipes, Will Patton, Ellen Barkin og Vincent D'Onofrio.

Sögusvið myndarinnar er eitt hættulegasta hverfið í Brooklyn í New York. Myndin fjallar um þrjá ólíka lögreglumenn sem tengjast ekkert en leiðir þeirra liggja saman í morðmáli sem á eftir að hafa mikil áhrif á þá alla.

Roger Ebert heitinn, sem var einn virtasti kvikmyndagagnrýnandi í Hollywood, gaf myndinni þrjár stjörnur af fjórum mögulegum.

Leikstjóri myndarinnar er Antoine Fuqua sem sló í gegn með myndinni Training Day árið 2001 þar sem Ethan Hawke lék einnig annað aðalhlutverkanna, þá með Denzel Washington.

# 10 BÍÓ

BÍÓ **TOPPMYNDIR**
**Kl. 22.00 alla daga**



**The A Team**
Miðvikudag
Spennumynd með Liam Neeson, Bradley Cooper og Jessicu Biel í aðalhlutverkum og fjallar um hóp hermanna sem freista þess að fá uppreisn æru eftir að hafa verið ranglega sakaðir um glæp.



**Bridesmaids**
Fimmtudag
Fersk, frumleg og hárbeitt gamanmynd um konu sem fær það hlutverk að skipuleggja brúðkaup vinkonu sinnar með öllu því sem því fylgir.



**Unstoppable**
Föstudag
Spennumynd með Denzel Washington í aðalhlutverki. Stjórnlaus lest nálgast íbúðarhverfi á ógnarhraða og það þarf hetjudáð til að koma í veg fyrir stórslys.



**The Messenger**
Laugardag
Áhrifamikil mynd með Woody Harrelson í aðalhlutverki en hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í myndinni.



**Taken**
Sunnudag
Hörkuspennandi mynd með Liam Neeson í hlutverki fyrrverandi leyniþjónustumanns sem þarf nú að nota alla sína þekkingu og reynslu til þess að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja.



**War Horse**
Mánudag
Mögnuð mynd úr smiðju Stevens Spielberg sem tilnefnd var til fjölda Óskarsverðlauna, meðal annars sem besta myndin.



**Crank: High Voltage**
Þriðjudag
Hörkuspennandi tryllir með Jason Statham í aðalhlutverki. Hún fjallar um mann sem er í kapphlaupi við tímann þar sem hann þarf á reglulegu raflosti að halda til að halda hjarta sínu gangandi.

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2



# NÝIR NÁGRANNAR Á STÖÐ 2

## Óvenjuleg og bráðkemmtileg gamanþáttaröð frá Disney.

**THE NEIGHBORS**
**Kl. 19.20 laugardögum**

Hversu vel þekkir þú nágranna þína? Þessari spurningu neyðist Weaver-fjölskyldan til að svara í gamanþáttaröðinni The Neighbors sem hefur göngu sína á Stöð 2 á laugardagskvöld.

Weaver-fjölskyldan flytur inn í nýtt hverfi í New Jersey. Staðurinn er líkastur paradís á jörð, í þessu litla samfélagi hjálpast allir að auk þess að hafa aðgang að golfvelli og hverju sem hugurinn girnist. Smám saman kemst Weaver-fjölskyldan að því að þau skera sig talsvert úr í nýja hverfinu, þau eru einu íbúarnir sem ekki eru geimverur.

The Neighbors fékk góðar viðtökur á sjónvarpsstöðinni ABC í vetur og er ein af fáum nýjum gamanþáttaröðum sem ákveðið hefur verið að halda áfram framleiðslu á næsta vetur.

# Brautryðjandinn Herra Selfridge

## Margir hafa fallið fyrir Mr Selfridge sem Stöð 2 hefur sýnt undanfarið en áframhald verður á þáttunum næsta vetur.

**MR. SELFRIDGE**
**Kl. 19.55 sunnudagur**

Harry Selfridge er bandarískur fjölskyldufaðir sem flytur með fjölskyldu sína frá Chicago til að kenna breskum konum að kaupa tískufatnað í alvöru vöruhúsi. Auk þess tók hann upp ýmsar nýjungar í verslunarrekstri sem þykja vanalegar í dag. Til dæmis var hann sá fyrsti sem taldi að snyrtivörur og ilmvötn ættu að vera á fyrstu hæð í stórverslunum. Enn í dag er Selfridge's vinsæl verslun í London.

Þættirnir eru byggðir á ævisögu Harrys Selfridge sem fæddist í Bandaríkjunum árið 1856. Faðir hans stakk af frá fjölskyldu sinni og tveir bræður Harrys létust ungir. Harry ólst því einn upp hjá móður sinni sem síðar flutti með honum til London. Hann var oft kallaður mömmustrákur vegna sterkrar vináttu þeirra.

Saga Selfridges er merkileg, ekki síst vegna bakgrunns hans. Hann hætti í skóla 14 ára og fór að bera út blöð til að létta undir í heimilisrekstri. Síðan hóf Selfridge störf í banka í Michigan eða þangað til hann fékk vinnu hjá stórversluninni Marshall Field í Chicago. Þar starfaði hann í 25 ár, eignaðist hlut í fyrirtækinu og er þekktur fyrir að hafa fundið upp ýmis slagorð tengd verslun. Hann hvatti fólk til innkaupa fyrir jólin með ýmsum nýstárlegum slagorðum og fann upp setninguna að viðskiptavinurinn hefði alltaf rétt fyrir sér.

Selfridge's opnaði árið 15. mars 1909 og var brautryðjandi á margan hátt í verslunarrekstri í Englandi. Í fyrsta skipti hafði verslun upplýsta glugga á nóttunni og mikilfenglegar gluggaskreytingar. Harry Selfridge átti stórmerkilega en sorglega ævi en hann lést í maí 1947, þá 91 árs.

Bandaríski leikarinn Jeremy Samuel Piven, fæddur 1965, fer með hlutverk Selfridges í þáttunum. Hann hefur leikið í fjölda kvikmynda en er best þekktur fyrir hlutverk sitt sem Ari Gold í sjónvarpsþáttaröðinni Entourage. Hann hlaut bæði Golden Globe og Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í þeim þáttum.

Lokaþáttur Mr Selfridge verður sýndur næsta sunnudag kl. 19.55.

Mr Selfridge snýr aftur á Stöð 2 næsta vetur en búist er við nýrri þáttaröð í desember.





## KIEFER SUTHERLAND SNÝR AFTUR Í 24

Spennuþáttaröðin 24 mun snúa aftur á Stöð 2 á næsta ári. Ákveðið hefur verið að hefja framleiðslu á nýrri þáttaröð um hörkutólið Jack Bauer, sem Kiefer Sutherland leikur. Á árunum 2001-2010 voru framleiddar 8 þáttaraðir um Jack Bauer og baráttu hans við hryðjuverkamenn, alls 192 þættir og ein sjónvarpsmynd.



# PÍNULÍTIÐ ÓVIÐEIGANDI

## Logi Bergmann er þögull sem gröfin yfir óvæntum endalokum Spurningabombunnar.

**SPURNINGABOMBAN**
**Kl. 20.05 föstudag**

Mér þykir mikið skemmtilegra að vinna á Stöð 2 en RÚV. Hér fæ ég frelsi til að gera það sem mig langar til á lifandi og dýnamískum vinnustað. Á Stöð 2 eru líka aðeins meiri fíflalæti. Ég á hins vegar góða vini á RÚV og finnst alltaf gaman að koma þangað," segir Logi um Spurningabombuna, sem hann telur langskemmtilegasta verkefni sitt.

„Föstudagskvöld eiga að vera skemmtileg og því er Spurningabomban skemmtiþáttur frekar en spurningaþáttur. Þess vegna eru grínistar og skemmtilegt fólk uppistaðan í gestaflórunni en í nær hverjum þætti situr nýr gestur," segir Logi sem á sinn eftirlætisgest.

> Ég hef mesta ánægju af bleikum og bjánalegum spurningum og hef þá skoðun að spurningar verði að vera fyndnar.

„Þorsteinn Guðmundsson er í mestu uppáhaldi því hann kemur alltaf á óvart og er fyndinn á átakalausan hátt. Anna Svava er líka í dálæti, Gunnar Hansson, Villi naglbítur og Hugleikur Dagsson, sem er alltaf pínulítið óviðeigandi sem er gaman en líka dálítið erfitt," segir Logi hlæjandi og öllu vanur.

„Sumir gesta minna hafa tekið yfir þáttinn en það er bara hluti af fjörinu. Það er ekkert atriðið fyrir mig að hafa stjórn á þættinum og nóg af svoleiðis fólki í sjónvarpi."

Grunnur Spurningabombunnar var sóttur í þáttinn Big Fat Quiz of the Year á Channel 4. „Síðan höfum við bætt við mörgum atriðum sem Channel 4 hefur tekið upp á eftir okkur og er bæði fyndið og skemmtilegt," segir Logi sem semur flestar spurningarnar sjálfur.

„Ég hef mesta ánægju af bleikum og bjánalegum spurningum og hef þá skoðun að spurningar verði að vera fyndnar. Mér finnst næstum ófyrirgefanlegt að gera leiðinlega spurningaþætti og nauðsyn að fá að klára spurningar svo áhorfendur geti svarað þeim líka," segir Logi sem þykir flest leyfilegt sé ætlunin að vera fyndinn.

„Eitt skemmtilegasta augnablik vetrarins var þegar Friðrik Ómar var bókaður í óheppilega tvífarakeppni sem innihélt hann sjálfan og tröllið úr Goonies. Sem betur fer hafði Friðrik húmor fyrir sjálfum sér þegar tvífari tröllsins kom í ljós en var sjáanlega brugðið sem var afskaplega fyndið en sláandi fyrir okkur og áhorfendur." Áhorfendur Spurningabombunnar bíða í ofvæni eftir óborganlegum spurningadansi Rúnars Freys Sigurðssonar leikara. „Rúnar er senuþjófur en það er bara fínt. Á meðan fólk skemmtir sér vel er mér alveg sama hvort ég sé í aðalhlutverki eða ekki," segir Logi.

# Sjónvarp framtíðarinnar



iPad mini
Verð frá: **59.990.-**



iPhone
Verð frá: **79.990.-**



iPod touch
Verð frá: **42.990.-**




Apple TV
Verð: **23.990.-**



iPad 4
Verð frá: **89.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300



Panasonic
my Home Screen
Home Screen Selection
Apps
Search
Messages
Setting
Help
Asphalt 5
Aa Bb Cc
1234567
VIERA Connect
UNO
Skype
ALLT SEM ÞÚ ELSKAR Á EINUM STAÐ
NÝTT SMART VIERA MEÐ PERSÓNULEGUM HEIMASKJÁ.
SMART TV SJÓNVARP GERT EINFALT.
Með nýja Smart VIERA sjónvarpinu opnar þú á einum stað allt það besta sem sjónvarp og netið hafa uppá að bjóða, og gerir þér kleift að setja upp þinn eigin heimaskjá, uppsettan með þínum uppáhalds öppum, valmöguleikum og þjónustu.
Vitræn og notendavæn hönnun gerir þér kleift að stjórna Smart VIERA sjónvarpinu með einföldum raddskipunum og fisléttum Swipe & Share skipunum með snjallsíma eða spjaldtölvu.
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
SMART VIERA







Smellinn sumarhúsin eru fljótleg í uppsetningu og hönnunin eftir þínu höfði. Þú þarft ekki að eyða sumarfríinu í viðhald og færð lengri tíma til að njóta lífsins.

Vínarsteinn er fallegur steinn sem gefur hlýlegt yfirbragð við sumarhúsið og í garðinum.

Landslagsarkitektar BM Vallá aðstoða þig við að móta hugmyndir þínar um fallegan garð.




BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is

BM Vallá ehf · Akureyri
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvalla.is

Hafðu samband við söludeild BM Vallá
og við aðstoðum þig við næstu skref.

BM·VALLÁ
forsteyptar einingar smellinn

www.bmvalla.is



Á sumarhúsapalli getur fjölskyldan átt sínar bestu stundir.

# Sundlaug á pallinum

Sumarhús eru oft og tíðum smá í sniðum og því getur góður sólpallur stækkað rými hans um helming. Pallar henta í margt annað en að liggja og sóla sig. Þar getur fjölskyldan átt góðar stundir, ekki síst börnin sem geta leikið úti undir vökulu auga hinna fullorðnu.

Þótt heitir pottar séu æði algengir á sólpöllum búa ekki allir við slíkan lúxus. Á heitum sumardögum er því gott að draga fram uppblásnu barnasundlaugina og fylla af vatni fyrir krakkana. Fátt þykir þeim skemmtilegra en að busla í vatni. Heitir sumardagar eru kannski ekki æði margir á Íslandi en með góðum skjólveggjum sem verja fyrir kaldri nepjunni má nýta sólargeislana betur.





Trjákurl heldur illgresi í skefjum

## TRJÁKURL Í GARÐINN

**Stórar greinar og tré** er kjörið að kurla niður og nýta í garðinn þegar verið er að grisja. Kurlið er tilvalið í beðin þar sem það heldur illgresi í skefjum og einnig er fallegt að nýta kurl í göngustíga. Þá er einnig hægt að nota kurl í safnkassann með öðrum úrgangi í jarðvegsgerð og kurl og stærri lurka má eins nota til upphitunar.

## SOFIÐ VEL AÐ HEIMAN



**Áttu erfitt með svefn** þegar þú sefur að heiman? Nýttu þér þá eftirfarandi hollráð til að sofa vært í sumarhúsinu eða hvar sem þú hallar höfði þínu.

- Reyndu að útbúa svefnherbergið svipað því og þú hefur það heima. Taktu koddann þinn með og hluti sem þú hefur vanalega á náttborðinu, vekjaraklukku, myndaramma, blómavasa eða tímarit og bækur.
- Gefðu líkamanum kunnugleg merki um að hann sé á leið í hvíld. Hafir þú verið með bók í lestri heima er gott að lesa nokkrar síður í henni fyrir svefninn. Sé vaninn að fara í róandi bað eða sturtu fyrir háttinn er gott að gera það sama í fríum. Eins að viðhafa sömu neysluvenjur, t.d. ef vaninn er að fá sér flóaða mjólk eða bolla af róandi jurtatei fyrir nóttina.
- Það er líka til umhugsunar ef þú sefur betur að heiman en heima hvert vandamálið er. Er rúmið betra eða koddinn? Er meiri kyrrð í herberginu? Athugaðu hver ástæðan er og þá geturðu bætt svefninn heima.










## Reiðhjól




Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is

## Hjólhýsi



LMC Favorit 520 árg. 2008 Mjög vel með farið hjólhýsi til sölu, þetta er hús með öllu, Alde kerfi og fl. Verð 3.300.000. Uppl. í s: 824 1314.



Hobby hjólhýsi. Kaupum fyrir þig Hobby hjólhýsi beint frá Evrópu. Sparnaður uppá mörg hundruð þúsund krónur. Getum afgreitt strax. 495 Ul Excellent, 540 UFe Excellent og 560 CFe Premium. 1.stk af hverju húsi til. Uppl. í S. 866 5395

## Fellihýsi




## Pallhýsi



Til sölu nokkur notuð Pallhýsi sem passa á Ameríska og japanska Pallbíla. Uppl. í s. 517 5200 Pkarlsson ehf. Ögurhvarf 2, Kópavogi www.pkarlsson.is

## Lyftarar




**KÖRFUBÍLALEIGA**

Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar.

S. 893 3573.

## Bátar



**ÞESSI HRIKALEGA FLOTTI HRAÐBÁTUR TIL SÖLU**

Vél 454cc, 330 hp, 80 km hámarkshraði. Er með Jet drifi, sérhannaður til siglinga á ám og grunnum vötnum. V. 4,5m. Gott stgr verð. S. 899 0410.

## Varahlutir




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**EÐAL PARTAR**

Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

Eigum varahluti í þessa bíla. Kaupum bíla í niðurrif. Toyota 96-07, Subaru 95-05, Nissan 96-04, Mitsubishi 96-02, Ford 98-07, Mazda 323 95-99. Kia Sportage 97-02, Peugeot 96-01. Opið á laugardögum 10-16. Bílar og Partar, Iðavellir 9c, 230 Reykjanesbæ 421-7979 www.bilarogpartar.is

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**GAUI PÍP**

Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Til leigu

**Kaupum MÆÐRABLÓMIÐ**
og styrkjum efnalitlar konur á Íslandi til náms

MÆÐRASTYRKSNEFND REYKJAVÍKUR

Sérhannað Mæðrablóm selt hjá: Iðu, Máli og menningu, Sigurboganum, Kraumi Þjóðminjasafninu, GK, Spark og völdum Lyfju, Apóteks og Eymundsson verslunum.

Leggja má inn á: 515-14-407333. Kt.660612-1140

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.




Mold til sölu. Heimkeyrð á höfuðborgarsvæðið og suðurnes. Uppl. í síma 843 0904.

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**

Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605

## Bókhald

**VANTAR ÞIG AÐ LÁTA SJÁ UM BÓKHALDIÐ?**

Ég tek það að mér. Ég reikna launin og sé um VSK og allt annað sem tilheyrir bókhaldi. Ef þú vilt að ég aðstoði þig, vertu þá í sambandi í síma 8622365 eða sendu mér póst á BR@talnet.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Við stofnum einkahlutafélag, opnum vsk númer og komum þér af stað ókeypis. AP Bókhaldsþjónustan s. 698-8985 petur@apbokhald.is

## Málarar

**LISTVERK PAKMÁLUN**

Gerum föst tilboð í mánlnigarvinnu úti sem inni. Sigurður S. 693 2625.

Listverk Málningarþjónusta Sigurður S. 693 2625

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**

Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Tek að mér að mála, flísa, og ýmisl. fl. Vönduð vinnubrögð. Gott verð. S. 866 9784 & 775 6622.

## Nudd

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-12. Rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**

Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

## Önnur þjónusta




**ÞARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**

Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Grasslátt og umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.






**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok í Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðnum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sogavegur 3, Sími 777 2000.




## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

Óska eftir þvottavél, notaðri og ódýrri í góðu lagi. Uppl. í S. 561 0006/898 7762.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**

**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur



**GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE**

Breyttu um lífstíl og notaðu lífrænt vottaðar snyrtivörur. Dömu, herra, unglinga og barnalína. Sala og dreifing: Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. S 517-8060, www.ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## KJÖRLENDI FYRIR EIGNAVERÐSBÓLU INNAN HAFTA



**VARNAÐARORÐ SEÐLABANKANS** Bent er á það í nýlegri umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að í nýrri skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika komi fram að vegna gjaldeyrishaftanna og takmarkaðra fjárfestingakosta hér innanlands safnist sparnaður heimila og fyrirtækja upp hjá bönkunum, fjárfestingasjóðum og lífeyrissjóðum. „Þvinguðum sparnaði lífeyrissjóðakerfisins þarf að finna farveg þótt spurn eftir fjármagni sé takmörkuð. Við þessar aðstæður skapast veruleg hætta á eignaverðhækkunum umfram það sem skýrist af væntri arðsemi. Slíkar innistæðulausar hækkanir ganga til baka fyrr eða síðar," segir í umfjöllun Greiningar.

Hvað skuldabréfamarkað varðar er bent á að fjármagn virðist farið að leita annað. „Í skýrslunni segir að á skuldabréfamarkaði hafi mikil eftirspurn allt frá árinu 2009 leitt til talsverðrar verðhækkunar skráðra bréfa. Verðhækkunin virðist þó hafa stöðvast á fyrri hluta síðasta árs og samhliða dró úr veltu. Minnkandi velta með skráð skuldabréf bendir til þess að sparifé leiti nú í ríkari mæli í aðra fjárfestingakosti."

Þá fylgist Seðlabankinn með áhættuþáttum á hlutabréfamarkaði þar sem veltan hafi aukist verulega undanfarið. „Nýskráningum hefur jafnframt fjölgað eftir því sem lengra hefur liðið frá fjármálaáfallinu. Spurn eftir hlutafé í almennum hlutafjárútboðum í undanfara skráningar á markað hefur aukist verulega enda tilhneiging á markaðnum til að bréfin hækki enn frekar eftir að þau hafa verið tekin til viðskipta." Bent er á að nýskráð félög hafi fyrsta mánuðinn eftir skráningu hækkað um tíu prósent frá hlutafjárútboðum og um 23 prósent fyrstu þrjá mánuðina.

Þegar skýrsla Seðlabankans kom út hafði OMXI6-hlutabréfavísitalan hækkað um 14,4 prósent frá áramótum og í fjármálastöðugleikaskýrslunni er sagt erfitt að leggja mat á hversu varanleg sú hækkun væri. „Bankinn bendir samt á að þessu fylgi oft aukin skuldsetning. Vegna takmarkaðrar eftirspurnar fyrirtækja eftir lánsfjármagni til fjárfestingar er hætta á að lánastofnanir auki útlán til skuldsettra kaupa og geti það aukið kerfisáhættu. Segir bankinn mikilvægt að fylgjast með þeim áhættuþáttum sem gætu valdið eignaverðsbólu," segir í umfjöllun Greiningar.

Hvað íbúðamarkað varðar er á það bent í fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabankans að velta hafi aukist jafnt og þétt frá árinu 2009 og fasteignaverð hækkað frá árinu 2011. „Bankinn bendir þó á að raunverð íbúðarhúsnæðis hafi haldist nokkuð stöðugt undanfarin þrjú ár eftir mikla lækkun á árunum 2008 og 2009. Verðþróunin hefur hins vegar verið afskaplega ólík eftir svæðum og hækkaði fermetraverð á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu töluvert í fyrra. Er fermetraverðið þannig hæst á höfuðborgarsvæðinu en sveiflur eru þar einnig meiri."

# Munnhöggvast um brot á Samkeppnislögum

**Stjórnendur Kortaþjónustunnar og Valitors takast hart á um samkeppnisbrot og viðskiptahætti. Kortaþjónustan segir að kæra eigi samkeppnislagabrot Valitors til lögreglu. Valitor segist ekki í beinni keppni við Kortaþjónustuna.**

Framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar, Jóhannes Ingi Kolbeinsson, hefur sent áskorun til Samkeppniseftirlitsins um að kæra meint samkeppnislagabrot stjórnenda Valitors til lögreglu.

Forstjóri Valitors, Viðar Þorkelsson, sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem hann segir Jóhannes Inga fara fram úr sér. Hann segir Valitor ekki í beinni samkeppni við Kortaþjónustuna. Viðar bendir á að að Valitor hafi verið í samkeppni við móðurfyrirtæki Kortaþjónustunnar, Teller, sem sé 15 sinnum stærra fyrirtæki en Valitor og eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu.



JÓHANNES INGI KOLBEINSSON



VIÐAR ÞORKELSSON

Viðar segir jafnframt að um sé að ræða gamalt mál sem snúi að samkeppni í færsluhirðingu á Íslandi frá árinu 2007 fram á mitt ár 2009.

Þannig segir Viðar að Kortaþjónustan hafi ekki verið færsluhirðir á umræddu tímabili heldur einungis söluskrifstofa fyrir erlenda fyrirtækið Teller og allar færslur við hérlenda söluaðila hafi verið sendar úr landi til heimalands Teller, Danmerkur, til frekari úrvinnslu.

Í áskorun sinni hvetur Kortaþjónustan stjórnvöld til að tryggja Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir þannig að eftirlitið geti ekki aðeins vísað málum til lögreglu eins og nú er heimilt heldur einnig til annarra opinberra eftirlitsaðila, til dæmis til Fjármálaeftirlitsins og skattayfirvalda, svo lög um fjármálafyrirtæki virki sem skyldi.

Í yfirlýsingu Valitors segir hinsvegar að ágreiningur sé um hvernig eigi að túlka samkeppnislög á þessum tíma og að málið hafi verið kært til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Valitor segist þó fagna þeim hugmyndum um aðkomu ríkisvalds að skilgreiningu á markaði, skilvirkni hans og hagkvæmni til þess að gæta hagsmuna íslenskrar greiðslumiðlunar og íslensks almennings.

Í áskorun Kortaþjónustunnar segir meðal annars: „Í ljósi ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 08/2013 þar sem eftirlitið lagði 500 milljóna króna sekt á Valitor vegna alvarlegra, langvarandi og síendurtekinna brota Valitors gegn samkeppnislögum skorar Kortaþjónustan á Samkeppniseftirlitið að nýta heimildir samkeppnislaga og kæra málið til lögreglu til rannsóknar."

Jafnframt er vísað til laga um fjármálafyrirtæki og krafna um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Þannig vill Kortaþjónustan fá úr því skorið hvort stjórnarmenn og framkvæmdastjóri Valitors fullnægi hæfisskilyrðum laga um fjármálafyrirtæki.

olof@frettabladid.is



**KORTIÐ NOTAÐ** Milljarðar velta um kortakerfi verslana og eftir nokkru að slægjast í þeim viðskiptum. Hér hafa fyrirtæki játað á sig hliðarspor frá lögum um samkeppni.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES





NÝSKÖPUN EYKUR
VERÐMÆTI

Fjölmörg fyrirtæki í viðskiptum við Arion banka hafa nýsköpun að leiðarljósi í sinni viðskiptaþróun og eru að ná eftirtektarverðum árangri.

**Arion banki styður nýsköpun í atvinnulífinu.**

Arion banki

ESB rannsakar samráð:

## Leita gagna hjá olíufélögum

Rannsóknarmenn á vegum Evrópusambandsins gerðu í gær húsleit á skrifstofum nokkurra helstu fyrirtækja á olíumarkaði, að því er fram kemur í umfjöllun breska ríkisútvarpsins, BBC.



Í tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB segir að grunur hafi vaknað um að fyrirtækin kynnu að hafa „tekið sig saman um að greina frá brengluðum verðtölum“. Ekki hefur verið greint frá því um hvaða fyrirtæki sé að ræða og áréttað að rannsóknin jafngildi ekki sekt þeirra.

BBC segir BP, Royal Dutch Shell, Statoil í Noregi og verðlagningarstofuna Platts hafa staðfest að unnið væri með stjórnvöldum að rannsókn málsins. - óká

Aðalfundur FKA:

## Þórdís Lóa nýr formaður



ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri Pizza Hut á Íslandi, var kjörin formaður Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) á aðalfundi félagsins í gær.

Þórdís Lóa var sjálfkjörin en hún tekur við af Hafdísi Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Lauga Spa. - mþl

# Alla starfsævina í tryggingum

**Sigurður Viðarsson er forstjóri TM en félagið er hið nýjasta á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Sigurður hefur unnið við tryggingar frá útskrift og nýtur útivistar ásamt fjölskyldu í frítíma sínum.**

**SVIPMYND**
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Nýjasti forstjóri skráðs fyrirtækis á Íslandi er Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, en félagið sneri á dögunum aftur á markað eftir fimm ára hlé. Sigurður hefur unnið við tryggingar allan sinn feril en leggur mesta áherslu á útivist utan skrifstofunnar.

„Ég byrjaði hjá Alþjóða líftryggingafélaginu, sem heitir Okkar líf í dag, árið 1997 og var forstöðumaður fjármála- og vátryggingasviðs þegar ég hætti. Árið 2007 var ég svo ráðinn forstjóri TM og hef því fátt annað gert um starfsævina en að vinna við tryggingar. Sem betur fer kann ég vel við mig enda má segja að ég kunni ekkert annað,“ segir Sigurður.

Mikill áhugi var á hlutafé í TM í útboði vegna skráningarinnar. „Við fengum inn sjö þúsund hluthafa, miklu fleiri en ég þorði að vona. Og það er gott að vita til þess að fólk vilji fjárfesta í félaginu og þar með treysti okkur fyrir peningunum sínum.“

TM hefur á síðustu árum staðið í mikilli uppbyggingu eftir bankahrunið. Áherslan hefur farið á ný á kjarnastarfsemina í stað fjárfestinga en Sigurður segir það hafa verið skemmtilegt verkefni.

„Þetta var mikil áskorun en það er gaman að segja frá því að árið 2008 gerðum við fimm ára áætlun um þetta sem hefur gengið alveg glettilega vel eftir. Sem er kannski merkilegt því markmiðin voru metnaðarfull og margir töldu okkur brjáluð á þeim tíma,“ segir Sigurður og bætir við að það hafi sömuleiðis verið lærdómsríkt að takast á við afleiðingar bankahrunsins og fjármálakreppunnar.

„Það að takast á við vaxandi erfiðleika, bæði hér heima og í Noregi, þar sem TM átti tryggingafélag að svipaðri stærð, var gríðarlega erfitt. Lánshæfismatið okkar var lækkað og fjölmörg úrlausnarefni fylgdu storminum hér heima. En þetta er auðvitað reynsla sem maður tekur með sér og býr að.“

Sigurður var á sínum tíma efnilegur handboltamaður og lék fyrir Stjörnuna og yngri landslið. Hann lagði skóna á hilluna tiltölulega ungur eftir að hafa slitið krossband í hné tvisvar en telur reynsluna úr handboltanum hafa nýst sér síðan. „Að hafa verið í hópíþrótt hjálpar manni mikið upp á liðsanda og margt fleira. Ég var yfirleitt fyrirliði í mínum liðum þannig að ég lærði að miðla málum og hvetja menn til dáða. Það hefur nýst mér í stjórnunarstarfi,“ segir Sigurður sem reynir að nýta frítímann í útiveru með fjölskyldunni.

„Á sumrin reyni ég að stunda golf og stangveiði en á veturna reyni ég að komast á vélsleða og skíði. Ég er mikill útivistarmaður þótt ég hafi ekki náð að sinna því eins og ég hefði viljað síðustu ár. En þetta blundar í mér og raunar öll útivera sem hægt er að njóta með fjölskyldunni.“



**SIGURÐUR VIÐARSSON** Sigurður var efnilegur handboltamaður á sínum yngri árum og spilaði fyrir yngri landslið Íslands. Hann lagði þó skóna á hilluna tiltölulega ungur vegna erfiðra meiðsla FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Sigurður vann með mér um nokkurra ára skeið. Hann hóf störf í tryggingageiranum með háskólanámi og hefur starfað við fagið allar götur síðan. Sigurður fékk tryggingagenið í vöggugjöf en afi hans og móðurbróðir settu kúrsinn fyrir hann. Hann er stærðfræðiheili en laus við þráhyggjuna og nákvæmnina sem fylgir sumum slíkum. Hann einbeitir sér að aðalatriðunum en lætur samstarfsfólk um útfærslu ákvarðana sinna. Sumum kann að finnast það vottur af kæruleysi eða leti, en þessi eiginleiki nýtist æðstu stjórnendum vel eins og ferill Sigurðar sannar. Hann er keppnismaður í íþróttum og góður í því sem hann tekur sér fyrir hendur í þeim efnum. Hann mætti samt laga fluguköstin og sýna meiri þolinmæði í laxveiðinni. Hann er vinmargur og gleðipinni þegar það á við.“

**Örn Gústafsson**
*forstjóri Okkar lífs*



„Ég kynntist Sigga fyrst þegar ég var þjálfari 3. flokks Stjörnunnar í handbolta og svo síðar þegar ég var þjálfari meistaraflokks. Sem handboltamaður var hann mjög klókur, las leikinn vel og var „teknískur“. Hann var ekki mesti rumurinn í liðinu en var mjög fylginn sér og skilaði alltaf sínu. Ef hann hefði verið heppnari með meiðsli er ég ekki í vafa um að hann hefði náð lengra í handbolta. Hann var ekki síður mikilvægur fyrir liðið utan vallar, með sinn lúmska húmor, hélt alltaf ró sinni þótt á móti blési og gaf hópnum mikið. Þessir eiginleikar Sigga og reynsla hans úr boltanum hafa án vafa nýst honum vel sem forstjóri TM.“

**Einar Einarsson**
*framkvæmdastjóri Capacent rannsókna*







# Skandinavísk hönnun með indverskum áhrifum í nýrri verslun

**Sænska fyrirtækið Indiska, sem rekur 95 verslanir á Norðurlöndunum, hefur**

**VERSLUN**
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Sænska verslunin Indiska opnaði í Kringlunni á dögunum en hún selur skandinavíska hönnun sem er innblásin af indversku handverki. Verslunin selur föt, handverk og húsbúnað en fyrsta Indiska-verslunin var opnuð árið 1901. Markaðurinn ræddi við Sofie Gunsolf, forstjóra Indiska, í tilefni af opnuninni.

„Indiska er fyrirtæki sem hefur verið í eigu fjölskyldu minnar í 62 ár. En fyrirtækið er raunar mun eldra því upprunalega verslunin opnaði fyrir 112 árum. Nú eru verslanirnar hins vegar orðnar 95 um alla Skandinavíu og sú nýjasta er hér á Íslandi,” segir Gunsolf og bætir við að verslunin hafi verið stofnuð af sænskum trúboða sem fluttist til Indlands og varð ástfanginn af landinu. Þá segir hún að upphaflega hafi verslunin einungis selt handverk en eftir að afi sinn hafi eignast verslunina hafi hún einnig byrjað að selja föt.

„Afi hafði engin tengsl við Indland en sá viðskiptatækifæri í versluninni. Þegar hann svo fór sjálfur til Indlands varð hann jafn hrifinn af landinu og stofnandinn og fékk þá hugmynd að selja einnig föt í versluninni. Á þeim tíma, sjöunda áratugnum, voru flest föt í Evrópu úr pólýester en hann fór að selja bómullarföt og í kjölfarið óx verslunin mjög hratt.”

Þá segist Gunsolf viss um að verslunin bjóði upp á vörur sem séu einstakar á Íslandi og bætir við að hún hafi lengi haft áhuga á því að opna Indiska-verslun á Íslandi.



**AÐSTANDENDUR VERSLUNARINNAR** Það er þær Sigrún Andersen, Sigríður Ragna Jónsdóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir og Guðrún Scheving Thorsteinsson sem reka verslunina.

Það eru þær Dagbjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Scheving Thorsteinsson, Sigríður Ragna Jónsdóttir og Sigrún Andersen sem standa að opnuninni á Íslandi.

Dagbjört segir þær alsælar með að koma með Indiska til Íslands og bætir við að fyrirtækið sé þekkt fyrir að vera samfélagslega ábyrgt og meðvitað um umhverfisvernd.

Nýtt app



# Við erum komin í 20.000 síma

**Nú hafa 20.000 manns sótt Útvappið í símann sinn! Komdu í hópinn og hlustaðu á FM957, Bylgjuna og X977 hvar og hvenær sem er.**

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

BYLGJAN 989 FM957 X 977

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður og
Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður
vísir

Hin hliðin



ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR

## 29 prósent í eigu kvenna

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að konur hafi síður áhuga á fjárfestingum en karlar og eru þar ýmsar ástæður nefndar. Hér á Íslandi er þetta staðreynd en konur eru alls ekki að gera sig nógu gildandi í fjárfestingum og eru eingöngu 29% af skráðum hlutabréfum einstaklinga á Íslandi í eigu kvenna en karlar eiga 57% (aðrir lögaðilar 14%) samkvæmt tölum frá Kauphöllinni. Hefur hlutabréfaeign kvenna því minnkað töluvert síðan árið 2007 þegar hún var 40% en aftur á móti stendur hún í stað hjá körlunum. En þurfa konur á því að halda að fjárfesta og þarf verðbréfamarkaðurinn í heild sinni á konum að halda?

### Þátttaka kvenna – aukin fjárfesting

Viðskiptasiðferði, tímaskortur, reynsluleysi, fjárráð, óöryggi, áhættufælni, varkárni, þekkingarskortur, áhugaleysi, karlaheimur, og fyrirmyndir – þetta eru nokkrar af ástæðunum sem konur nefna fyrir því að fjárfesta ekki í hlutabréfum. Þetta eru atriði sem stjórnendur á verðbréfamarkaði ættu að taka til sín og huga að því að meira þurfi að leggja á sig til að ná til kvenna. Og já, það er mikilvægt fyrir konur að fjárfesta – mikilvægt að hafa sömu tækifæri til að ávaxta fé sitt og karlar. Ekki er síður mikilvægt að fara fyrir fjármagni og fjárfestingum í framtíðinni til þess að gera sig gildandi í atvinnulífinu.

### Aukin fjárfesting – meiri hagsæld

Svarið við því hvort verðbréfamarkaðurinn eða fjárfestingamarkaðurinn í heild sinni þurfi á konum að halda er einnig jákvætt. Með aukinni þátttöku kvenna aukast umsvifin, enda er það ekki vettvangur með mjög takmörkuðu framboði – það er hægt að stækka kökuna. Ávinningurinn er augljós, aukin fjárfesting hér á landi er eitt af lykilatriðum hagsældar og velferðar.

Eitt af því sem þarf að innleiða í meira mæli í fjárfestingar er samfélagsleg ábyrgð en erlendar rannsóknir hafa sýnt að konur gefa meira fjármagn til baka til samfélagsins en karlar óháð tekjum – í sumum tekjuhópum jafnvel tvöfalt meira. Með aukinni fjárfestingu kvenna mætti því búast við auknu fjármagni til samfélagslegra ábyrgra verkefna. Konur eru einnig líklegri til að fjárfesta til lengri tíma, sem er afar mikilvægt fyrir markaðinn og minnkar líkurnar á annarri hlutabréfabólu.

Með því að efla fjárfestingar kvenna þá aukast umsvifin, áhættumeðvitund eykst og samfélagsleg ábyrgð greinarinnar eykst.






# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Fyrst.is

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**
Verslunar - Skrifstofu - Iðnaðar

og Lagerhúsnæði

- Allar mögulegar stærðir -

**Hafðu samband. jonvikingur@fyrst.is, Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

NONNABITI ...góður biti

**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára.
**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.**

Apartment hotel in 101 RVK, seeks applicants for housekeeping. Both part and fulltime positions available. Please send applications to job@apartmentk.is / Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í þrif. Hlutastörf + full störf. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

**YFIRÞERNA/ HEADHOUSEKEE**
Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir yfirþernu í fullt starf. 100% trúnaði heitið. 1-2 ára starfsreynsla skilyrði. Umsóknir sendast á thjonusta@365.is merkt „yfirþerna"

Hressingarskálinn leitar að reynsluríkum eldhússtarfsmanni í fullt starf og hlutastarf. Áhugasamir sendið ferilskrá á glennmoyle@gmail.com

Leitum að dugmiklum starfskrafti á hjólbarða- og smurstöð Dekkjahallarinnar í Reykjavík. Umsóknareyðublöð í Skeifunni 5 og á dekkjahollin.is

Símabær leitar eftir stundvísum, metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni. Vinnutími er frá 13-18 og annan hvern laugardaga frá 11-15 - Aukning á starfshlutfalli möguleg. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á simabaer@simabaer.is

## Atvinna óskast

Tek að mér að hanna auglýsingarefni fyrir einstaklinga og fyrirtæki. S. 897 3666.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Torfærukeppni í Jósepsdal til styrktar langveikum börnum 26 Maí kl. 13.00 miðaverð 1500 frítt fyrir 12 ára og yngri.

## Einkamál

**UNGUR GAY KK**
feiminn hr. sv. leitar kynna Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8134

**27 ÁRA KONA**
vill skemmta sér. Getur sent myndir. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8542

**KYNF. ÆVINTÝRI?**
Rauða Torgið (frítt að auglýsa), s. 535-9922.

**VERKAMENN**

ERUM MEÐ VANA VERKAMENN
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

**SMIÐIR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

ICEWEAR ICELAND

## Lagerstarfsmaður

**Icewear, óskar eftir að ráða starfsmann á lager og útkeyrslu**

Í starfinu felst m.a. tiltekt pantana, móttaka á vörum og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Um er að ræða framtíðarstarf. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, hraustur og áreiðanlegur.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá skal senda á netfangið: icewear@icewear.is og agust@icewear.is fyrir 25. maí

**Um Icewear:** Icewear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanförum árum hefur fyritækið þróað útvistarlínu sem er seld í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjunum Icewear og Norwear. Víkurprjón er alfarið í eigu Drífu ehf.

Vissir þú að...
börn eiga rétt
á vernd og umönnun

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Kaplaskjólsvegur 64 – Hæð m.aukaíbúð.**




Sérhæð og ris ásamt útleiguíbúð í bakhúsi í þessu fallega húsi teiknuðu af Halldóri H. Jónssyni. Íbúðin er 119 fm og bakhúsið er 68,1 fm eða samtals 187,1 fm. Gólflötur er ca. 200 fm þar sem efri hæð er mikið undir súð. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 15. maí milli kl. 17:00 og kl. 18:00.** **V. 52,9 M.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

**heimili FASTEIGNASALA**



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali

**Seljavídeó til sölu**



Vel staðsettur söluturn á rótgrónum stað nálægt tveimur grunnskólum í þéttri íbúðabyggð. Öflug dvd-leiga, spilakassar og lottó. Stigvaxandi íssala með ísvél frá Kjörís. Turbochef ofn fyrir pizzur, franskar og samlokur. Nammibar og pylsupottur. Gott leiguhúsnæði á sanngjörnu verði. Góðir möguleikar fyrir úttsjónarsama rekstraraðila.

Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson s: 699-3444

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

**Gefðu vatn**

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Skipulags stofnun

## Kísilverksmiðja í Helguvík

Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar
Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum fyrir kísilverksmiðju í Helguvík með ársframleiðslu allt að 100.000 tonn samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Helstu niðurstöður Skipulagsstofnunar eru að útreikningar á dreifingu helstu mengunarefna í matsskýrslu sýndu að mengun reiknast alls staðar neðan viðmiðunarmarka reglugerða. Skipulagsstofnun telur í því ljósi að framkvæmdaraðili geti staðið við þær fullyrðingar að styrkur helstu mengunarefna verði innan marka gildandi reglugerða. Það breytir ekki því að starfsemin felur í sér töluverða losun mengunarefna og mun rýra loftgæði nokkuð. Jafnframt ber að hafa í huga að tiltölulega skammt er að nyrsta hluta þéttbýlisins í Reykjanesbæ og því brýnt að fylgst verði vel með styrk helstu mengunarefna á svæðinu sem og mögulegum afleiddum áhrifum þeirra. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að áætlanir um vöktun verði í starfsleyfi frá upphafi. Skipulagsstofnun telur í ljósi óvissu í dreifingarspá fyrir heildarlosun mengunarefna allra fyrirtækja á Helguvíkursvæðinu að vafasamt sé að draga of miklar ályktanir af matsskýrslu varðandi samlegð kísilverksmiðjunnar og annarra verksmiðja á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur jafnframt að það sé mjög brýnt að vakta svæðið umhverfis Helguvík frá gangsetningu fyrsta áfanga verksmiðjunnar. Þar sem fyrirhugað er að reisa álver og kísilver á sama svæði er ljóst að mengunarálag á svæðinu mun aukast verulega. Skipulagsstofnun hvetur til þess að sameiginlegri vöktun á áhrifum beggja fyrirtækjanna verði komið á ekki síst í ljósi óvissu um samlegðaráhrif þeirra.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Stakksbrautar 9 ehf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

Skipulagsstofnun

GRUNNSKÓLINN HÓLMAVÍK

## Grunnskólinn á Hólmavík

**Við Grunn- og Tónskólann á Hólmavík vantar kennara og stuðningsfulltrúa til starfa skólaárið 2013-2014**

- Meðal kennslugreina er íslenska, stærðfræði, tungumál og íþróttir.
- Einnig vantar stuðningsfulltrúa til að vinna með nemendum á skólatíma og í lengdri viðveru nemenda.
- Við tónskólann eru lausar tvær stöður tónlistarkennara.

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að hafa kennsluréttindi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakarvottorð.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ þegar um kennarastöðu er að ræða en samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vegna stöðu stuðningsfulltrúa.
**Umsóknarfrestur er til 18. maí 2012.**

**Nánari upplýsingar veita**
Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, skólastjóri,
sími 451 3129 og 698 0929
Ingibjörg Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri,
sími 451 3129 og 695 4743

Umsóknum með starfsferilsskrá og afrit prófskírteina þar sem við á ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist Huldu I. Rafnarsdóttur á skolastjorar@holmavik.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

*Grunnskólinn á Hólmavík er samrekinn grunn- og tónskóli með um 80 nemendum í 1. – 10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum.*
*Í Strandabyggð búa tæplega 520 manns þar af 380 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúrufegurð mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík sem er um 3 tíma akstur.*

# Yngsti prófessorinn við læknadeild HÍ

**Sigurður Yngvi Kristinsson er yngsti prófessorinn við læknadeild Háskóla Íslands í dag. Hann fagnar fertugsafmæli sínu á morgun með fjölskyldu og vinum.**

Sigurður Yngvi Kristinsson er nýráðinn prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og sá yngsti sem gegnir stöðu prófessors við deildina í dag.

Sigurður Yngvi lauk námi við læknadeild HÍ árið 2000 og flutti í kjölfarið til Svíþjóðar þar sem hann stundaði sérnám og doktorsnám í blóðsjúkdómum við hina virtu Karolinska-stofnun í Stokkhólmi. Hann segir dvölina í Svíþjóð hafa verið góða og ber háskólasjúkrahúsinu vel söguna.

„Þetta er einn besti háskóli heims og þar eru mörg og góð tækifæri til þess að stunda rannsóknir. Mér og fjölskyldu minni leið mjög vel í Stokkhólmi, það er gott að ala upp börn þar og Svíar hugsa vel um mann," segir Sigurður Yngvi. Hann og kona hans eiga saman þrjú börn á aldrinum fimm til fjórtán ára. Fjölskyldan flutti aftur til Íslands í júlí í fyrra og hóf Sigurður Yngvi störf við HÍ um haustið. „Við sjáum alls ekki eftir því að hafa flutt aftur heim. Líklega toguðu fjölskyldan, vinirnir og landið í mann."

Sigurður Yngvi sinnir fyrst og fremst rannsóknarstarfi við háskólann ásamt hópi doktorsnema, en er einnig sérfræðingur í blóðsjúkdómum á Landspítalanum. Hann og teymi hans rannsaka tiltölulega sjaldgæfan sjúkdóm er nefnist mergæxli, en hér á landi greinast um 20 manns með sjúkdóminn á ári.

„Það er til forstig mergæxlis sem er heldur algengt og margir eru með þetta forstig án þess að vita af því. Ég nota gögn um þetta forstig talsvert mikið til að skilja betur fylgikvilla og horfur sjúkdómsins. Þó að engin lækning sé til við sjúkdómnum eru lífslíkur sjúklinga miklu betri núna en þær voru fyrir nokkrum árum. Planið er að byggja upp öflugan rannsóknarhóp í kringum þessar rannsóknir. Þetta verður mitt ævistarf," segir Sigurður Yngvi, sem hefur fengið fjölda styrkja til að geta sinnt þessu rannsóknarstarfi áfram.

Ungi læknaprófessorinn fyllir 40 árin á morgun og hyggst fagna stórafmælinu með fjölskyldu sinni og vinum. „Ég hugsa að ég hitti nokkra vini í hádegismat og eyði svo kvöldinu með fjölskyldu minni. Ég held svo gott afmælispartý seinna í sumar," segir hann að lokum. sara@frettabladid.is



**YNGSTI PRÓFESSORINN Í LÆKNADEILD** Sigurður Yngvi Kristinsson er yngsti prófessor læknadeildar HÍ. Hann stundar meðal annars rannsóknir á mergæxli við skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---

✝



Elskuleg móðir okkar,

**HREFNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Stóra-Klofa,**

lést á uppstigningardag 9. maí. Jarðarförin fer fram frá Skarðskirkju í Landssveit laugardaginn 18. maí kl. 14.00.

**Kristján Árnason og Inger Nielsen**
**Ruth Árnadóttir og Grétar N. Skarphéðinsson**

---

✝



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,

**ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON**
**frá Bjargi, Sandgerði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Hvalsneskirkju, föstudaginn 17. maí kl. 13.00.

**Karen Olga Ársælsdóttir** **Einar Þór Egilsson**
**Daníel Máni Einarsson**
**Ellen María Einarsdóttir**
**Aðalsteinn Guðmundsson**

---

✝



Okkar ástkæra eiginkona, mamma, tengdamamma, amma, langamma og systir,

**KRISTÍN HERMANNSDÓTTIR**
**Langagerði 128,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar 12. maí að Sunnuhlíð. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 17. maí kl. 13.00.

**Sæmundur Bæringsson**
**Bæring Sæmundsson** **Ragnhildur Elín Ágústsdóttir**
**Ágústa Ingibjörg Sæmundsdóttir** **Mark E. Wiles**
**Geir Sæmundsson** **Marianne Culbert**
**Eydís Björg Sæmundsdóttir** **Hólmgeir Hólmgeirsson**
**Helga Hermannsdóttir** **Sævar Friðþjófsson**
**börn og barnabörn.**

---

✝



Eiginkona mín, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**AÐALSTEINA HELGA MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Grund í Eyjafirði,**

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð 7. maí verður jarðsungin frá Grundarkirkju þriðjudaginn 21. maí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Gísli Björnsson**
**Bjarni Aðalsteinsson**
**Hildur Arna Grétarsdóttir**
**Margrét Ragna Bjarnadóttir Lauritzen**
**Sigríður Birna Bjarnadóttir**
**Helga Aðalbjörg Bjarnadóttir**
**Magnús Ingvar Bjarnason**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

**TUMI TICH DU**

lést á Droplaugarstöðum 3. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju við Fjörgyn, 112 Reykjavík fimmtudaginn 16. maí kl. 10.00.

**Cheg Wushueng Ywrée**
**Áki Kim Feng Yu** **Dísa Chau Buu Truong**
**Óli Lin Kam Yu** **Anna Yung Yueh Lin**
**Xiuyun Yu** **Chuantong Wu**
**Ása Mei Ling Yu**
**Árni Hao Vinh Yu**
**Ásgeir Huy Vinh Yu**
**Ari Luong Vinh Yu**
**Wing Wa Yu**
**Wing Kit Yu**
**Deyi Wu** **Anni Li**
**Yanzhen Wu** **Bingshun Chen**
**Yanping Wu**
**Heitung Huang**
**Yuwei Chen**

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

---

✝



Okkar ástkæra,

**SIGRID VALTINGOJER**

lést miðvikudaginn 8. maí í Berlín. Minningarathöfn hennar á Íslandi verður tilkynnt síðar.

**Fyrir hönd vina og vandamanna,**
**Birgit Guðjónsdóttir**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**UNNUR JÓNSDÓTTIR**
**Hjallabraut 21, Hafnarfirði,**

lést miðvikudaginn 8. maí. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 17. maí kl. 15.00.

**Beatrice Helga** **Anna Marie**
**Cathrine Ann** **Paul Jón**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---

✝



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, amma og langamma,

**ANDREA ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR**
**Þórðarsveig 5,**

kvaddi okkur að kvöldi uppstigningardags 9. maí 2013 á líknardeild Landspítalans, Kópavogi. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigurður Óskar Klein** **Leona Klein**
**Jens Kristján Klein** **Brynhild Leivsdóttir Klein**
**Elías Erlingsson** **Anný Gréta Þorgeirsdóttir**
**Þórgnýr Thoroddsen** **Rúna Vala Þorgrímsdóttir**
**Elín Ása Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Hróbjartur Sigurðsson** **Susanne Sigurdsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KARÍTAS JÓNSDÓTTIR**
**Brekkugötu 54, Þingeyri,**

verður jarðsungin frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 18. maí kl. 14.00.

**Ragnar Kjaran Elísson** **María Kristjánsdóttir**
**Hanna Laufey Elísdóttir** **Bjarki Laxdal**
**Ósk Elísdóttir** **Jóhann Dalberg Sverrisson**
**Friðfinnur Elísson** **Guðrún Fjóla Kristjánsdóttir**
**Þröstur Kjaran Elísson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR ÞÓRÐUR SÆMUNDSSON**
**rafvirki,**
**Mávahlíð 33,**

sem lést miðvikudaginn 8. maí, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 16. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á félag hjartasjúklinga, Hjartaheill.

**Jónína Sigurðardóttir**
**Vigdís Sjöfn Ólafsdóttir**
**Sigurður H. Ólafsson** **Guðfinna Hákonardóttir**
**Hafdís Ólafsdóttir** **Guðmundur Már Ragnarsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför sonar okkar, bróður, barnabarns, uppeldisbróður og frænda,

**SIGURÐAR INGA FOLDAR SIGURÐSSONAR.**

Guð blessi ykkur öll.

**Anný Helena Hermansen** **Kolbeinn Hreinsson**
**Sigurður Stefán Foldar Ómarsson**
**Bjarni Sigurðsson**
**Sindri Már Kolbeinsson**
**Kolbeinn Þór Kolbeinsson**
**Kristín Birna Kolbeinsdóttir**
**Auður Erla Högnadóttir** **Ólafur Sigurþórsson**
**uppeldissystkini, frændsystkini og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, afa og langafa,

**GUNNARS ÞORBERGS HANNESSONAR**
**Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund fyrir hlýju og alúð.

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigurður Gunnarsson** **Ólöf G. Ásbjörnsdóttir**
**Helga Árnadóttir**
**Óli Ragnar Gunnarsson** **Ragnheiður Júlíusdóttir**
**Heimir Gunnarsson** **Ragnhildur Birgisdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.









# Þekking og hagsæld

## Aðalfundur Bandalags háskólamanna

Föstudaginn 17. maí 2013
í Rúgbrauðsgerðinni Borgartúni 6

Opin dagskrá frá kl. 9:00-12:00

Skráning á **bhm@bhm.is**

DYNAMO REYKJAVÍK

## DAGSKRÁ

**Ávarp**
**Guðlaug Kristjánsdóttir,** formaður BHM.

**Danska „Videnpilot“ verkefnið og áhrif þess á atvinnumöguleika háskólamenntaðra í Danmörku**
**Rasmus Conradsen,** Akademikerne í Danmörku kynnir verkefnið og árangur þess.

Verkefni danskra stjórnvalda „Videnpilot“ (Þekkingarfrumherji) hefur reynst skilvirk leið til að efla bæði nýsköpun og atvinnu í Danmörku. Áætlunin felur í sér að smærri fyrirtæki fá skilgreindan launastyrk til að nýráða háskólamenntaðan einstakling. Í erindinu verður gefin innsýn í verkefnið, uppruni þess rakinn og farið yfir greiningu á áhrifum þess. Jafnframt verður því velt upp hvernig nýta mætti og yfirfæra lærdóm af reynslunni í Danmörku, ef sambærilegt verkefni yrði tekið upp á Íslandi.

**Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi**
**Ragna Árnadóttir,** formaður samráðsvettvangsins og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar.

Ragna Árnadóttir kynnir tilurð og fyrirkomulag vettvangsins og lýsir ásamt Ásthildi Otharsdóttur sem situr í sjálfstæðri verkefnisstjórn hans, tillögum sem lagðar hafa verið fyrir samráðsvettvanginn um uppbyggingu alþjóðageirans á íslenskum vinnumarkaði. Í alþjóðageiranum er að finna stærstu vaxtartækifæri íslensks atvinnulífs, sem byggja á eflingu nýsköpunar, rannsókna og þróunar og öflugu samspili menntunar og vinnumarkaðar.

**Af Kjarakönnun BHM**
**Ævar Þórólfsson,** sérfræðingur hjá Maskínu.

Bandalag háskólamanna

# Í KVÖLD
## BLÓMSTRANDI SJÓNVARPSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:




20:05
HIÐ BLÓMLEGA BÚ
Glæný þáttaröð um meistarakokk frá Manhattan sem snýr aftur í íslenska sveit til að kynnast íslenskri matarmenningu.



21:05
GREY'S ANATOMY
Þetta magnaða sjúkrahúsdrama er vinsælasta erlenda efnið á Stöð 2 – og ekki að ástæðulausu.



21:50
RED WIDOW
Lokaþátturinn í hörkuspennandi þáttaröð um konu sem er gift inn í mafíuna.



22:00
GULL ØRNEN
Vinsælir danskir spennuþættir sem fjalla um Hallgrím Örn, hálf-íslenskan mann sem rannsakar alþjóðaglæpi.



22:00
BÍÓ THE A TEAM
Hópur hermanna freistar þess að fá uppreisn æru eftir að hafa verið ranglega sakaðir um glæp.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 HD


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 |
| 8 | 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 6 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 | 8 | 9 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 7 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 3 | 2 | 6 |
| 3 | 1 | 9 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 9 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 | 9 | 7 |
| 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 6 | 5 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Meistarar verða ekki til í leikfimisalnum. Meistarar verða til úr því sem býr dýpst í þeim sjálfum, ástríðu, draumi, hugsjón. Þeir þurfa að hafa bæði leikni og vilja. En viljinn verður að vera sterkari en leiknin.**

*Muhammad Ali*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** sót, **6.** mannþvaga, **8.** of lítið, **9.** mak, **11.** átt, **12.** eiturlyf, **14.** húrra, **16.** haf, **17.** tilvist, **18.** annríki, **20.** gyltu, **21.** þráður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lof, **3.** átt, **4.** glettnislegur, **5.** kvk nafn, **7.** biðja ákaft, **10.** blóðhlaup, **13.** óvild, **15.** óviljugur, **16.** verkfæri, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ösku, **6.** ös, **8.** van, **9.** kám, **11.** na, **12.** krakk, **14.** bravó, **16.** sæ, **17.** líf, **18.** önn, **20.** sú, **21.** garn.
**LÓÐRÉTT: 1.** bökk, **3.** sv, **4.** kankvís, **5.** una, **7.** sárbæna, **10.** mar, **13.** kal, **15.** ófús, **16.** sög, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Sergei Karjakin yfirspilaði Levon Aronian og vann í fjórum fyrstu umferðunum á ofurmótinu í Sandnesi í Noreg. Hér átti Karjakin leik.**



**Svartur á leik** Hér hefðu margir leikið 33...dxe2 en þá nær hvítur mótspili með 34. Dh5+ og 35. Dxe2. Þess í stað lék Karjakin 33...d2! og eftir 34. Bxd2 Hxd2 35. e6 Hd1+ 36. Bf1 Dxe6 37. Dh5+ Kf8 38. Rc3 Dc6 gafst Aronian upp.

**skak.is** Hægt er að fylgjast með gangi mála á Sandnesi á www.skak.is.

# Rokka

## TILBOÐ Á HANNYRÐAVÖRUM DAGANA 15. - 18. maí

nýtt
takmarkað magn



Reynolds létt lopi
**80,kr.**
takmarkað magn

Reynolds lopi
**98,kr.**
takmarkað magn



Lanett baby ull
**570,kr.**
verð áður 713,-



Petit mandarin
**498,kr.**
verð áður 618,-



**20%**
afsláttur
af öllum Knit pro settum



Plötulopi
**345,kr.**
verð áður 431,-



**50%**
afsláttur
af öllum ÝR-blöðum



**50%**
afsláttur
af öllum TINNU-blöðum
nema nr.32



Smart
**468,kr.**
verð áður 584,-



**50%**
afsláttur
af völdum prjónablöðum



Léttlopi
**218,kr.**
verð áður 267,-

VISA
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

Tilboð gilda til laugardagsins 18. maí

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga www.FJARDARKAUP.is



FINNBOGI PÉTURSSON MYNDLISTAMAÐUR

# Dvalið í draumahöll borgarstjóra

**Hljóðupptaka af nætursvefni Jóns Gnarr borgarstjóra verður leikin í Höggmyndagarðinum í sumar. Upptakan er hluti af hljóðskúlptúr Finnboga Péturssonar á sýningu sem verður opnuð á á laugardag.**

Ég er að reyna að komast að kjarna borgarinnar og maður kemst ekki mikið nær kjarnanum en að borgarstjóra í djúpsvefni,“ segir Finnbogi Pétursson um sýningu sem hann opnar í Höggmyndagarðinum við Nýlendugötu á laugardag.

Í miðjum garðinum verður komið fyrir gömlum ljósastaur og á hann hengdar tvær tæplega hálfrar aldar hátarabjöllur úr gamla hljóðkerfi Reykjavíkurborgar. Finnbogi fékk leyfi Jóns Gnarr borgarstjóra til að hljóðrita nætursvefn hans og mun upptakan óma úr hátalarabjöllunum í garðinum í sumar.

„Hugmyndin er fólk komi í garðinn á hvaða tíma sem er, leggist og láti sig dreyma með borgarstjóranum,“ segir Finnbogi.

Hann segist hafa viljað fanga stundina þar sem fulltrúi borgarinnar, sjálfur borgarstjórinn, stígur úr hinum daglega heimi og inn draumaheiminn þar sem hann endurhleður sig yfir nóttina.

„Jón tók vel í þetta og var svo vænn að hleypa mér svona nálægt sér. Ég lét hann hafa upptökutæki, kenndi honum á það og sýndi honum hvar hann ætti að stilla því upp. Svo lagðist hann til hvílu og fór í gegnum öll stig svefnsins sem við förum í gegn á hverri nóttu til að endurhlaða kerfið.“

Upptakan af svefni borgarstjóra um átta klukkustundir verður leikin í sífellu allan sólarhringinn þar til í ágúst þegar sýningunni lýkur. Nágrannar þurfa þó ekki að óttast ónæði af völdum verksins.

„Ég er ekki að „blasta“ neinu. Upptakan er mjög lágstemmd; þetta er aðallega þögn eða hægur andardráttur, brotin upp með einstaka hrotu. Af öðrum verkum mínum er þetta líklega einna mest í ætt við hljóðskúlptúr sem ég gerði á aldarafmæli Halldórs Laxness. Þar var meginuppistaðan upptaka af upplestri Halldórs þar sem ég hafði klippt út öll orðin en spilaði bara þögnina.“

Skúlptúrinn er öðrum þræði nostalgíuverk.

„Ég fór stundum í bæinn með pabba á þjóðhátíðardaginn þegar ég var strákur og man vel eftir hátarabjöllunum, það má meðal annars sjá þeim bregða fyrir á 40 til 50 ára gömlum myndum af þjóðhátíðarhöldum í Reykjavík,“ segir Finnbogi en hann bjargaði bjöllunum frá förgun fyrir nokkrum árum og hefur haft þær í garðinum hjá sér síðan.

Finnbogi hefur verið í hópi fremstu myndlistarmanna landsins um nokkurt skeið og einbeitt sér að hljóðtengdum innsetningum, til dæmis verkið Diabolus sem hann sýndi á Feneyjatvíæringnum 2001 sem fulltrúi Íslands. Hann segist þó aldrei hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að vera hljóðlistamaður.

„Hver hugmynd og hvert verk hafa einfaldlega leitt mig að því næsta. Þetta er eins og að setja niður fræ sem verður að tré sem maður tekur afleggjari af og þegar yfir lýkur er kominn skógur. Svona er það með alla kreatíva vinnu, þar sem hugmyndirnar skarast og tvístrast. Ég er bara myndlistarmaður með mikinn áhuga á hljóði og það hefur leitt mig á þennan stað, að reyna að hljóðtengja allt.“

Sýning Finnboga í Höggmyndagarðinum verður opnuð á laugardag klukkan 12.



➜ Hvernig sefur þessi maður á nóttunni? Gestir geta komist að því í Höggmyndagarðinum við Nýlendugötu í sumar, jafnvel lagst í grasið og látið sig dreyma með borgarstjóranum.

## FRUMSTÆÐ HLJÓÐ ÚR NÁTTÚRUNNI

Auk sýningar Finnboga verður sýning sænska myndlistarmannsins Pers Svensson opnuð hjá Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur klukkan 12 á laugardag. Sýningin nefnist „The Forces of Nature // Icelandic Document II“.

Svensson er fæddur í Gautaborg í Svíþjóð árið 1965. Hann er gestalistamaður hjá SÍM og hefur unnið nýtt höggmynda- og hljóðverk í verkstæði Myndhöggvarafélagsins fyrir sýninguna. Í verkinu fjallar hann um náttúruöflin og geómetrísk form eða frumstæð hljóð úr náttúrunni. Verk Svenssons er unnið úr upptökum sem hann tók upp á ferð sinni um Íslandi í júlímánuði árið 1981. Það byggir á eldra verki Svensson, „The Iceland Document“, frá sama ári. Listamaðurinn verður viðstaddur opnunina en sýningin stendur einungis yfir næstu helgi.



# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 15. MAÍ 2013**

### Tónleikar

**19.30** Strætókórinn verður með vortónleikar sína í Áskirkju. Þetta verða síðustu tónleikarnir kórsins fyrir norrænt söngmót spor- og strætisvagnastjóra sem haldið verður í Reykjavík dagana 13. júní til 16. júní.

**20.00** Útskriftartónleikar Einars Bjarts Egilssonar í Fella - og Hólakirkju. Einar útskrifast með BMus-gráðu í píanóleik frá Listaháskólanum í vor. Á efnisskrá eru meðal annars verk eftir Beethoven, Nielsen og Chopin. Allir velkomnir.

**20.00** Útskriftartónleikar Lilju Bjarkar Runólfsdóttur frá tónlistardeild Listaháskólans í Þjóðleikhúsinu. Verk Lilju, sem útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum er tónlistin við dansverkið Eyja sem útskriftarnemendur í dansi sýna. Einnig miðvikudaginn 15. maí kl. 17 og 20.

**20.00** Kirkjukór Lágafellssóknar og Karlakór Kjalnesinga heldur sameiginlega tónleika í Bústaðakirkju. Um er að ræða fjáröflunartónleika í tilefni Færeyjaferðar kórsins 17. til 24. maí. Einsöngvarar eru Maríus Sverrisson og fleiri. Íslenskar perlur og sungið smá á færeysku. Aðgangseyrir kr. 2.000. Ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

**20.00** Söngsveitin Víkingar heldur sína árlegu vortónleika í Safnaðarheimilinu í Sandgerði. Yfirskrift tónleikanna er: Frá okkur til ykkar með sumarkveðju. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**20.30** Hinir árlegu vortónleikar Karlakórs Keflavíkur fara fram í Ytri-Njarðvíkurkirkju.

**21.00** Kvartettinn Kvika skemmtir á Café Rosenberg.

### Bókmenntir

**20.15** Ljóðahópur Gjábakka flytur Ljóðadagskrá á Kaffi Catalínu í Hamraborg. Flutt verða ljóð úr nýútkominni



SVAVAR KNÚTUR

bók skáldanna, sem hlaut nafnið Ljóðflæði. Allir eru velkomnir og án endurgjalds. Ljóðbækurnar verða boðnar til sölu áritaðar.

**20.30** Meistaranemar í ritlist og hagnýtri ritstjórn standa fyrir teiti í tilefni af útgáfu sýnisbókar þeirra, Hvísl, á farfuglaheimilinu Loft, Bankastræti 7 í Reykjavík. Þar munu höfundar lesa úr verkum sínum auk þess sem tónlistarmennirnir Svavar Knútur og Jónas Sigurðsson stíga á stokk.

### Tónlist

**21.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur klúbbtónleika á Munnhörpunni í Hörpu á vegum Jazzklúbbsins Múlans.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

Kirkjukór Lágafellssóknar og Karlakór Kjalnesinga
halda tónleika í Bústaðakirkju í kvöld kl. 20
í tilefni Færeyjaferðar kórsins 17. til 24. maí.
Falleg lög, einsöngur og dúettar.
Miðaverð kr. 2.000
Ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU
EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS
LADDI LENGIR LÍFIÐ





„Þarna rifjaðist upp fyrir manni hversu mikill snillingur Laddi er... Það komast fáir með tærnar þar sem hann hefur hælana..."
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
#laddilengirlifid
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í DAG!
Miðaverð er 3.900 kr. Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.
sena

№27 2013
Listahátíð í Reykjavík
Þú heyrðir það fyrst á Listahátíð
Bang on a Can All-Stars í Eldborg 17. maí
www.listahatid.is




Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · Landsvirkjun · TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun · BRIM Seafood

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10.40

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| STAR TREK 3D | 5.20, 8, 10.40(P) | 12 |
| MAMA | 8, 10.10 | 16 |
| IRON MAN 3 3D | 8, 10.40 | 12 |
| LATIBÆR | 6 | L |
| OBLIVION | 5.30 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
„STÓRFENGLEG" ★★★★ EMPIRE
„ALDEILIS RUSSIBANI, ÞESSI MYND. SJÁÐU HANA!" ★★★★ T.V. - BÍÓVEFURINN
„FRÁBÆR" ★★★★ FILM
„EXHILARATING" ★★★★ THE GUARDIAN
STAR TREK INTO DARKNESS 3D
J.J. ABRAMS ER MÆTTUR MEÐ BESTU HASARMYND ÞESSA ÁRS!
FRÁ MARVEL ÞEIM SEM FÆRÐU OKKUR AVENGERS
KEMUR FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS
ROBERT DOWNEY JR. GWYNETH PALTROW BEN KINGSLEY GUY PEARCE
IRON MAN 3
RYAN GOSLING BRADLEY COOPER EVA MENDES RAY LIOTTA
THE PLACE BEYOND THE PINES
★★★★★ NEW YORK OBSERVER ★★★★★ THE PLAYLIST
GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND Í ANDA DIE HARD
OLYMPUS HAS FALLEN
★★★★ H.S. - MBL
ÓFEIGUR gengur aftur

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 2D | KL. 7:20 - 10:10 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 2D | KL. 4:40 - 7:30 - 10:20 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 7:30 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:10 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:10 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:40 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
STAR TREK INTO DARKNESS
LÚXUS
EVIL DEAD

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| NUMBERS STATION | KL. 8 | 16 |
| MAMA | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| LATIBÆR | KL. 4 | L |
| SCARY MOVIE | KL. 6 | 14 |
| OBLIVION | KL. 10.10 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| NUMBERS STATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| EVIL DEAD | KL. 10.10 | 18 |
| THE CALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 - 8 | 14 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MAMA | KL. 8 - 10 | 16 |
| NUMBERS STATION | KL. 6 - 8 | 12 |
| EVIL DEAD | KL. 10 | 14 |
| THE CALL | KL. 6 | 16 |




# Girðingarlykkjurnar

**BAKPANKAR**
Svavar Hávarðssonar



**FYRIR** fáeinum dögum hlustaði ég á sögu sem gerði mig bæði reiðan og dapran í senn. Hér á ég við umfjöllun Kastljóssins um hugmyndir forsvarsmanna Heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði um lokun hjúkrunarheimilisins Tjarnar á Þingeyri vegna fjárskorts. Í stuttu máli þá stóð til að loka heimilinu í sumar til að spara fáeinar milljónir – og heimili er hérna lykilorðið. „Aðgerðin" fólst einfaldlega í því að rífa gamalt fólk út af heimili sínu og setja það í geymslu á sjúkrahúsi til þess að spara kerfinu vasapeninga. Ég ætla ekki að rekja þessa sögu nákvæmlega – það hefur þegar verið gert afburða vel og með þeirri niðurstöðu að það „fundust peningar" sem komu í veg fyrir fyrrnefnda lokun. Því skal þó haldið til haga að hér var ekki um einsdæmi að ræða.

**HITT** langar mig að nefna og það er spurningin um hvernig þessi hugmynd náði upphaflega flugi. Hvernig þróast samtal ráðamanna um það hvernig eigi að brjóta á þeim grundvallarmannréttindum fólks að fá að vera í friði á eigin heimili? Að ræna fólk því mikilvægasta á þessu æviskeiði – nefnilega friðnum í sálinni. Mátuðu þessir góðu menn hugmyndina við sjálfan sig? Lögðu þeir í það að meta hvaða þýðingu eitt stutt sumar getur raunverulega haft í þessu samhengi? Það er mér til efs.

**EN** getur verið að þessi saga hafi mun djúpstæðari merkingu en sést við fyrstu sýn? Er hún ekki aðeins ein birtingarmynd mun víðtækara skeytingarleysis okkar yngri í garð þeirra kynslóða sem eru komnar að marklínunni?

**ÞESSA** dagana er okkur tíðrætt um forsendubrest og nauðsynlegar leiðréttingar á skuldbindingum. Í einhverjum tilfellum á það rétt á sér – þó að þau séu sennilega miklu færri en sumir vilja vera láta. En mitt í þeim skylmingum öllum, gætum við þá sammælst um eitt. Að sýna þeim sem ganga um eins og girðingarlykkjur eftir erfiði síðustu áratuga tilhlýðilega virðingu. Mér segir svo hugur um að þau eigi það skilið – þótt ekki sé nú tekið dýpra í árinni.

# Vildu ekki sitja og bíða eftir krabbameini

Leikkonan Angelina Jolie ritaði grein í New York Times í gær þar sem hún greindi frá því að hafa fjarlægt bæði brjóstin fyrr á árinu til að fyrirbyggja brjóstakrabbamein. Valdís Konráðsdóttir fór í brjóstnám af sömu ástæðu fyrir einu og hálfu ári síðan.



**OPNAÐI SIG Í NEW YORK TIMES** Grein Angelinu Jolie sem birtist í New York Times í gær vakti athygli en þar sagðist hún hafa látið fjarlægja bæði brjóst sín til að fyrirbyggja brjóstakrabbamein. Leikkonan fræga fór í þrjár aðgerðir og sú síðasta var núna í apríl. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég sé ekki eftir að hafa farið í þessa aðgerð enda mikill léttir að lifa ekki í skugga krabbameinsins lengur," segir Valdís Konráðsdóttir sem lét fjarlægja brjóst sín fyrir einu og hálfu ári síðan eftir að upp komst að hún væri með genið BRCA1.

Í gær birtist grein eftir Angelinu Jolie í New York Times þar sem leikkonan greindi frá því að hún hefði látið fjarlægja á sér bæði brjóstin í þeim tilgangi að fyrirbyggja brjóstakrabbamein. Jolie ákvað að opna sig um ferlið til að miðla reynslu sinni til annarra kvenna. Móðir Jolie lést úr brjóstakrabbameini 56 ára gömul eftir áratuga langa baráttu við sjúkdóminn.

„Ég er með genið BRCA1, sem stóreykur líkur á brjósta-og leghálskrabbameini. Læknarnir töldu að líkurnar á að ég fengi brjóstakrabbamein væru 87 prósent og líkurnar á leghálskrabbameini væru um 50 prósent," skrifar Jolie en hún fór í fyrstu aðgerðina þann 2. febrúar síðastliðinn. Við tók þriggja mánaða ferli með þremur stórum aðgerðum en sú síðasta var í apríl.

Saga Valdísar svipar til Jolie. Valdís fór í blóðprufu eftir að móðir hennar hafði fengið brjóstakrabbamein tvisvar sinnum. Hún var ein af systkinum sínum sem greindist með BRCA1-genið og tók þá við aukið eftirlit. „Mér var strax greint frá því að brjóstnám væri möguleiki en ég lét eftirlitið duga fyrst. En það tók á að fara í skoðun á sex mánaða fresti og bíða eftir niðurstöðum. Þegar móðir mín greinist með meinvörp í beinum, þrátt fyrir mikið eftirlit, blasti raunveruleikinn við," segir Valdís sem vildi ekki sitja og bíða eftir krabbameininu. „Mig létti rosalega eftir aðgerðirnar. Auðvitað er þetta smá mál, bæði líkamlega og andlega, en það skiptir höfuðmáli að hafa góðan stuðning og húmorinn að vopni. Ég er mjög ánægð með útkomuna og skammast mín ekki að fara í sund." Með aðgerðunum minnkaði Jolie líkurnar á brjóstakrabbameini frá 87 prósentum niður í 5. Hún hrósar maka sínum, Brad Pitt, fyrir að hafa staðið þétt við bakið á sér meðan á ferlinu stóð en hann var viðstaddur allar aðgerðirnar. „Við finnum öll til vanmáttar þegar við heyrum orðið krabbamein. Í dag er hins vegar hægt að taka blóðprufu og sjá hverjar líkurnar eru á brjósta-og leghálskrabbameini."

Bataferlið hjá Valdísi gekk vel en meðal annars voru geirvörtur myndaðar úr eyrnasneplum og með náttúrulegu húðflúri. „Við erum nokkrar sem höfum farið í fyrirbyggjandi brjóstnám sem erum að velta fyrir okkur að búa til samtök. Það skiptir miklu máli fyrir þær konur sem greinast með þetta erfðagen að fá upplýsingar frá konum sem hafa gengið í gegnum þetta. Það er mjög gott að þetta sé komið í umræðuna."

SLÓ Í GEGN Á ÞÝSKUM KVIKMYNDADÖGUM
HANNAH ARENDT
JAGTEN
EFTIR ÓMAR RAGNARSSON
IN MEMORIAM
BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| IN MEMORIAM? | (L) | 23:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50 |
| ON THE ROAD | (L) | 22:00 |
| FUCK FOR FOREST | (16) | 18:00 |
| FOR YOU NAKED | (L) | 20:00 |
| ÍSLENSKAR STUTTMYNDIR | (L) | 22:00 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!



**FAKTORÝ** Tónleika- og skemmtistaðurinn Faktorý heldur þúsundasta viðburðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þúsundasti viðburðurinn

Í tilefni af þúsundasta viðburði tónleika- og skemmtistaðarins Faktorý verður boðið til stórveislu hvítasunnudaginn 19. maí. Til að fagna þessum merka áfanga verða fluttir inn plötusnúðarnir wAFF frá útgáfunni Hot Creations og De Puta Madre frá útgáfunni DPM. Þeim til halds og traust verða Dj Margeir, BenSol og Rix. Frítt verður inn í boði Smirnoff og Tuborg. Viðburðurinn er liður í því að minna fólk á mikilvægi þessa þriggja ára tónleikastaðar, sem samkvæmt nýju deiluskipulagi Reykjavíkurborgar þarf að víkja fyrir risa hóteli.



**BEYONCÉ OG JAY-Z** New York Post segir hjónin eiga von á barni.

# Segja Beyoncé aftur ólétta

Dagblaðið New York Post telur sig hafa traustar heimildir fyrir því að söngkonan Beyoncé Knowles sé ólétt að öðru barni hennar og rapparans Jay-Z. Fyrir eiga hjónin dótturina Blue Ivy, sem fæddist í janúar á síðasta ári.

Auk þess að nefna til sögunnar ónefnda heimildarmenn bendir New York Post á kjólinn sem Beyoncé klæddist á tískuviðburði Metropolitan Museum of Art í New York í síðustu viku, en sá þótti kjörinn til að fela óléttubumbu.

Söngkonan hefur oftsinnis rætt um löngun sína til að eignast fleiri börn í viðtölum.

## Einn af hverjum hundrað

„Tæplega einn af hverjum hundrað hér á landi ber breytingu í BRCA2-geninu," segir Vigdís Stefánsdóttir, erfðaráðgjafi á Landspítala. Breyting í BRCA2-geni er mun algengari hér á landi en breyting í BRCA1-geni, en sú seinni er algengari annars staðar úti í heimi. Breytingar í báðum þessum genum auka líkur á ákveðnum tegundum krabbameina. Vigdís segir að krabbamein sem verður til vegna breytinga í BRCA1-geni vaxi gjarnan hraðar en þau sem verða vegna breytinga í BRCA2-geni. Hún hefur starfað sem erfðaráðgjafi á Landsspítalanum síðan árið 2006 og segir að frá ársbyrjun 2007 hafi um 700 manns komið í krabbameinserfðaráðgjöf sem er samvinna lyflækningasviðs og erfða- og sameindalæknisfræðideildar. „Við byrjum á að skoða ættarsöguna og ef ástæða þykir til tökum við blóðprufu," segir Vigdís og bætir við að þeir sem greinast með breytingu í BRCA-genum standi mjög gott eftirlit til boða hér á landi. „Þær sem enda á að fara í brjóstnám gera það ekki nema að vel athuguðu máli."

**458** þúsund manns deyja árlega úr brjóstakrabbameini samkvæmt Alþjóða heilbrigðisstofnuninni (WHO).

Ástæður fyrir erfðaráðgjöf vegna krabbameina geta verið:

- Sterk ættarsaga.
- Æxli hafa greinst í pöruðum líffærum (báðum brjóstum t.d.).
- Tvö eða fleiri (sjaldgæf) æxli greinast í sama einstaklingi eða nánum ættingjum.
- Ráðþegi hefur áhyggjur vegna fjölskyldulægs krabbameins.
- Æxli greind hjá ungum einstaklingum, yngri en meðaldur fyrir viðkomandi krabbamein.
- Sams konar eða skyld æxli hjá mörgum í sömu fjölskyldu.
- Krabbamein sem greinast vísa í ákveðin heilkenni.
- Læknir telur fjölskyldusögu ráðþega gefa tilefni til.



**MIKILL LÉTTIR** Valdís Konráðsdóttir fór í brjóstnám eftir að hafa greinst með sama gen og Jolie, BRCA1, og segir mikinn létti fylgja því að lifa ekki í skugga krabbameins lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






## Súper-sigurmark Þórdísar

Breiðablik, Stjarnan og Selfoss eru með fullt hús eftir tvær fyrstu umferðirnar í Pepsi-deild kvenna í fótbolta en önnur umferðin fór fram í gærkvöldi. Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, til hægri, tryggði Blikum 1-0 sigur á Val með frábæru skoti.
Harpa Þorsteinsdóttir skoraði fyrra markið og lagði upp það síðara þegar Stjarnan vann 2-1 útisigur á Íslandsmeisturum Þór/KA. Harpa hefur komið að öllum fimm mörkum Stjörnunnar í sumar.
Shaneka Gordon skoraði þrennu þegar ÍBV vann 7-2 stórsigur á nýliðum HK/Víkings í Eyjum en ÍBV-liðin eru þar með búin að vinna þrjá fyrstu heimaleiki sumarsins. Selfoss er búið að vinna tvo fyrstu leiki sína undir stjórn Gunnars Rafns Borgþórssonar eftir 2-1 sigur á FH í Kaplakrika.



## Íslenskir liðsfélagar þýskir meistarar í fyrsta sinn í 35 ár

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel tryggðu sér í gær þýska meistaratitilinn í handbolta. Kiel vann sannfærandi sex marka sigur á Guðmundi Guðmundssyni og lærisveinum hans í Rhein-Neckar Löwen, 31-25, í uppgjöri tveggja efstu liða deildarinnar. Kiel er með fimm stiga forskot á Löwen sem er í 2. sæti en Löwen-liðið á aðeins tvo leiki eftir og getur því ekki náð Kiel. Alfreð gerði Kiel því að meisturum í fjórða sinn á fimm árum. Kiel vann einnig þýska bikarinn og er komið í úrslit í meistaradeildinni. Það stefnir því í enn eitt frábært tímabil hjá Alfreð og lærisveinum hans.
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði þrjú mörk í leiknum og Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk. Guðjón Valur varð í kvöld þýskur meistari í fyrsta sinn á ferlinum en Aron var að vinna titilinn í þriðja sinn.
Guðjón Valur og Aron léku í gær eftir 35 ára gamalt afrek Axel Axelssonar og Ólafs H. Jónssonar þegar þeir unnu þýska meistaratitilinn sem liðsfélagar. Axel og Ólafur unnu þýska titilinn með Dankersen árið 1977. Axel skoraði þá sigurmarkið í hreinum úrslitaleik um titilinn. - óój



**FAGNAÐ Í GÆR** Aron Pálmars dansar sigurdansinn. NORDICPHOTOS/BONGARTS

## ÚRSLIT

### PEPSI-DEILD KVENNA

**ÞÓR/KA - STJARNAN 1-2**
0-1 Harpa Þorsteinsdóttir (10.), 0-2 Elva Friðjónsdóttir (27.), 1-2 Mateja Zver (65.)

**ÍBV - HK/VÍKINGUR 7-2**
1-0 Shaneka Gordon (7.), 2-0 Gordon (9.), 3-0 Rosie Sutton (11.), 4-0 Bryndís Jóhannesdóttir (38.), 5-0 Bryndís Hrönn Kristinsdóttir (48.), 6-0 Ana Maria Escribano Lopez (62.), 6-1 Íris Dóra Snorradóttir (81.), 7-1 Shaneka Gordon (85.), 7-2 Karen Sturludóttir (86.).

**AFTURELDING - ÞRÓTTUR 2-0**
1-0 Lára Kristín Pedersen (74.), 2-0 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (83.)

**BREIÐABLIK - VALUR 1-0**
1-0 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (64.)

**FH - SELFOSS 1-2**
1-0 Ashlee Hincks (27.), 1-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (53.), 1-2 Tiana R Brockway (83.)

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**ARSENAL - WIGAN 4-1**
1-0 Lukas Podolski (11.), 1-1 Shaun Maloney (45.), 2-1 Theo Walcott (63.), 3-1 Podolski (68.), 4-1 Aaron Ramsey (71.). Nýkrýndir bikarmeistarar Wigan eru þar með fallnir.

**READING - MANCHESTER CITY 0-2**
0-1 Sergio Agüero (40.), 0-2 Edin Dzeko (88.).

### STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. United | 37 | 28 | 4 | 5 | 81-38 | 88 |
| Man. City | 37 | 23 | 9 | 5 | 64-31 | 78 |
| Chelsea | 37 | 21 | 9 | 7 | 73-38 | 72 |
| Arsenal | 37 | 20 | 10 | 7 | 71-37 | 70 |
| Tottenham | 37 | 20 | 9 | 8 | 65-46 | 69 |
| Everton | 37 | 16 | 15 | 6 | 54-38 | 63 |
| Liverpool | 37 | 15 | 13 | 9 | 70-43 | 58 |
| West Brom | 37 | 14 | 6 | 17 | 48-52 | 48 |

visir.is
Allt um leiki gærkvöldsins

# Eilífsliturinn fer mér vel

Baldur Sigurðsson er leikmaður annarrar umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði bæði mörk KR í 2-0 sigri á hans gamla félagi, Keflavík. Baldur var að glíma við magavírus fyrir leikinn.

**FÓTBOLTI** Baldur Sigurðsson átti stórleik þegar KR hafði betur gegn Keflavík, 2-0, suður með sjó um helgina. Hann skoraði bæði mörkin í leiknum og var þess utan yfirburðamaður á miðsvæðinu, þar sem hann spilaði sem varnartengiliður.

„Mér líður vel en það eru bara tveir leikir búnir og ég ætla ekki að ofmetnast," sagði Baldur í samtali við Fréttablaðið í gær. Þess má geta að hann skoraði einnig tvö mörk í Keflavík fyrir tveimur árum en í báðum leikjum léku KR-ingar í appelsínugulu varabúningunum sínum. Baldur hefur skorað fleiri mörk í varabúningnum sem líkist búningi hans uppeldisfélags, Eilífi í Mývatnssveit þar sem hann er uppalinn.

„Jú, það er rétt," sagði Baldur spurður um líkindin við gamla búninginn en hann spilaði með Eilífi þar til hann var fjórtán ára og fór til Völsungs á Húsavík. „Þetta virðist bara fara mér vel," bætti hann við í léttum dúr.

### Meiðslafrír í vetur

Síðan þá hefur Baldur spilað með Keflavík og Bryne í Noregi en hann kom árið 2009 til KR þar sem hann hefur verið lykilmaður. Hann segist ánægður með líkamlegt form sitt nú.

„Helsti munurinn á mér nú og áður er að ég hef yfirleitt verið að glíma við einhver meiðsli á undirbúningstímabilinu. Það var ekki tilfellið nú og því var ég í toppformi þegar tímabilið hófst," segir Baldur sem var þó veikur fyrir leikinn gegn Keflavík.

„Ég fékk magavírus og var með hita í þokkabót, en gat sem betur fer spilað. Ég reyndar verð að viðurkenna að ég er enn frekar slappur en ég læt það ekki stoppa mig. Ég mætti á æfingar og verð klár í næsta leik," segir Baldur en KR mætir Þór á heimavelli sínum á fimmtudagskvöldið. Þór hefur tapað báðum leikjum sínum til þessa en Baldur varar við vanmati.

„Þórsarar veittu okkur harða mótspyrnu í deildinni fyrir tveimur árum og þeir verða bara enn erfiðari fyrir vikið eftir tvo tapleiki í röð. Ég á því von á erfiðum leik og við verðum að passa okkur á því að koma inn í leikinn af fullum krafti."

Nú þegar tveimur umferðum er lokið í Pepsi-deildinni hefur það helst komið Baldri á óvart hversu stórir sigrar hafa litið dagsins ljós.

„Yfirleitt eru fyrstu leikir tímabilsins jafnir og miklir baráttuleikir. En við höfum bara fengið eitt jafntefli og nokkra mjög sannfærandi sigra. Eyjamenn hafa komið skemmtilega á óvart og virðast jafnvel vera með betra lið en menn töldu fyrir fram," segir Baldur. „Annars hafa úrslitin verið nokkurn veginn eftir bókinni og hefur það komið mér örlítið á óvart."

eirikur@frettabladid.is

### Lið umferðarinnar

| | |
|---|---|
| Róbert Örn Óskarsson | FH |
| Jóhann Laxdal | Stjarnan |
| Eiður Aron Sigurbjörnsson | ÍBV |
| Bjarni Guðjónsson | KR |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | Valur |
| Haukur Páll Sigurðsson | Valur |
| Baldur Sigurðsson | KR |
| Tonny Mawejje | ÍBV |
| Bradley Simmonds | ÍBV |
| Óskar Örn Hauksson | KR |
| Atli Guðnason | FH |



**FAGNAR** Baldur Sigurðsson fagnar marki í appelsínugulum varabúningi KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

POTTURINN STEFNIR Í

110.000.000
+2.090.000.000

2200 MILLJÓNIR

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 110 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 2.090 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

FÍTON / SÍA




www.somi.is
FESKT Á HVERJUM DEGI
SÓMI SVÍKUR ENGAN
Samloka frá Sóma er búin til handa þér úr besta hráefni sem er fáanlegt og að sjálfsögðu er brauðið beint úr ofninum.
Þú færð ferska og gómsæta samloku frá Sóma á hverjum degi í næstu verslun.
SÓMA
SÓMI

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl 18.30
**Úrslitaleikurinn í Evrópudeildinni**




Bein útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni. Það eru Benfica og Chelsea sem mætast á Amsterdam Arena í Hollandi. Chelsea sigraði í Meistaradeildinni síðastliðið vor og stefnir á að bæta enn einum bikarnum í safnið. Benfica er með feiknarsterkt lið og hefur oft reynst enskum liðum erfiður andstæðingur.



### Philanthropist
**STÖÐ 2 KL. 22.35** Páttaröð sem segir frá milljarðamæringnum og glaumgosanum Teddy Rist, sem lifir skrautlegu lífi í skugga sorgar, en hann missti einkabarnið sitt. Líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann bjargar lífi ungs drengs.

TV.COM 8,5 IMDb 7,0



### Cheers
**SKJÁR EINN KL. 19.50** Endursýningar frá upphafi á þessum vinsælu þáttum um kráareigandann og fyrrverandi hafnaboltahetjuna Sam Malone, skrautlegt starfsfólkið og barflugurnar sem þangað sækja.

TV.COM 8,8 IMDb 7,8



### Stöð 2 Bíó kl. 20.20
**BOWFINGER** Bobby K. Bowfinger er misheppnaður kvikmyndaframleiðandi í Hollywood. Bobby er staðráðinn í að slá í gegn og leggur allt í sölurnar.

IMDb 6,3 Rotten Tomatoes 80%

### Bylgjan kl. 16-18.30
**Reykjavík síðdegis**



Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson taka fólk tali og ræða málefni líðandi stundar.


**dyson**

*Hágæða pokalausar ryksugur, mjög öflugar handryksugur og hljóðlátar glæsilegar viftur. Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.*



Sem verkfræðingar verðum við að sjá handan við núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er í raun drifkrafturinn hjá Dyson – ný hugsun sem leysir hversdagsleg vandamál. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina á þessum forsendum. Ég vissi að það hlyti að vera betri leið en gamla stíflaða tæknin. Einhverjum 5.127 frumgerðum síðar, hafði ég lausnina."

James Dyson

JAMES DYSON
uppfinningarmaður cyclone vacuum tækninnar



**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími**
**08.05** **Malcolm In The Middle** *(2:22)*
**08.30** **Ellen** *(145:170)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(81:175)*
**10.15** **Privileged** *(18:18)*
**11.00** **Cougar Town** *(17:22)*
**11.25** **Modern Family** *(1:24)*
**11.50** **Grey's Anatomy** *(11:24)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Suits** *(10:12)*
**13.45** **Chuck** *(9:13)*
**14.30** **Hot In Cleveland** *(3:10)*
**14.55** **Last Man Standing** *(10:24)*
**15.15** **Big Time Rush**
**15.40** **Tricky TV** *(11:23)*
**16.05** **Nornfélagið**
**16.30** **Tommi og Jenni**
**16.50** **Bold and the Beautiful**
**17.10** **Nágrannar**
**17.35** **Ellen** *(146:170)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Big Bang Theory** *(4:23)*
**19.40** **New Girl** *(23:24)*
**20.05** **Hið blómlega bú** Ný íslensk þáttaröð um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenskri sveitasælu ásamt framleiðendum þáttanna, Bryndísi Geirsdóttur og Guðna Páli Sæmundssyni. Árni eldar fjölbreytilega rétti úr íslensku hráefni.
**20.40** **Go On** *(16:22)*
**21.05** **Grey's Anatomy** *(23:24)*
**21.50** **Red Widow** *(8:8)*
**22.35** **Philanthropist** *(4:8)*
**23.20** **NCIS** *(21:24)*
**00.05** **Grimm** *(5:22)*
**00.50** **Sons of Anarchy** *(9:13)*
**01.35** **The Closer** *(20:21)*
**02.20** **American Horror Story** *(3:12)*
**03.10** **Fringe** *(7:22)*
**03.55** **Partition**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## 2 BÍÓ

**11.55** **Real Steel**
**14.00** **Hetjur Valhallar - Þór**
**15.20** **Bowfinger**
**16.55** **Real Steel**
**19.00** **Hetjur Valhallar - Þór**
**20.20** **Bowfinger**
**22.00** **The A Team**
**00.00** **Into the Blue**
**01.50** **Black Swan**
**03.35** **The A Team**

## 2 GULL

**20.00** **Einu sinni var** *(5:22)*
**20.30** **Örlagadagurinn** *(1:30)*
**21.00** **Krøniken** *(16:22)*
**22.00** **Ørnen** *(16:24)*
**23.00** **Einu sinni var** *(5:22)*
**23.30** **Örlagadagurinn** *(1:30)*
**00.05** **Krøniken** *(16:22)*
**01.05** **Ørnen** *(16:24)*
**02.05** **Tónlistarmyndbönd**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00** **Þýski handboltinn: Kiel - RN Löwen**
**16.40** **ÍBV - Breiðablik**
**18.30** **Benfica - Chelsea** *Bein útsending*
**21.00** **Kiel - RN Löwen**
**22.20** **Pepsi mörkin 2013**
**23.35** **Benfica - Chelsea**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.35** **Everton - West Ham**
**18.15** **QPR - Newcastle**
**19.55** **Premier League Review Show 2012/13**
**20.50** **Sunnudagsmessan**
**22.05** **Stoke - Tottenham**
**23.45** **Everton - West Ham**

## 2 krakkar

**07.15** UKI **07.20** Strumparnir **07.45** Waybuloo **08.05** Svampur Sveinsson **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.40** Ofurhundurinn Krypto **10.00** Histeria! **10.25** Lukku láki **10.50** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Kalli kanína og félagar **11.05** M.I. High **11.35** Ofuröndin **11.55** Sorry I've Got No Head **12.20** iCarly *(7:25)* **12.45** Victorious **13.05** Big Time Rush **13.25** Lalli **13.40** Refurinn Pablo **13.45** UKI **13.50** Strumparnir **14.15** Waybuloo **14.35** Svampur Sveinsson **15.25** Áfram Diego, áfram! **15.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.15** Histeria! **16.35** Lukku láki **17.00** Doddi litli og Eyrnastór **17.10** Kalli kanína og félagar **17.15** Ofurhundurinn Krypto **17.40** Ofuröndin **18.05** M.I. High **18.30** Sorry I've Got No Head **18.55** iCarly *(7:25)* **19.15** Victorious Hollywood Arts. **19.40** Big Time Rush

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Á ferð og flugi

## POPP TÍVÍ

**17.00** **Simpson-fjölskyldan** *(10:22)*
**17.25** **Íslenski listinn**
**17.50** **Sjáðu**
**18.15** **Pretty Little Liars** *(8:22)*
**19.00** **Friends**
**19.25** **Two and a Half Men** *(11:24)* Charlie og Jake sannfæra Alan um að skipta um stíl í von um að hann haldi áfram að lifa lífinu. Charlie og Alan eru hins vegar mjög ósammála um hvaða útlit hæfi Alan.
**19.45** **Simpson-fjölskyldan**
**20.10** **The Cleveland Show** *(4:22)*
**20.35** **Funny or Die** *(5:10)* Önnur seríán af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum frá Will Arnett og HBO, byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.00** **FM 95BLÖ**
**21.20** **Arrow** *(18:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.05** **Dollhouse** *(13:13)*
**22.50** **The Cleveland Show** *(4:22)*
**23.15** **Funny or Die** *(5:10)*
**23.45** **FM 95BLÖ**
**00.10** **Arrow** *(18:23)*
**00.55** **Dollhouse** *(13:13)*
**01.40** **Tónlistarmyndbönd**

## RÚV

**14.30** **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva**
**16.40** **Læknamiðstöðin** *(8:22) (Private Practice V)*
**17.25** **Franklín** *(56:65)*
**17.47** **Geymslan** *(2:28)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Brúnsósulandið** *(8:8) (Land-et brunsås)* Sænsk þáttaröð um matarmenningu.
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Leiðin til Malmö** *(2:2)* Þáttur um ferð íslenska hópsins í Söngkeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Malmö.
**20.20** **Martin læknir** *(8:8) (Doc Martin 5)*
**21.05** **Kiljan**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Kattadansflokkurinn** *(Cat Dancers)* Bandarísk heimildamynd um Kattadansarana, einn fyrsta sýningahópinn sem var með tígrisdýr í skemmtiatriðum sínum, og hörmuleg slys sem bundu enda á feril þeirra.
**23.35** **Listahátíð 2013** Kynningarþáttur um Listahátíð í Reykjavík sem stendur yfir dagana 17. maí til 2. júní.
**00.05** **Kastljós**
**00.25** **Fréttir**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.10** **America's Funniest Home Videos** *(31:48)*
**07.35** **Everybody Loves Raymond** *(24:25)*
**07.55** **Cheers** *(4:22)*
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **Dynasty** *(22:22)*
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**16.00** **Charlie's Angels** *(7:8)*
**16.45** **Design Star** *(7:10)*
**17.35** **Dr. Phil**
**18.15** **Once Upon A Time** *(19:22)*
**19.00** **America's Funniest Home Videos** *(42:48)*
**19.25** **Everybody Loves Raymond** *(25:25)*
**19.50** **Cheers** *(5:22)* Endursýningar.
**20.15** **Psych - NÝTT** *(1:16)* Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna.
**21.00** **Solsidan** *(8:10)*
**21.25** **Blue Bloods** *(12:22)*
**22.10** **Common Law - NÝTT** *(1:12)* Skemmtilegur þáttur sem fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn.
**23.00** **The Borgias** *(2:9)*
**23.45** **The Walking Dead** *(14:16)*
**00.35** **Lost Girl** *(7:22)*
**01.20** **Excused**
**01.45** **Blue Bloods** *(12:22)*
**02.35** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00**ESPN America **07.10** The Players Championship **2013** *(3:4)* **12.10** Golfing World **13.00** The Players Championship **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship **2013** *(4:4)* **21.35** Inside the PGA Tour *(20:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(19:45)* **23.45** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


RITZ
Undirstaðan að góðu júróvisíon

## BÓKIN



**„Ég er bara með matreiðslubækur á náttborðinu núna og ein af þeim er mjög fín eftir hina sænsku Leilu Lindholm.“**

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, matarbloggari og nemi

# Búinn að kaupa koníakið fyrir Nick Cave

Tómas Young, skipuleggjandi All Tomorrow's Parties, er kominn með kröfulista söngvarans Nicks Cave.

Nick Cave and The Bad Seeds eru á meðal þeirra hljómsveita sem koma fram á tónlistarhátíðinni All Tomorrow's Parties sem fram fer helgina 28. til 29. júní. Líkt og venja er hefur tónlistarmaðurinn lagt fram kröfulista fyrir komu sína og segir Tómas Young, skipuleggjandi hátíðarinnar, að listinn sé hvorki langur né óraunhæfur.

Nick Cave spilaði síðast á Íslandi árið 2006 og varð þá uppi fótur og fit þegar í ljós kom að gleymst hafði að kaupa koníak handa söngvaranum. Tómas þekkir söguna vel en tekur fram að hún muni ekki endurtaka sig í sumar. „Árið 2006 gleymdist að kaupa koníakflösku fyrir hann og það varð tíu mínútna seinkun á tónleikunum á meðan verið var að hafa upp á réttu flöskunni. Þegar hún fannst var henni hent upp í leigubíl og ekið upp í Laugardalshöll. Nick fékk sér nokkra sopa, lét braka í fingrunum og sagðist svo vera tilbúinn. Ég ákvað að vera með vaðið fyrir neðan mig og er búinn að kaupa flöskuna sem er af tegundinni Rémy Martin,“ segir Tómas og hlær.

Nick Cave er á tónleikaferðalagi um þessar mundir og kemur fram á Glastonbury hátíðinni daginn eftir tónleikana í Ásbrú. Með honum í för er um tuttugu manna fylgdarlið og er hópurinn sá fjölmennasti sem kemur til landsins í tengslum við hátíðina. „Hljómsveitin sjálf er fjölmenn og því eðlilegt að hópurinn sé stór,“ útskýrir Tómas. - sm



NICK CAVE



**GLEYMIST EKKI** Tómas Young hefur þegar keypt koníaksflösku sem var á kröfulista Nicks Cave.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Kröfulisti Nicks Cave

■ Ávextir ■ Vatn ■ Kex ■ Kaffi og te ■ Gosdrykkir






# Hætt við tökur á Algjörum Sveppa 4

Kvikmyndasjóður Íslands ákvað að styrkja ekki fjórðu Sveppamyndina.

„Þetta er pínu leiðinlegt. Við vitum að það eru margir krakkar að bíða eftir þessu og maður hafði heyrt út undan sér að Kvikmyndasjóður ætti að einblína svolítið á barnamyndir,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi.

Hætt hefur verið við framleiðslu á kvikmyndinni Algjör Sveppi og Gói bjarga málunum því hún fékk ekki styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands. Ákvörðunin kom Sveppa og félögum í opna skjöldu því síðustu þrjár myndir í seríunni hafa allar fengi styrki frá sjóðnum. Þær hafa einnig notið mikilla vinsælda hjá ungu kynslóðinni og seldust um 30 þúsund miðar á síðustu mynd.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir mánuði að undirbúningur fjórðu myndarinnar væri í fullum gangi, tökur ættu að hefjast í lok maí og frumsýning væri fyrirhuguð í september. Anna Svava Knútsdóttir hafði einnig ákveðið að leika í myndinni en núna verður ekkert af tökunum. „Maður lærir vonandi af þessu að fara ekki af stað fyrr en svarið er komið,“ segir Sveppi og á við svarið frá Kvikmyndasjóði.

Skipulagning Sveppa-myndanna, í leikstjórn Braga Hinrikssonar, hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár og því hefur stefnan verið sett á að gera aðra tilraun á næsta ári. „Við viljum taka upp í maí og júní og eiga möguleika á að frumsýna í september. Við erum með suma leikara sem eru í leikhúsum og þess vegna hefur verið ágætt að gera þetta þegar þau eru að klárast.“

Aðspurður segist Sveppi ekki vita nákvæmlega hvað sótt var um mikinn styrk. „Við höfum alltaf fengið eitthvað smá, allavega nóg til þess að fara af stað. Þetta er alltaf svolítið dýrt og við viljum vera með fleiri tæknibrellur en í myndinni á undan.“ freyr@frettabladid.is



**GLAÐUR Á FRUMSÝNINGU** Sveppi glaður í bragði á frumsýningu þriðju myndarinnar fyrir tveimur árum. Anna Svava Knútsdóttir átti að leika í nýju myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### 100 þúsund miðar seljast á Sveppa



Alls hafa 100 þúsund miðar selst á Sveppamyndirnar þrjár síðustu ár. Rúmlega 30 þúsund miðar seldust á Algjöran Sveppa og leitina að Villa árið 2009, tæplega 40 þúsund seldust á Algjöran Sveppa og dularfulla hótelherbergið árið 2010 og rúmlega 30 þúsund á Algjöran Sveppa og töfraskápinn 2011. Hún var jafnframt vinsælasta íslenska myndin það árið.






# Spurninganördar í húsnæðisleit

Spurningakeppnin Drekktu betur flytur líklega frá Bar 46 eftir þriggja ára dvöl.

„Það er ekki búið að reka okkur út,“ segir rithöfundurinn Ævar Örn Jósepsson.

Hann er einn þeirra sem standa á bak við spurningakeppnina Drekktu betur sem hefur verið haldin á Bar 46 við Hverfisgötu undanfarin þrjú ár. Keppnin hafði þar áður verið á Grand rokki sáluga í sjö ár, en keppnin var með þeim fyrstu af slíkum spurningakeppnum til að ná fótfestu í skemmtanalífi borgarbúa. Nýir eigendur eru að taka við staðnum með nýjar áherslur, sem gæti þýtt endalok keppninnar þar. „Það eru að koma ungir og sprækir strákar sem hafa hugsað sér að gera breytingar sem henta ekki þessu ráðsetta, íhaldssama nördagengi sem sækir þessa keppni,“ segir Ævar Örn.

„En þetta er allt í góðu og þetta eru ágætisdrengir. Við erum bara að skoða landslagið og athuga hvort það er til annar staður þar sem væri hægt að gera þetta áfram á föstudagskvöldum með svipuðu sniði og verið hefur.“

Ævar Örn tekur fram að dvölin á Bar 46 hafi verið farsæl. „Það hefur ekki dottið úr föstudagur nema það hafi verið föstudagurinn langi eða eitthvað slíkt. Þetta er alveg einstök keppni. Þátttakendur spyrja sjálfir þannig að spurningarnar eru mjög ólíkar í hverri viku, sem gefur þessu mikla fjölbreytni,“ segir hann. - fb

**511**

Drekktu betur verður haldin í 511. sinn á Bar 46 næsta föstudagskvöld.






# Sony Center

www.sonycenter.is

## upplifðu sigur

ný Sony Bravia vörulína




**Frábær myndgæði**
**42" LED Motionflow KDL42W653**

- Full HD 1920x1080 punktar
- 200Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Verð 199.990.-**




5 ára ábyrgð á Sony sjónvörpum



**Ótrúleg skerpa á góðu verði**
**32" LED Motionflow KDL32R423**

- Full HD 1920x1080 punktar
- 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Birtuskynjari stillir myndgæði sjálfvirk

**Verð 119.990.-**

**Örþunnt og flott**
**46" LED Motionflow KDL46R473**

- Full HD 1920x1080 punktar
- 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Birtuskynjari stillir myndgæði sjálfvirkt

**Verð 229.990.-**

**Glæsilegt hágæða sjónvarp**
**47" LED Motionflow KDL47W805**

- Full HD 1920x1080 punktar
- 400Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Verð 389.990.-**

**Endalausir möguleikar**
**55" LED Motionflow KDL55W805**

- Full HD 1920x1080 punktar
- 400Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Verð 499.990.-**

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645

12 mánaða vaxtalaus lán*

*3,5% lántökugjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stelpur rokka

Skráning í rokksumarbúðirnar Stelpur rokka hófst í dag, miðvikudag. Búðirnar eru ætlaðar sem valdeflandi vettvangur fyrir ungar stúlkur þar sem þeim er boðin kennsla í hljóðfæraleik og gefinn vettvangur til að stofna hljómsveitir. Einnig er boðið upp á vinnusmiðjur sem tengjast konum og tónlist, tónleikaheimsóknir frá frægum íslenskum tónlistarkonum og daglega hressingu. „Við vorum með fyrstu búðirnar í fyrra og það gekk ótrúlega vel og við hlökkum mikið til að byrja,“ segir **Áslaug Einarsdóttir**, umsjónarkona Stelpur rokka. Einnig verður boðið upp á búðir á Akureyri og helgarbúðir fyrir konur eldri en 18. Þátttökugjald er frá 15.000 en engri stúlku er vísað frá sökum efnahags. Söfnun fyrir þær stúlkur er í gangi í gegnum vefsíðuna karolinafund.com. - mlþ



### Bjóða upp á Bulsur

Tónlistarhjónin Svavar Pétur Eysteinsson, öðru nafni Prinspóló, og **Berglind Häsler** ætla að bjóða völdum gestum að smakka á nýjum grænmetispylsum, Bulsum, sem þau eru að setja á markað. Á Kex hosteli seinni part fimmtudags fá gestirnir tækifæri til að smakka á þessari nýjung, sem á vafalítið eftir að falla vel í kramið hjá íslenskum pylsuunnendum. -fb



### Mest lesið Vísir

1. Angelina lætur fjarlægja bæði brjóst sín
2. Nauðsyn kynlífsþrælkunnar
3. Skar hjarta úr hermanni og át það
4. Hvetur menn til að mæta í hlýrabol
5. Besti fyrrverandi í heimi
6. Sagan á bak við pilsið hans Einars
7. Neitaði að taka við gildum seðli




